


HALLDÓR
skoðun 16


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




**Elda í hraunsprungu**

*Um tuttugu milljónir fylgdust með íslenskum feðgum elda á glóandi hrauni fyrir japanska sjónvarpsmenn.*


allt





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
8. júlí 2011
157. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Saknaði vatnsins**

*Dóra Takefusa er flutt til Íslands eftir fjögur ár í Kaupmannahöfn.*


fólk 34


**Einstakt á Íslandi**

*Ljóðasetur Íslands verður vígt á Siglufirði í dag.*


tímamót 18




**Öruggt hjá KR**

*KR komst áfram í Evrópudeild UEFA en ÍBV hefur lokið keppni.*


sport 30


**veðrið í dag**




**RÓLEGT** Í dag verður hægur vindur víðast hvar en hvassara NV-til og austast. Súld eða þokuloft við N-og A-ströndina. Stöku skúrir SV-til. Hiti 7-16 stig.


VEÐUR 4


# Lífshættulegar aðstæður í fangelsum

**Fangaverðir lenda reglulega í lífshættu í starfi sínu og kalla eftir úrbótum í fangelsismálum. Hættulegri fangar fylla nú fangelsi landsins. Engin svör fást frá ríkisstjórn um hvenær hafist verður handa við byggingu nýs fangelsis.**

**FANGELSISMÁL** Fangaverðir lenda ítrekað í lífshættulegum aðstæðum við störf sín segir Einar Andrésson, formaður Fangavarðafélags Íslands, sem starfar í Fangelsinu Kópavogi. Hann segir stöðuna vera hrikalega.

„Biðlistinn er langur og menn hafa orðið að grípa til þess úrræðis að losa fyrr út léttari brotamenn, það er að segja þá sem eru frekar til friðs úti í samfélaginu, með því að setja þá í samfélagsþjónustu eða önnur úrræði. Eftir í fangelsum verða miklu þyngri brotamenn og staðan verður alltaf erfiðari og erfiðari."

Sprautufíklum hefur fjölgað mjög í fangelsum landsins og þeim fylgir árátta til að reyna að smygla inn fíkniefnum. Þá eykst hætta á alnæmissmiti, lifrarbólgu C og fleiri sjúkdómum. „Þetta eru hættulegri fangar á allan hátt. Þeir svífast einskis til að ná sér í dóp og það er miklu meira starf í kringum þá."

Einar segir að aðstæður myndu breytast til muna með tilkomu nýs fangelsis. Þá yrði hægt að flokka fólk niður eftir aðstæðum, afeitra fíkniefnaneytendur og vinna að því að koma mönnum á beina braut og bjarga þar með mannslífum. Það sé því mikilvægt að áætlun fangelsisstofnunar um uppbyggingu fangelsa gangi eftir sem fyrst og það muni leysa mörg vandamál sem fangaverðir standi frammi fyrir í dag.

Engin svör hafa fengist frá ríkisstjórninni um hvenær hafist verður handa við uppbyggingu nýs fangelsis. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er deilt um hvort framkvæmdin yrði á vegum einkaaðila eða ríkisins.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist vilja að ríkið reisi og reki fangelsi og það væri ódýrari kostur en rekstur einkaaðila. Málið sé komið frá hans ráðuneyti og á borð ríkisstjórnarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vildi ekki ræða málið við Fréttablaðið og vísaði á innanríkisráðherra. Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

- jss, kóp / sjá síðu 6



**GUÐI SÉ LOF FYRIR GUÐLAXINN** Það var fallegur fiskur sem þeir Kristján Berg og Gunnar Ásgeirsson í fiskbúðinni Fiskikónginum skáru niður í marineringu í gær. Viðskiptavinum verslunarinnar býðst biti af fiskinum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sextíu kílóa guðlax kom í troll frystitogara og verður gefinn í fiskverslun í dag:

# Fallegur fiskur lagður í sósuna

**DÝRALÍF** Brúnin lyftist heldur betur á Kristjáni Berg í fiskbúðinni Fiskikónginum þegar sjómenn af Þór HF færðu honum guðlax í gær. Þessi sextíu kílóa fiskur slæddist í trollið á 400 faðma dýpi, 230 mílur úti af Reykjanesi.

Kristján vildi þó ekki vera einn um dásemdina svo hann ákvað að marinera fiskinn og bjóða viðskiptavinum bita af guðlaxinum á grillið í dag.

„Ég er búinn að vera í þessum bransa síðan 1989 og þetta er í þriðja sinn sem ég fæ guðlax á borð til mín," segir Kristján, sem lært hefur af mistökunum.

„Árið 1991 sendi ég eitt stykki norður og borgaði 80 þúsund kall fyrir að láta stoppa hann upp en síðan hef ég ekki séð hann, þannig að ég ætla bara að gefa hann núna."

Jónbjörn Pálsson, frá nytjasviði Hafrannsóknastofnunar, segir það afar sjaldgæft að guðlax slæðist í trollin. „Það er nú ekki langt síðan ég sá einn en hann var búinn að vera tíu ár í frysti þannig að hann var orðinn ósköp gugginn," segir hann.

Hann beinir þeim tilmælum til Fiskikóngsmanna að bandarískir vísindamenn séu á höttunum eftir bút úr guðlaxi til DNA-rannsókna. Þeir telja að til séu fleiri tegundir af þessum fallega fiski en þær tvær tegundir sem vitað er um í dag.

- jse

Breytingar í Smáralind:

# 500 milljónir í skemmtigarð

**AFÞREYING „Það vantar svona skemmtigarð á Íslandi," segir Eyþór Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins.**

**Risavaxinn skemmtigarður rís nú í Vetrargarðinum í Smáralind. Garðurinn verður á tveimur hæðum og kostnaðurinn er um 500 milljónir króna. Íslenskir fjárfestar koma að verkinu, en ekki fæst uppgefið hverjir þeir eru.**



EYÞÓR GUÐJÓNSSON

**„Þetta er risastór tækniveröld, með öllu því nýjasta sem er að finna í heimi afþreyingar," segir Eyþór, en milligólf verður byggt yfir Vetrargarðinn og Skemmtigarðurinn því rekinn á rúmlega 2.000 fermetra svæði á tveimur hæðum.**

- afb / sjá síðu 26

Notuðust við 19. aldar skrár:

# Engin tæmandi fornleifaskrá

**MENNING** Ísland hefur ekki lokið við tæmandi fornleifskrá, eitt Norðurlandaríkjnna. Við gerð rammaáætlunar þurftu fornleifafræðingar því að reiða sig á heimildaskrá fornleifafræðinga 19. aldar.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, segir stöðuna sorglega en ástæðan sé einföld; ekki hafi verið veitt nauðsynlegum fjármunum til verkefnisins.

Til að ljúka fullnaðarskráningu þarf um 400 milljónir króna, en verkið mun taka um fimm ár. Til að vernda menningarminjar þarf að vita hvar þær eru og í hvaða ástandi. „Það er ótækt og óforsvaranlegt að fornleifafræðingum á 21. öld sé gert að vinna við þessar aðstæður," segir Kristín. Fornleifar 100 ára og eldri gætu verið yfir 200 þúsund.

- shá / sjá síðu 11





Smjörvi
í sérmerktum
umbúðum á
20% lægra
verði




ÉG ER ÓDÝR OG BRAGÐGÓÐ
JÓGÚRT SEM KEMUR Á ÓVART

**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, finnst þér að ein báran hafi ekki verið stök?*

„Nei, enda höfum við sett borð fyrir báru.“

Ólafur William Hand er upplýsingafulltrúi Eimskips, sem hefur beðið fjölmiðla og aðra um að láta af „óvæginni gagnrýni“ á ferðir Herjólfs í Landeyjahöfn.

Mjög lítið mælist af frjókornum á Akureyri en mjög mikið í Reykjavík:

# Óvenjulega mikið af birkifrjói

**NÁTTÚRA** Mjög mikið hefur verið af frjókornum í lofti í Reykjavík það sem af er sumri, segir Margrét Hallsdóttir, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Mjög lítið hefur aftur á móti verið af frjókornum á Akureyri.

„Það hefur verið alveg ótrúlega mikið af frjókornum hér í Reykjavík alveg síðan í maí,“ segir Margrét. Sérstaklega hafi verið mikið um birkifrjó. „Það hefur bæði verið óvanalega mikið og langvarandi tímabil. Yfirleitt er birkitíminn ekki nema tvær til þrjá vikur en nú hefur hann staðið yfir allan júní og var tíu daga af maí líka.“

Sjaldan hafa frjótölur verið hærri, en þær voru einnig mjög háar í fyrra. Margrét segir að það sem af er sumri á Akureyri hafi almennt mælst mjög lítið af frjókornum.

„Mér sýnist að heildarmagnið að birkifrjóum nái að vera í meðallagi, en grasfrjóin alls ekki.“ Hún segist þó telja að margir sem þjáist af frjókornaofnæmi séu mjög fegnir að lítið sé af frjókornum, jafnvel þó að ástæðan sé slæmt veðurfar. **- þeb**



**Á KLAMBRATÚNI** Mikið er af grasfrjóum í loftinu í Reykjavík en nánast ekkert fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sextánda Menningarnóttin:

## Yfirskriftin er Gakktu í bæinn

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Menningarnótt í Reykjavík verður haldin í sextánda sinn 20. ágúst næstkomandi. Þema hátíðarinnar er „Gakktu í bæinn!“

Þemað er sagt vísa til gestgjafahlutverks miðborgarinnar þennan dag um leið og gestir séu hvattir til að ganga í bæinn.

„Reykjavíkurborg býður systurborg sinni Seattle að vera gestasveitarfélag Menningarnætur í ár og fjölbreytt dagskrá frá Seattle verður í Ráðhúsi Reykjavíkur,“ segir í tilkynningu. **- óká**

# Ótryggðum vespum beint á göngustíga

**Óljóst er hvort bótaskylda er til staðar komi til þess að gangandi vegfarandi slasist í rafmagnsvespuslysi. Upplýsingafulltrúi Umferðarstofu segir að þar á bæ hafi menn áhyggjur af vespunum og vonast til þess að þetta verði brátt skýrt.**

**SAMGÖNGUR** Litlar rafmagnsvespur hafa á skömmum tíma orðið algengur fararskjóti meðal barna og unglinga á höfuðborgarsvæðinu. Óvissa er um réttarstöðu bæði ökumanna og gangandi vegfarenda verði vespuslys.

Alma R. R. Thorarensen laganemi birti grein í Fréttablaðinu í gær um þá réttaróvissu sem er um þessar litlu rafmagnsvespur í umferðinni.

„Ég hef undanfarið séð þessar vespur víða innan um gangandi vegfarendur og kannaði í kjölfarið hvort það væri einfaldlega í lagi að vera á þessum farartækjum á til dæmis göngustígum,“ segir Alma og bætir við: „Það reyndist vera þar sem vespurnar eru skilgreindar sem reiðhjól. Þær eru því ekki skráningarskyld ökutæki og þar með ekki heldur vátryggingaskyldar.“

Í kjölfarið segist Alma hafa farið að velta fyrir sér réttarstöðu gangandi vegfaranda sem kynnu að slasast kæmi til áreksturs. „Og raunar jafnframt réttarstöðu ökumannsins því fjölskyldutryggingar taka ekki til tjóns sem orsakast af vélknúnum ökutækjum. Því er í raun óljóst hvort bótaskylda væri til staðar því það má bæði færa rök fyrir því að um vélknúið ökutæki sé að ræða og því að þetta sé ekki vélknúið ökutæki,“ segir Alma.

Litlar rafmagnsvespur komu á markað á Íslandi í fyrravor. Vespurnar sem um ræðir eru ekki skráningarskyldar og því flokkaðar sem reiðhjól þó ökumönnum þeirra sé óheimilt að keyra á vegum. Vespurnar mega vera allt að 60 kílóa þungar og komast á mest 25 kílómetra hraða á klukkustund.



**RAFMAGNSVESPA** Litlar rafmagnsvespur voru settar á markað á Íslandi í fyrravor. Vespurnar eru skilgreindar sem reiðhjól samkvæmt umferðarlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir menn þar á bæ hafa áhyggjur af rafknúnum reiðhjólum og vespum. Bæði Umferðarstofu og lögreglu sé orðið ljóst að það sé full ástæða til að skoða þetta mjög gaumgæfilega og reyna að fyrirbyggja að það hljótist af þessu slys, segir Einar Magnús.

„Það er verið að vinna í þessu en þetta er því miður bara ekki einfalt mál. Ég vænti þess og vona að þetta verði skýrt þegar ný umferðarlög taka gildi,“ bætir Einar við.

Loks segir Einar að margar ábendingar hafi borist Umferðarstofu um ökumenn rafmagnsvespna sem virði ekki þau lög sem þó eru til staðar. „Það hefur sést til lítilla barna jafnvel reiðandi önnur börn sem er vitaskuld bannað, þá keyra margir á þessu úti á götum, og jafnvel án hjálms en börn yngri en fimmtán ára verða að nota hjálm. Þetta þarf einnig að koma í veg fyrir,“ segir Einar.

> Það hefur sést til lítilla barna jafnvel reiðandi önnur börn sem er vitaskuld bannað, þá keyra margir á þessu úti á götum, og jafnvel án hjálms.
>
> EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMFERÐARSTOFU

**magnusl@frettabladid.is**



**FISKIFINGUR Á FÆRIBANDI** Framtakssjóður Íslands, eigandi Icelandic Group, hefur unnið að sölu eigna fyrirtækisins upp á síðkastið.

Söluferli IG hafið vestanhafs:

## Margir fjárfestar áhugasamir

**VIÐSKIPTI** Söluferli á starfsemi Icelandic Group (IG) í Bandaríkjunum og tengdri starfsemi í Kína er formlega hafið.

Bandaríski bankinn Bank of America Merrill Lynch sér um söluna og tengsl við áhugasama kaupendur. Alþjóðlegir fjárfestar og fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sýnt áhuga á eignum Icelandic Group ytra, samkvæmt upplýsingum frá Icelandic Group.

Hópur fjárfesta undir forystu sjávarútvegsfyrirtækisins Pacific Andes frá Hong Kong keypti starfsemi Icelandic Group í Þýskalandi og Frakklandi í síðasta mánuði. **- jab**

Níu handteknir á Norðurbrú:

## Lifði skot- og stunguárás af

**DANMÖRK Níu ungir menn hafa verið handteknir vegna skot- og stunguárásar á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.**

**Árásin átti sér stað í bakaríi á þriðjudag. Fórnarlambið, 26 ára karlmaður, var skotinn þremur skotum í rass, læri og ökkla. Þá var hann stunginn í brjóstkassa. Hann lifði árásina af og er á spítala.**

**Talið er að árásin sé hluti af gengjastríðum í Kaupmannahöfn. Bíll sem flúið var á eftir árásina fannst á miðvikudagsmorgun. Hann stóð þá í ljósum logum ásamt fötum af þeim grunuðu.** **- þeb**

Jóhanna heldur utan:

## Til fundar við Merkel í Berlín

**UTANRÍKISMÁL Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur boðið Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til fundar við sig í næstu viku. Jóhanna heldur utan til fundarins eftir helgi. Þetta staðfestir Hrannar Björn Arnarsson, aðstoðarmaður ráðherrans.**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Hrannar segir að þær Jóhanna og Merkel muni eiga tvíhliða fund í Berlín á mánudag og muni þar ræða ýmis sameiginleg málefni landanna, án þess að vilja fara nánar út í það.**

**Þýskaland er eitt helsta viðskiptaríki Íslands í Evrópu, hefur mikil ítök í Evrópusambandinu og auk þess verður Ísland heiðursgestur á bókamessunni í Frankfurt í haust.** **- sh**

Vextir hækka á evrusvæðinu:

## Getur komið evruríkjum illa

**EFNAHAGSMÁL** Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,25 prósentustig í gær og fara vextir við það í 1,5 prósent. Þetta er önnur vaxtahækkun seðlabankans síðan í apríl.

Hækkunin er í takt við væntingar greiningaraðila upp á síðkastið enda hefur verðbólga og peningamagn í umferð aukist á evrusvæðinu.

Ráðgjafafyrirtækið IFS Greining segir vaxtahækkunina ekki koma á besta tíma, efnahagsbati í Evrópu sé á mjög viðkvæmu stigi og megi ekki við miklum áföllum. Þá geti hækkunin komið Evrópuríkjum í skuldavanda illa ef vaxtastig hækkar. **- jab**






Styttist í að framkvæmdastjórn ESB afgreiði tillögur sínar um nýja fiskveiðistefnu:

# Stefnt að sjálfbærum veiðum

**EVRÓPUMÁL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hyggst leggja til að fiskveiðikvótar verði fyrir fram ákveðnir til nokkurra ára í senn og jafnframt verði framsal kvóta leyfilegt, líkt og tíðkast hefur hér á landi.

Þetta er meðal þeirra hugmynda, sem að sögn Reuters fréttastofunnar er að finna í drögum að nýrri fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Tillögurnar verða kynntar og afgreiddar á fundi framkvæmdastjórnarinnar á miðvikudag í næstu viku.

Markmið breytinganna er að koma í veg fyrir ofveiði, sem hefur verið mikil í sjávarútvegi Evrópusambandsríkjanna. Stefnt er að því að útrýma ofveiði á næstu fjórum árum. Eftir það verði fiskveiðarnar sjálfbærar.

Meðal annars hafa verið viðraðar þær hugmyndir að útgerðarmenn þurfi að sýna fram á ábyrgð sína áður en þeir fá aðgang að miðunum.

Eftir að framkvæmdastjórnin hefur sent frá sér endanlega útgáfu tillagnanna fara þær til umfjöllunar bæði hjá Evrópuþinginu og ráðherraráði Evrópusambandsins.

Endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfis Evrópusambandsins hefur nú staðið yfir í nokkur ár og hafa meðal annars Íslendingar verið hafðir með í ráðum. **- gb**



**FRANSKIR SJÓMENN SPJALLA** Kvótaframsal að íslenskri fyrirmynd er í drögum nýju stefnunnar. NORDICPHOTOS/AFP




# Miðborgin blómstrar!

*Litríkt mannlíf, blómleg menning og iðandi verslun á götum og torgum borgarinnar!*

## Föstudagur 8. júlí

**Jafningjafræðslan býður til veislu á Austurvelli í dag kl.14:00**

*Þeir sem koma fram eru m.a.:*
**Haffi Haff, Raggi Bjarna, Joe and the Dragon og Dansflokkurinn Rebel**
*Boðið upp á pulsur, gos og candy - floss. Glimrandi stemning!*

**Sumartónleikar Símans á Hjartatorgi, Hljómalindarreit kl. 16:00**

**Tónleikar í garði Dillons kl. 17:00**

Síminn

## Laugardagur 9. júlí

**Afríkudagur Veraldarvina á Hjartatorgi, Hljómalindarreit kl. 14:00**

**Sumartónleikar Símans:**
kl. 13:00 að Ingólfstorgi: **Dúettin Heima**
kl. 13:00 að Laugavegi 4 - 6: **Myrra Rós**
kl. 14:00 að Laugavegi 77: **Myrra Rós og dúettin Heima**
kl. 14:30 við Hegningarhúsið Skólavörðustíg: **Bítladrengirnir blíðu**
*(sérstakur gestur: **Eggert feldskeri**)*

**Tónleikar í garði Dillons kl.16:00**
*Fjöldi listamanna kemur fram.*

*Opið grill - allir velkomnir að grípa með sér eitthvað á grillið. Lifandi myndastyttur, hengirúm, sirkusstemning, blöðrur og fánar fyrir börnin.*



***Miðborgin okkar - þar sem hjartað slær!***

## Næg bílastæði í bílahúsum

*Bílastæðahúsin við Traðarkot, Bergstaðastræti og við Stjörnuport efst á Laugavegi, eru opin!*


*Traðarkot*


*Vitatorg*


*Bergstaðastræti*

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

MIÐBORGIN OKKAR

Kraftaverk

## GENGIÐ 07.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,74 | 116,30 |
| Sterlingspund | 184,93 | 185,83 |
| Evra | 165,37 | 166,29 |
| Dönsk króna | 22,167 | 22,297 |
| Norsk króna | 21,374 | 21,500 |
| Sænsk króna | 18,196 | 18,302 |
| Japanskt jen | 1,4286 | 1,4370 |
| SDR | 184,08 | 185,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,2635

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Unga konan sem fæddi barn á Hótel Fróni laus úr gæsluvarðhaldi en úrskurðuð í farbann til 4. ágúst:

# Lifandi fætt en sett látið í sorpgeymsluna

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn og bráðabirgðaniðurstaða krufningar sveinbarns sem fannst látið í sorpgeymslu við hótel í Reykjavík um síðustu helgi þykir benda til þess að barnið hafi fæðst lifandi og heilbrigt. Það hafi látist með voveiflegum hætti og að konan sem fæddi það beri ábyrgð á andláti þess. Eftir það hafi hún sjálf komið því fyrir í geymslunni og allt þetta hafi gerst án þess að aðrir hafi haft eða fengið um það vitneskju.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

### Allt að sex ára fangelsi

Rannsókn lögreglu beinist nú að því að upplýsa hvort mál konunnar kunni að falla undir 212. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar segir:

„Ef móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má, að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands, sem hún hefur komist í við fæðinguna, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.“

Konan var í gær úrskurðuð í farbann til 4. ágúst að kröfu lögreglunnar. Hún var handtekin um síðustu helgi vegna rannsóknar á voveiflegu andláti barnsins sem fannst í geymslunni. Hún var lögð inn á sjúkrahús en færð til skýrslutöku hjá lögreglu á miðvikudag. Þaðan fór hún í gæsluvarðhald á Litla-Hrauni.

Í ljósi þess sem niðurstöður krufningar barnsins leiddu í ljós og kom fram við skýrslutöku yfir konunni þóttu ekki lengur fyrir hendi sömu skilyrði gæsluvarðhalds yfir henni og áður. Hæstiréttur felldi því gæsluvarðhaldsúrskurðinn úr gildi.

Að sögn lögreglu verður kappkostað að ljúka rannsókn málsins sem fyrst og senda rannsóknargögn til ríkissaksóknara til ákvörðunar. Þá verður gætt að því að konan fái læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu í samræmi við þarfir sem læknar meta. **- jss**



**CASEY ANTHONY** Mál hennar hefur vakið hörð viðbrögð í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sýknuð af drápi barns síns:

## Látin laus strax í næstu viku

**BANDARÍKIN, AP** Casey Anthony, 25 ára bandarísk kona sem var grunuð um að hafa myrt tveggja ára barn sitt, verður látin laus í næstu viku.

Kviðdómur komst á þriðjudag að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki myrt barnið, þrátt fyrir að hafa ekki látið vita af hvarfi þess og logið að lögreglu um tildrög hvarfsins.

Hún var handtekin árið 2008 og hefur setið í gæsluvarðhaldi meðan mál hennar hefur verið til umfjöllunar fyrir dómstóli. Hún var í gær dæmd í fjögurra ára fangelsi fyrir að hafa sagt ósatt, en gæsluvarðhaldið og góð hegðun kemur til frádráttar. **- gb**

Sparnaður í heilbrigðismálum:

## Læknislaust á Vopnafirði

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknislaust var á Vopnafirði í fjóra daga í júní vegna sparnaðaraðgerða hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Vopnfirðingar eru óánægðir með að ekki hafi verið fenginn afleysingalæknir í sveitarfélagið.

Í bókun hreppsnefndar er bent á að 135 kílómetrar séu í næsta lækni og um háa fjallvegi að fara til að komast þangað. Því sé óvíst um öryggi sjúklinga. **- þeb**

# Landsbankinn vill ekki taka Olís yfir

**Viðræður standa yfir um endurútreikning á skuldum eigenda Olís. Skuldirnar eru í erlendri mynt og stökkbreyttust í gengishruninu. Eigendurnir greiddu sér 3,4 milljarða í arð á tímabili þegar uppsafnað tap var 1,1 millljarður króna.**

**VIÐSKIPTI** Unnið er að endurskipulagningu skulda eigenda olíuverslunarinnar Olís við Landsbankann. Bankinn hefur ekki í hyggju að ganga að veðum og taka fyrirtækið yfir.

Þeir Einar Benediktsson, framkvæmdastjóri Olís, og Gísli Baldur Garðarsson stjórnarformaður keyptu Olís í gegnum einkahlutafélagið FAD 1830 um mitt ár 2003. Félagið var þá skráð á hlutabréfamarkað. Eftir viðskiptin var það afskráð.

Félag þeirra Einars og Gísla fékk 5,5 milljarða króna í erlendri mynt að láni hjá Landsbankanum og var reksturinn lagður að veði. Skuldir hafa hækkað mikið í gengishruninu. Viðræður, sem munu skammt á veg komnar, snúa að því að breyta erlendum skuldum eigenda félagsins í krónur og hlíta dómi Hæstaréttar um vaxtaútreikninga.

Lánið var upphaflega myntkörfulán til tveggja ára, það var með framlengingarheimild um fjögur ár til viðbótar og því á gjalddaga árið 2009. Samkvæmt ársreikningi 2007 hefur gjalddaginn verið framlengdur fram yfir næsta ár.

Athygli vekur að eigendur Olís greiddu sér samanlagt 3,4 milljarða króna í arð á árunum 2004 til 2009. Á sama tíma nam uppsafnað tap fyrirtækisins rúmum 1,1 milljarði króna.

Arðgreiðslur til FAD 1830 fyrir uppgjörsárið 2003 voru tæplega tvöfalt meiri en hagnaðurinn á sama tíma, tæpir 1,3 milljarðar króna. Þetta var fjórða hæsta arðgreiðslan sem fyrirtæki á Íslandi greiddi út árið 2004, að því er fram kemur í Rannsóknarskýrslu Alþingis. Þá rann allur hagnaður næstu tveggja ára í vasa eigenda.

Arður var ekki greiddur út á árunum 2007 og 2009. Á sama tíma og Olís tapaði tæpum sex milljörðum árið 2008 námu arðgreiðslur hins vegar 625 milljónum króna.

Erfitt er að átta sig á stöðu FAD 1830, þar sem félagið hefur aðeins birt þrjá ársreikninga, fyrir árin 2003, 2006 og 2007. Greiddar hafa verið út í arð samtals 250 milljónir króna til eigenda FAD 1830.

Fram kom í bréfi frá Einari Benediktssyni, framkvæmdastjóra Olís, og lögmanninum Gísla Baldri Garðarssyni, til starfsmanna fyrirtækisins í síðustu viku að þeir hafi nýtt arðgreiðslurnar frá Olís til að greiða niður skuldir FAD 1830.

jonab@frettabladid.is




**EIN AF VERSLUNUM OLÍS** Olís komst í hendur nýrra eigenda um mitt ár 2003. Landsbankinn lánaði þeim 5,5 milljarða til kaupanna. Lánið var í erlendri mynt og hefur stökkbreyst síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Í lagi að greiða hagnaðinn út

„Það má taka allan hagnað út úr fyrirtækjum ef þau eiga óráðstafað eigið fé,“ segir Bjarni Frímann Karlsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann bendir á að stundum greiði eigendur fyrirtækja út arð úr félögum þótt óráðstafað eigið fé sé ekki til. Slíkt sé óleyfilegt. „Það má höndla með óráðstafað eigið fé fyrirtækja eins og eigendur þeirra vilja. Ef þetta eru gróin félög sem ganga af sjálfu sér er ekkert því til fyrirstöðu að þau greiði út allan hagnað sem arð hverju sinni,“ segir hann.

Eigið fé Olís hefur verið jákvætt um 2,2 til 4,4 milljarða króna frá því nýir eigendur komu að því um mitt ár 2003.



**VEGABRÉF** Ísland er í fimmta sæti yfir dýrustu vegabréfin. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Verðmunur á vegabréfum:

## Ísland fimmta dýrasta landið

**NEYTENDUR** Mikill verðmunur er á vegabréfum milli Evrópulanda. Það kostar mest að fá sér vegabréf í Belgíu, 2.759 íslenskar krónur, en ódýrast í Tékklandi, 396 krónur. Þetta kemur fram á vef Neytendasamtakanna.

Á Íslandi kostar vegabréf 1.540 krónur og er það fimmta dýrasta landið sem könnunin nær til. Evrópska neytendaaðstoðin framkvæmdi könnunina og bárust svör frá 22 löndum. Þau lönd þar sem dýrara er að fá vegabréf en á Íslandi voru Holland, Finnland, Rúmenía og Belgía. **- sv**

Fjölgun vetrarferðamanna:

## Vilja reglulegt millilandaflug

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stofnaður hefur verið Flugklasi á vegum Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi. Klasinn er samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana sem koma nálægt ferðaþjónustu á svæðinu og hefur það sem markmið að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll.

Í tilkynningu segir að mikil vinna hafi verið lögð í uppbyggingu undanfarin ár, sérstaklega með það fyrir augum að fjölga ferðamönnum að vetri. Með flugi tvisvar í viku megi skapa 120 störf auka veltu fyrirtækja um tvo milljarða króna. **- mþl**


FARIÐ MEÐ SVARIÐ Í FERÐALAGIÐ!




Hafsjór af fróðleik um land og þjóð



Handhægt ferðakort



Hljóðbók Arnar Jónsson les 19 þjóðsögur



Nýr ítarlegur hálendiskafli

1. Sæti

Eymundsson metsölulisti 30.06.10-06.07.10

Kíktu inn á vegahandbokin.is

Vegahandbókin sími: 562 2600

Gamla bókin tekin upp í á kr. 1.000

Aðeins í bókaverslunum - Ekki á bensínstöðvum


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**SVALT NA-TIL** Það verður rólyndisveður næstu daga. Yfirleitt hæg breytileg átt en eitthvað ákveðnara NV-til og austast. Stöku skúrir SV- og V-til og súld eða þokuloft NA-til a.m.k. í dag. Kólnar lítillega á morgun.










**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 25° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 20° |
| París | 23° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Holta
KJÚKLINGUR

# Royal bringur

Royal bringur frá Holtakjúklingi eru fersk afurð með skinni og vængenda. Þær eru framleiddar af mikilli fagmennsku og henta bæði á grillið og í ofninn. Nú geta matgæðingar sem hugsa um hollustuna haft það ljómandi í sumar.



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

ROYAL KJÚKLINGA BRINGUR
1.679 kr/kg.
Verð áður 2.398.-

"We're Talkin' Serious"
## Bone Suckin'®

Prófaðu þessar á kjúklinginn!

INNIHELDUR:
ekkert glúten
engan hvítan sykur
engin rotvarnarefni
engar transfitusýrur
enga fitu





998 kr/kg.
Verð áður 1.398.-

**Lambagrillsneiðar**
marineraðar



1.098 kr/kg.
Verð áður 1.598.-

**Grísahnakki**
kryddleginn



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

2.061 kr/kg.
Verð áður 2.748.-

**Caj´p lambatvírifjur**
í hvítlaukslegi



GOTT VERÐ
1.198 kr/kg.

**Lambalæri**
frosið

KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR
BARBÍKJÚSÓSA FABRIKKUNAR
FABRIKKU SÓSAN
SINNEPSPIPARSÓSA FABRIKKUNNAR
BERNAISESÓSA FABRIKKUNNAR
HUNANGSSÓSA FABRIKKUNNAR
ALVEG NÝTT
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010

Danskar pylsur

TILBOÐ
REX BITAR
FREYJU DRAUMUR
299 kr/pk.

TILBOÐ
VÍNARBRAUÐS LENGJA
399 kr/stk.

NÝTT
WISHBONE DRESSINGAR

TILBOÐ
MIX 2 LÍTRA
249 kr/stk.

NÝTT
HEINZ BBQ SÓSUR

TILBOÐ
RYVITA HRÖKKBRAUÐ
179 kr/pk.

NÝTT
PFANNER SAFAR

Gildir til 10. júlí á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú breytt trúfélags-skráningu þinni á liðnu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 12,5% |
| Nei | 87,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Vilt þú íbúðarbyggð í Vatnsmýrinni?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Vísir

Vegagerðin dæmd til að greiða Vélsmiðju Orms og Víglundar um 40 milljónir vegna Grímseyjarferju:

# Olli vélsmiðjunni skaða og álitshnekki

**DÓMSMÁL** Vegagerðin hefur verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur til þess að greiða Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. um 40 milljónir króna vegna vanefnda á verksamningi og ógreiddra reikninga vegna viðbótarviðgerða á Sæfara, Grímseyjarferjunni svokölluðu. Einnig var henni gert að greiða þrjár milljónir króna í málskostnað.

„Þetta sannar það sem við höfum alltaf sagt, að Vegagerðin hafi verið að fara verulega illa með okkur,“ segir Eiríkur Ormur Víglundsson, framkvæmdastjóri vélsmiðjunnar.

Eiríkur Ormur segist vona að þetta séu endalokin á illvígum og erfiðum deilum. „Þetta hefur valdið fyrirtækinu miklum skaða vegna álitshnekkis og ills umtals en nú hefur komið í ljós að það var ekki við okkur að sakast.“

Vegagerðin keypti árið 2005 ferjuna Oleain Arann frá Írlandi með það fyrir augum að breyta henni og gera við svo hún stæðist allar kröfur sem gerðar eru til ferja hér á landi. Í framhaldinu var gerður verksamningur við vélsmiðjuna og hljóðaði hann upp á 216 milljónir, um það bil. Fljótlega kom þó í ljós að sú upphæð hrykki skammt, þar sem mun meiri breytinga var þörf en kveðið var á um í útboðslýsingu. Hafði þetta einnig í för með sér fimm mánaða töf á verklokum. **- jse**



**GRÍMSEYJARFERJAN** Reikningurinn fyrir Sæfara, eða Grímseyjarferjuna, hækkaði enn vegna dóms héraðsdóms.





**BMW M5** 507 hö. **Verð 11.900 þús.**

Nýskráður 02.2008 - ekinn 20 þús. **Staðgreitt 8.900 þús.**

Leðurinnrétting, active sportsæti, Xenon ökuljós, Bluetooth símkerfi, 19" álfelgur, vetrardekk á 18" álfelgum, aksturstölva, topplúga, rafmagnslokun á hurðum, hiti og kæling í sætum o.m.fl. Innfluttur nýr af umboði.

Bílabúð Benna Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 - Sími 587 1000


# Fangaverðir lenda ítrekað í lífshættu

**Erfiðir brotamenn og sprautufíklar eru nú meirihluti fanga í fangelsum landsins. Fangavörðum stafar mikil hætta af föngunum þar sem vinnutæki þeirra eru ekki fullnægjandi. Hættulegar klíkur myndast í kringum harðsnúna fanga.**

**FANGELSISMÁL** Fangar í fangelsum landsins verða sífellt hættulegri og erfiðari og fangaverðir eru í stöðugri hættu vegna aðstöðuleysis, segir Einar Andrésson, formaður Fangavarðafélags Íslands, sem starfar í Fangelsinu Kópavogi.

Fangaverðir lenda ítrekað í lífshættulegum aðstæðum, þar sem vinnutæki þeirra eru ekki fullnægjandi miðað við það umhverfi sem þeir starfa í. Fyrirsjáanlegt er að slys verði ef stjórnvöld sjá ekki að sér og heimila byggingu nýs fangelsis.

„Staðan er hrikaleg,“ segir Einar. „Biðlistinn er langur og menn hafa orðið að grípa til þess úrræðis að losa fyrr út léttari brotamenn, það er að segja þá sem eru frekar til friðs úti í samfélaginu, með því að setja þá í samfélagsþjónustu eða önnur úrræði. Eftir í fangelsunum verða miklu þyngri brotamenn og staðan verður alltaf erfiðari og erfiðari.“

Einar segir að fyrir nokkrum árum hafi það heyrt til undantekninga að sprautufíkill hafi komið inn í fangelsi. Nú sé það hending þegar fangar sem ekki séu sprautufíklar komi inn.

„Sprautufíklum fylgir geysileg árátta til að reyna að smygla inn fíkniefnum. Einnig hætta varðandi alnæmissmit, lifrarbólgu C og fleiri sjúkdóma sem þetta fólk er útsett fyrir. Þetta eru hættulegri fangar á allan hátt. Þeir svífast einskis til að ná sér í dóp og það er miklu meira starf í kringum þá.“

Einar segir að fólk sem komi til afplánunar sé yngra og verr á sig komið en áður. Konur séu að sækja í sig veðrið og þeim fari sífjölgandi í fangelsum landsins.

„Fangarnir eru í verri málum en áður. Margir þeirra eru útlendingar, einkum á Litla-Hrauni. Þar eru hættulegar klíkumyndanir í kringum harðsnúna menn, eins og gerist í fangelsum erlendis, meðan þeir sem eru utan klíkanna geta ekki um frjálst höfuð strokið vegna hótana og áreitni. Þá er reynt að senda í önnur fangelsi, sem eru fullsetin fyrir. Við höfum ekki aðstöðu til að takast á við þetta,“ segir Einar.



**FANGELSIÐ KÓPAVOGI** Margir fangar eru sprautufíklar sem svífast einskis til að ná sér í eiturlyf, segir formaður Fangavarðafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Kona reyndi sjálfsvíg með kjöthníf

Kona sem flutt var í Kópavogsfangelsið í vikunni reyndi að skera sig á háls með kjöthníf. Hún var í fíkniefnavímu þegar hún kom inn. Í Kópavogsfangelsinu er engin aðstaða til að leita á fólki nema á salerni fangelsisins. Illa gekk að hemja konuna við svo erfiðar aðstæður og hún rauk inn í eldunaraðstöðu fanga, greip þar kjöthníf og ætlaði að skera sig á háls.

Konan virtist til alls líkleg, enda viti sínu fjær af völdum neyslu. Fangaverðir náðu að yfirbuga konuna og setja hana í einangrun. Nú þarf að vista hana með annarri konu, sem hún hafði barið í höfuðið þegar báðar gengu lausar. Sú stakk hana þremur hnífsstungum í höfuðið í átökunum.

Tekið skal fram að eldhúsáhöld í fangelsum landsins eru útbúin þannig að af þeim stafi sem minnst hætta. Til að mynda eru oddar brotnir af hnífum og bit þeirra slævt.

„Það eina sem bjargar stöðunni er að starfsfólkið er harðduglegt og passar upp á félagana. Gríðarlegt og stöðugt álag er hins vegar ávísun á heilsubrest til lengri tíma litið.“

Einar bendir á að með tilkomu nýs fangelsis yrði miklu hægara um vik að vinna með þessi mál, auk þess sem fyrirsjáanlega næðist miklu betri árangur við að flokka fólk niður eftir aðstæðum, afeitra fíkniefnaneytendur, vinna að því að koma mönnum á beina braut og bjarga þar með mannslífum.

Áætlun fangelsismálastofnunar um uppbyggingu fangelsa á landinu liggi fyrir og hún þarf að fá framgang sem fyrst, segir Einar. Það muni leysa mörg vandamál sem fangaverðir standi frammi fyrir í dag.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið að hann vilji stæði mjög eindregið til þess að nýtt fangelsi yrði reist og rekið af ríkinu, sem væri mun ódýrari kostur heldur en rekstur einkaaðila. Málið væri nú komið frá sínu ráðuneyti á borð ríkisstjórnarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kvaðst ekki vilja ræða málið við Fréttablaðið en vísaði á innanríkisráðherra.

Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra við vinnslu fréttarinnar. **jss@frettabladid.is**





Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft


Hagsmunasamtök heimilanna hefja undirskriftasöfnun vegna verðtryggðra lána:

# Vilja leiðréttingu og afnám tryggingа

**EFNAHAGSMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna krefjast þess að stjórnvöld hefji undirbúning að almennum leiðréttingum stökkbreyttra lána og afnámi verðtryggingar eða skjóti málinu undir dóm þjóðarinnar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.

Samtökin krefjast þess að stjórnarfrumvarp verði lagt fyrir Alþingi ekki síðar en á næsta haustþingi og samþykkt fyrir áramót.

Þá hafa samtökin hafið undirskriftasöfnun kröfu sinni til stuðnings, á vef sínum, www.heimilin.is. Kröfugerð undirskriftasöfnunarinnar er eftirfarandi: „Í nafni almannahagsmuna krefjumst við undirrituð almennar og réttlátrar leiðréttingar á stökkbreyttum lánum heimilanna og afnáms verðtryggingar.

Hafi stjórnvöld ekki orðið við þessari kröfu fyrir 1. janúar 2012 jafngildir undirskrift mín kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu um kröfugerðina.“ **- sv**


Betra Bak kynnir!
TEMPUR® CLOUD
– heilsudýnan sem hefur
slegið öll met hjá Tempur® –
dýnan sem
styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú
svífa
í svefni
20% kynningarafsláttur í júlí
AÐEINS FRÁ TEMPUR® VIÐURKENNT TEMPUR EFNI®
Mest selda TEMPUR
heilsudýna í heimi*
TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarftᵀᴹ og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.
Cloud heilsudýnan *frá* Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvíld.
Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud.
Gerðu kröfur - Tempur stenst þær !
TEMPUR WARRANTY 15 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES
CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI
Frábært verð!
Cloud heilsudýnan
fæst í öllum stærðum.
Verðdæmi: 160x200 cm
Kr. 217.600,- með kynningarafsætti
Farðu inn á betrabak.is hér
* Cloud dýnan hefur slegið öll met hjá Tempur á heimsvísu!
Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Vilja endurskoða lög um Byggðastofnun en telja hana enn mikilvæga:

# Sameining við sparisjóði könnuð

**STJÓRNSÝSLA** Nefnd um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar leggur til að kannaðir verði kostir þess að fjármálastarfsemi Byggðastofnunar verði sameinuð starfsemi sparisjóðanna í kjölfar endurskipulagningar á sparisjóðakerfinu. Þá verði samstarf við sjóði á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Frumtak einnig könnuð.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir margt gott í tillögum nefndarinnar. Vinnan sé liður í úttekt á stjórnsýslunni svo hægt sé að bæta þjónustuna. Hún segir að tillögurnar verði skoðaðar og niðurstöður kynntar með haustinu.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

„Markmiðið er að styðja betur við verkefni stofnunarinnar. Hún hefur skýrt hlutverk samkvæmt lögum, en hefur ekki alveg haft tækin og tólin til að sinna þeim.“ Nefndin telur að lög og reglugerð um stofnunina verði að endurskoða í heild út frá starfsemi hennar, en ekki eingöngu lánastarfsemi. Þá vill hún að athugað verði hvort hægt sé að undanskilja stofnunina frá þeim kröfum sem gerðar eru til eiginhlutfalls fjármálafyrirtækja.

Stjórn stofnunarinnar hefur heimild til að veita ábyrgðir, en nýtir þær í litlum mæli í dag. Nefndin vill að skoðað verði hvort slíkt eigi að auka. - kóp

Sjálfstæðismenn í borginni:

# Vilja úttekt fyrir Reykjavík

**EFNAHAGSMÁL Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu á síðasta borgarráðsfundi um úttekt á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu fyrir Reykjavík.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir það skyldu borgaryfirvalda að skoða áhrif umræddra breytinga og koma niðurstöðu slíkrar úttektar til ríkisstjórnar og Alþingis áður en gengið er til breytinga á gildandi lögum.** - shá

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða þýska flutningafyrirtæki var að opna skrifstofu í Reykjavík?*
2. *Hvaða verslanakeðja rekur nú tjaldstæði í Garðabæ?*
3. *Hvar mun hljómsveitin Quarashi halda sína síðustu tónleika?*

**SVÖR:**

*1. DB Schenker 2. IKEA 3. Á Nasa*

Forvarnaverkefni um vændi:

# Keppt um besta myndbandið

**SAMFÉLAGSMÁL** Sterk, samtök gegn vændi og mansali, hafa fengið styrki frá Reykjavíkurborg og innanríkisráðuneytinu til að setja á fót forvarnaverkefni gegn vændi. Verkefnið er myndbandskeppni og fer í gang í haust. Allir undir 35 ára aldri geta tekið þátt.

Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir, forsvarskona Sterk, segir samtökin leita eftir forvarnaauglýsingum gegn vændi og mansali sem sýna megi í auglýsingatímum sjónvarps. - sv

Prentmet fær Svansvottun:

# Sjötta prentsmiðjan vottuð

**UMHVERFISMÁL** Prentmet í Reykjavík hefur fengið vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins.

„Svansvottun prentsmiðjunnar tryggir að Prentmet er í fremstu röð hvað varðar lágmörkun neikvæðra áhrifa á umhverfi og heilsu,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti Svansleyfið í gær.

Prentmet er sjötta íslenska prentsmiðjan sem hlýtur Svansvottun og um leið með sautjánda Svansleyfið sem gefið hefur verið út hér á landi. - óká

# Ósáttur við nýtt samkomulag

**Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, harmar áætlanir um aflýsingu byggingar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri. Formaður skipulagsráðs segir flugvöllinn ekki munu vera á svæðinu til frambúðar.**

**SAMGÖNGUMÁL** Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, er ósáttur við þær áætlanir Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra og Jóns Gnarr borgarstjóra að hætta við byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni.

„Ég harma það ef á að hætta við þessar framkvæmdir líka, ofan á allt annað,“ segir Kristján. „En það kemur svo sem ekki á óvart. Ég var búinn að hafa þetta lengi á tilfinningunni.“ Kristján segir að borgarfulltrúar í Reykjavík hafi sagt sér að undirbúningsframkvæmdir væru í ferli.

„Vorið fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í fyrra lögðum við okkur fram við að breyta ýmsu í áætlanagerð eftir óskum borgarinnar, og það gekk ekki eftir,“ segir hann. „Það má segja að þetta hafi ekki komið manni neitt á óvart, er varðar ákvarðanir hjá borginni.“

Kristján segist einnig hafa fyrirvara á því að ríkið sé að gefa eftir af landi sínu til borgarinnar.

„Af fenginni reynslu set ég, vegna þess að brennt barn forðast eldinn, fyrirvara um hvað verið sé að semja um,“ segir hann. „Að ríkið sé ekki að gefa af sínum eigum fyrir einhverja skammtímasamninga.“



PÁLL HJALTASON



KRISTJÁN MÖLLER

Kristján undirstrikar þó að hann vilji halda Reykjavíkurflugvelli í Vatnsmýrinni.

„Ég er alveg glerharður á því að völlurinn eigi hvergi annars staðar að vera en í Vatnsmýri,“ segir hann. „En það má svo sem gera einhverjar breytingar á honum.“

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir umræðu undanfarinna daga á misskilningi byggða. Aldrei hafi staðið til að halda flugvellinum í Vatnsmýri til frambúðar. Verið sé að vinna nýtt aðalskipulag fyrir allt Reykjavíkursvæðið sem gildi fram til ársins 2030 og verði það kynnt í haust.

„Í núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir því að fyrri brautin fari 2016 og sú seinni árið 2024. Það hefur ekkert breyst við vinnslu nýs aðalskipulags,“ segir Páll og bætir við að engar aðrar hugmyndir liggi fyrir um framtíðarveru flugvallarins, en Keflavík eða Hólmsheiði. Páll telur Keflavík ágætis kost, verði þar góðar tengingar.

„Við erum að skipuleggja framtíðarbyggð í Reykjavík,“ segir hann. „Ástæðan er ekki sú að okkur sé eitthvað illa við flugvöllinn, heldur sjáum við hag borgarinnar betur borgið með íbúðarbyggð í Vatnsmýrinni,“ segir Páll.

sunna@frettabladid.is



**VATNSMÝRIN** Formaður skipulagsráðs Reykjavíkur segir hag borgarinnar betur borgið ef íbúðarbyggð rísi í Vatnsmýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kostnaður Flugstoða var 55 milljónir

Isavia (áður Flugstoðir) hefur greitt 55 milljónir króna vegna undirbúnings við framkvæmdir samgöngumiðstöðvarinnar sem átti að rísa í Vatnsmýri. Þar sem nokkur óvissa og breytingar á miðstöðinni voru gerðar jókst kostnaðurinn, að sögn Hjördísar Guðmundsdóttur, upplýsingafulltrúa Isavia. Kostnaðarliðirnir voru meðal annars þarfagreining á verkinu, frumhönnun, könnun á hljóðvistun og greining á umferðarskipulagi.








**SYSTURNAR Í MINILIK** Azeb og Lemlem Kahssay sitja hér í Minilik á Flúðum til þjónustu reiðubúnar.

Fyrsti eþíópíski veitingastaðurinn á Íslandi á Flúðum:

# Afrískur matur heillar

**MENNING** Fyrsti eþíópíski veitingastaðurinn hér á landi var opnaður á Flúðum á sjálfan þjóðhátíðardag Íslendinga í júní síðastliðnum. Einn eigendanna, Azeb Kahssay, segir að Íslendingar hafi tekið þessari nýbreytni afar vel.

„Margir hafa komið og fólk er bara ánægt með matinn,“ segir hún. Hún segist hafa orðið vör við að margir gestanna séu fólk sem búið hafi í lengri eða skemmri tíma í Afríku og vilji greinilega finna þefinn af afrískri matargerð á ný. En þeir sem eru að bragða í fyrsta sinn virðast taka matargerðinni vel. „Það er einna helst kryddið sem er ólíkt því sem Íslendingar eiga að venjast,“ segir Azeb. Þó er ekki allt jafn framandi því unnið er úr íslensku hráefni, en Azeb er til dæmis afar hrifin af íslenska lambakjötinu.

Hún hefur búið hér á landi í þrjú ár og segir dvölina fara síbatnandi en það var vitanlega mikil raun fyrir hana að koma úr ys og þys milljónaborgarinnar Addis Ababa og fara í kuldann og fámennið á Íslandi. Hún vann á gróðrarstöð áður en hún og systir hennar Lemlem ákváðu að koma veitingastaðnum Minilik á koppinn. Minilik var keisari í Eþíópíu um þarsíðustu aldamót og er enn hampað sem þjóðhetju þar í landi. - jse

ÍSLENSKA

HAMBORGARAFABRIKKAN

2010

# SNILLD Í BOXI

*aðeins í Hagkaup*



*Gjörsamlega ómótstæðilegur!*

# FABRIKKUÍS

## MEÐ CAPPUCCINO&KARAMELLUBRAGÐI

**FABRIKKUÍSINN ER HREIN OG KLÁR SNILLD.**

Kaffi- og karamellubragð myndar svo gómsæta blöndu að meira segja þeir sem drekka ekki kaffi elska þennan ís.

Hann er frábær einn og sér og nýtur sín í botn með kökum og seiðandi eftirréttum.



**SMAKKAÐ'ANN Í HAGKAUP Í SKEIFUNNI MILLI KLUKKAN 14 OG 18 Í DAG.**



**STOKKIÐ NIÐUR Í MANNFJÖLDANN** Við upphaf San Fermin-hátíðarinnar í Pamplona á Spáni er venjan að menn stökkvi af súlu einni niður í mannfjöldann, sem bíður þess að grípa. NORDICPHOTOS/AFP

Týnt lán til huldufélags í Panama leiðir til skaðabótamáls skiptastjóra Fons:

# Stjórn Fons krafin um þrjá milljarða

**VIÐSKIPTI** Skiptastjóri þrotabús Fons hefur ákveðið að stefna þremur fyrrverandi stjórnarmönnum félagsins til greiðslu þriggja milljarða króna skaðabóta. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag. Ástæðan er lán sem veitt var til félagsins Pace Associates í Panama, sem litlar upplýsingar eru til um.



PÁLMI HARALDSSON

Milljarðarnir þrír voru millifærðir frá Fons til Pace 24. apríl 2007, inn á reikning félagsins hjá Landsbankanum í Lúxemborg. Sex dögum síðar, 30. apríl, var útbúinn lánasamningur vegna millifærslunnar og lánið afskrifað samdægurs úr bókhaldi Fons.

Skiptastjórinn hefur í tvö ár leitað fjárins, án árangurs. Landsbankinn í Lúxemborg vill ekki veita neinar upplýsingar. Eftir gjalddaga lánsins sendi skiptastjórinn bréf á heimilisfang Pace og krafðist greiðslu en fékk ekkert svar.

Nú hefur skiptastjórinn ákveðið að stefna þremur stjórnarmönnum Fons til greiðslu skaðabóta vegna lánsins, þeim Pálma Haraldssyni, kenndum við Fons, Jóhannesi Kristinssyni, einum nánasta samstarfsmanni Pálma, og lögmanninum Einari Þór Sverrissyni.

Í frétt Stöðvar 2 sagði að þær skýringar hefðu verið gefnar að lánið hefði verið veitt til að kaupa lóðir undir fasteignir á Indlandi. Þremenningarnir hefðu hafnað skaðabótaábyrgð þar sem lánið hefði á þeim tíma ekki þótt stórt. **- sh**

Öryggisbætur á Patreksfirði:

# Byggja nýjan snjóvarnargarð

**SAMGÖNGUMÁL Stefnt er að því að ljúka undirbúningsvinnu fyrir snjóvarnargarð á Patreksfirði á næstu mánuðum.**

**Gert er ráð fyrir því að reistur verði 250 metra langur varnargarður fyrir ofan byggðina milli Vatneyrar og Grjóteyrar.**

**Mikill hluti byggðar á Patreksfirði telst til hættusvæða vegna snjóflóða. Flest húsin við Klif, þar sem til stendur að reisa garðinn, eru innan hættusvæðis. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun afgreiði málið í haust. - þeb**


**Sérsmíðaðir Hnakkar**



**15. til 20. júlí verða hér í heimsókn enskir söðlasmiðir.**
Þeir taka mát af hestum sem þurfa sérsmíðaða hnakka.
Upplýsingar veittar í síma
**566 8045 eða 698 5799**
Netfang: valditryggva@simnet.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


# News of the World lagt niður

**Breska helgarblaðið News of the World kemur í síðasta sinn út á sunnudag. Blaðið hefur ítrekað orðið uppvíst að því að brjótast inn í farsíma þekktra einstaklinga, týndra unglinga og fórnarlamba glæpamanna.**

**BRETLAND, AP** Útgáfu breska vikublaðsins News of the World verður hætt eftir ítrekaðar fréttir af því að starfsmenn þess hafi látið brjótast inn í farsíma til að afla frétta.

James Murdoch, sonur ástralska fjölmiðlajöfursins Ruperts Murdoch, skýrði í gær frá því að síðasta eintak þessa útbreidda blaðs yrði gefið út næsta sunnudag. Í því verða engar auglýsingar og mun allur hagnaður af sölunni renna til góðgerðarsamtaka, að sögn Murdochs.

Blaðið hefur selst í milljónum eintaka í hverri viku en sætt harðri gagnrýni undanfarið fyrir að hafa brotist inn í farsíma fólks til að lesa þar smáskilaboð, í von um að geta nýtt sér þau við æsifréttaskrif. Stórir auglýsendur hafa í mótmælaskyni hætt að auglýsa í blaðinu.

Tilkynningin kom starfsfólki blaðsins í opna skjöldu. Um það bil 200 manns verður sagt upp störfum, en þeim er sagt að þeir geti sótt um störf annars staðar í fyrirtækjasamsteypunni News International, sem einnig gefur út bresku dagblöðin The Sun, The Times og helgarblaðið The Sunday Times.



**UMDEILDUR** Fjölmiðlajöfurinn Rupert Murdoch hefur verið hundeltur af fjölmiðlafólki eftir að fréttir af innbrotum starfsmanna News of the World í farsíma komust í hámæli. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki er vitað hvort The Sun, sem kemur út sex daga vikunnar, verður gert hærra undir höfði og það gefið út alla daga vikunnar til að bæta upp fráhvarf News of the World af dagblaðamarkaðnum.

Fyrirtæki í eigu Ruperts Murdoch gefa einnig út fjöldann allan af dagblöðum og tímaritum í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar um heim ásamt því að reka sjónvarpsstöðvar á borð við Fox í Bandaríkjunum og Sky í Bretlandi.

Stjórnendur News of the World hafa viðurkennt að hafa ráðið einkaspæjara til að brjótast inn í farsíma breskra stjórnmálamanna, bresku konungsfjölskyldunnar og frægra einstaklinga.

Málið hefur vakið mikla reiði í Bretlandi, ekki síst eftir að upp komst að blaðið hafði brotist inn í síma unglingsstúlku sem var saknað og eytt út skilaboðum í símsvara. Síðar kom í ljós að hún hafði verið myrt og jafnvel er talið að fikt blaðsins í símanum hafi torveldað rannsókn málsins.

gudsteinn@frettabladid.is


Landsbankinn fjármagnar uppbyggingu á Laugarvatni

**Við óskum Laugarvatni Fontana** til hamingju
með uppbyggingu nýs baðstaðar við Laugarvatn.
Landsbankinn er hreyfiafl í atvinnulífinu og öflugur
samstarfsaðili íslenskra fyrirtækja.



# Skráningu fornminja áfátt

**Við gerð rammaáætlunar um virkjunarkosti varð að byggja á heimildasöfnun fornleifafræðinga 19. aldar. Um 70 prósent fornleifa á Íslandi eru óskráð. Margar þeirra liggja á landi sem horft er til sem virkjunarkosta.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða tillit er tekið til fornminja við mat á virkjunarkostum?

Ísland, eitt Norðurlandaríkjanna, hefur ekki lokið tæmandi fornleifaskráningu. Við gerð 1. og 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða vegna orkunýtingar þurftu fornleifafræðingar því að reiða sig á heimildarskráningu fornleifafræðinga 19. aldar. Minjayfirvöld telja sig hafa litlar forsendur til að svara því hvaða menningarverðmæti verði fyrir skaða við þá virkjunarkosti sem áætlunin fjallar um.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, segir stöðuna í raun sorglega og að ástæðan fyrir því hversu aftarlega Íslendingar eru við skráningu fornminja sé að ekki hafi verið veitt nauðsynlegu fjármagni til slíkrar vinnu. Tími og peningar segir Kristín að sé ekki sérstakt vandamál.

Athugun Fornleifaverndar fyrir nokkrum árum leiddi í ljós að um fimm ár þarf til að ljúka fullnaðarskráningu og áætlaður kostnaður þeirrar vinnu var 400 milljónir. Hún gagnrýnir jafnframt hart það misvægi sem er á fjárframlögum ríkisins. „Af því fjármagni sem ríkið ætlar til umhverfisins fá minjarnar þrjú prósent. Og það er merkileg staðreynd þegar við höfum reynt um árabil að fá fjármagn til að ljúka grundvallarskráningu fornminja,“ segir Kristín.

**Náttúra og minjar**

Í greinargerð sem Kristín skrifaði, og fylgir skýrslu verkefnastjórnarinnar, er bent á að horfa beri á umhverfi og landslag í víðara samhengi en gert hefur verið og að minjar verði teknar inn til jafns við náttúru í allri framtíðarvinnu varðandi umhverfi landsins og nýtingar þess. Grunnforsenda þess að hægt sé að taka ákvarðanir um menningararfinn sé að þekkja hann. „Það gefur auga leið að til þess að vernda menningarminjar þurfum við að vita hvar þær eru, hverjar þær eru og í hvernig ástandi þær eru,“ skrifar Kristín.

Gróflega er áætlað að fornleifar á Íslandi, minjar sem eru 100 ára og eldri, gætu verið um 200 þúsund. Þær dreifast um landið allt, jafnt um byggð sem óbyggðir.

**Fornfræðingar**

Stór hluti þeirra svæða sem komu til umfjöllunar í 1. áfanga rammaáætlunar var óskráður og er það enn nú þegar 2. áfanga er lokið og til stendur að undirbúa þingsályktunartillögu um hvernig nýta skuli náttúruna með vali á virkjunarkostum.

Við mat á svæðum þar sem gufuaflsvirkjanir koma til greina höfðu fornleifafræðingar í sumum tilfellum ekki annað á milli handanna en skráðar heimildir fornfræðinga 19. aldar þar sem grunnrannsókn hefði verið nauðsynleg. Þar sem vatnsaflsvirkjanir koma til greina höfðu fornleifafræðingar lítið sem ekkert að styðjast við.

„Það er ótækt og óforsvaranlegt að fornleifafræðingum á 21. öld sé gert að vinna við þessar aðstæður,“ segir Kristín og bætir við að minjayfirvöld hafi ekki forsendur að óbreyttu til að meta hvort menningarminjar verði fyrir skaða vegna virkjanaframkvæmda sem til greina komi.

**Ferðaþjónusta**

Fornleifar og menningarlandslag eru þáttur í menningarferðaþjónustu allra landa og telur Fornleifavernd vert að minna á að á sama tíma og farið er með það sem heilagan sannleik að 80 prósent ferðamanna segjast hafa áhuga á íslenskri náttúru þá segist stór hluti sama hóps hafa áhuga á íslenskri menningu og sögu.

Það er því mat Fornleifaverndar að í framtíðarvinnu með rammaáætlun sé eðlilegt að fjallað um menningarminjar til jafns við náttúru þegar lagt verði mat á ferðaþjónustu á Íslandi. „Í raun má segja að við búum við gervimennsku því það er verið að búa til söguslaði og söfn á meðan ekkert er gert fyrir sjálfar fornleifarnar sem við eigum. Það er öfugsnúið,“ segir Kristín.

svavar@frettabladid.is



**FRÁ REYKJANESI** Reykjanesið telst til álitlegustu virkjunarkosta í 2. áfanga rammaáætlunar. Í Svartsengi - Eldvörpum eru einstakar friðlýstar minjar eftir útilegumenn sem mikilvægt er að varðveita til framtíðar. Við Krýsuvík er einnig að finna friðlýst minjasvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Virkjunarkostir og minjavernd

Á þeim svæðum sem fjallað er um í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar eru hundruð friðaðra fornleifa, en einnig fjöldi friðlýstra fornleifa.

- Á svæði Jökulsánna í Skagafirði norðan Hofsjökuls. Í Austur- og Vesturdal hafa varðveist minjaheildir, byggingar og búsetulandslag frá 900-1400, sem er einstakt, jafnvel á heimsvísu.
- Í Kröflu og Bjarnarflagi eru merkar minjar um jarðböð og brennisteinsnám. Þrátt fyrir að þær séu ekki friðlýstar hafa þær mikið varðveislugildi fyrir íslenska menningu.
- Á Hengilssvæðinu eru tveir friðlýstir minjastaðir, annars vegar Þorlákshafnarsel og hins vegar Hellurnar (ásamt Hellukofanum svokallaða).
- Á Skjálfandafljótssvæðinu eru fimm friðlýstir minjastaðir.
- Á öllu svæðinu við Skaftá eru tólf friðlýstir minjastaðir. Á megin framkvæmdasvæðinu eru fjórir friðlýstir minjastaðir.
- Við Hólmsá eru þrír friðlýstir minjastaðir.
- Við Markarfljót eru tveir friðlýstir minjastaðir, sem eru að blása upp: Bústaður við Einhyrning og Kápa í Almenningi (sunnan Markarfljóts). Líklega eru báðir staðirnir frá 10.-11. öld.
- Við Jökulsá á Fjöllum er einn friðlýstur minjastaður en það eru útilegumannaminjarnar við Hvannalindir.
- Við Hvítá er eitt friðlýst býli sem talið er hafa farið í eyði á 11. öld.
- Við Þjórsá er fjöldi friðlýstra minjastaða. Meðal þeirra eru forn garður í landi Urriðafoss; dómhringur í Árnesi; þingbúðatóftir í landi Hofs; forn garðlög við Núp; forn rúst og garðlög í Ölmóðsey og rúst Eyvindarkofa í Eyvindarveri.



# Lýðræðistalið er yfirskin

Fræðimaðurinn, fyrirlesarinn og kennari við Harold Washington Community College í Chicago, Zalmay Gulzad, gagnrýnir utanríkisstefnu Bandaríkjanna harðlega og telur að aukin menntun og víðsýni ungs fólks í arabaheiminum geri Bandaríkjunum erfiðara að halda yfirráðum sínum. Í samtali við ***Jón Sigurð Eyjólfsson*** blaðamann sagði hann einnig að það væru reginmistök að vopnavæða uppreisnarmenn í Líbíu, það hefði sýnt sig að þannig sköpuðu þeir nýja hættu og meiri hörmungar.



**ZALMAY GULZAD, AFGANSKUR FRÆÐIMAÐUR, FYRIRLESARI OG KENNARI** Það er grátlegt, segir Zalmay, en sum ríki geta ekki varist yfirráðum Bandaríkjanna nema með því að koma sér upp efnavopnum.

Zalmay Gulzad er fæddur og uppalinn í Kabúl í Afganistan en fór þaðan árið 1971, þá nítján ára gamall, til Bandaríkjanna. Hann er með doktorsgráðu í sögu frá Háskólanum í Wisconsin og hefur haldið fyrirlestra um málefni Mið-Austurlanda sem og Mið- og Suður-Asíu.

Hann er einnig höfundur bókarinnar External Influences and the Development of the Afghan State in the Nineteenth Century.

**Nýr risi gegn Bandaríkjunum**

Gulzad segir að þess sjáist glögg merki að auðlegð Bandaríkjanna sé alls ekki eins mikil og áður. Dollarinn sé ekki lengur sterkasta myntin og í raun fari að vera þjóðinni ofviða að viðhalda innviðum samfélagsins. Til dæmis séu vegir í Chicago víða orðnir hrörlegir.

„Bandaríkjamenn eru einnig meðvitaðir um að nýr risi er farinn að spyrna við þeim og þá á ég við Indland, Kína, Brasilíu og Rússland sem stendur ógn af ásókn Bandaríkjamanna í austri og hafa bundist sameiningarböndum auk



Suður-Afríku í formi SANYA-samningsins. Þessi lönd geta skotið Kananum ref fyrir rass en þó ekki á meðan Bandaríkjamenn hafa yfirráð yfir flestum olíuauðlindum heimsins.“

**Vilja stöðugleika en ekki lýðræði**

Gulzad segir að til að tryggja sig í sessi sem heimsveldi verði Bandaríkin að viðhalda utanríkisstefnu sem hann hafi andstyggð á. „Það er í raun yfirskin að segjast vilja koma á og tryggja lýðræði í þriðja heiminum eins og Bandaríkjastjórn er sífellt að tönnlast á. Það sem Bandaríkjamenn vilja er stöðugleiki en ekki lýðræði. Þeir hafa sýnt það í öðrum löndum eins og Afganistan, Níkaragva og víða í Afríku að þeir styðja þau öfl sem þeir getað stjórnað eins og strengjabrúðu, frekar en þau öfl sem vilja tryggja lýðræði.“

**Al-kaída innan um menntafólkið**

Hann segir ungt fólk í arabaheiminum orðið mun víðsýnna en áður og það geri Bandaríkjunum erfitt fyrir. „Þetta unga fólk sættir sig ekki við strengjabrúður nýlenduherranna deginum lengur. En þetta er þó ekki einsleitur hópur. Veröldin er flóknari en svo að hægt sé að draga víglínur og segja þarna megin við hana eru vondu mennirnir og þeir góðu eru hérna megin. Það er nú svo að fólk frá öllum ríkjum múslima fylkir sér í hóp uppreisnarmanna hvar sem er. Þarna inn á milli upplýsts ungs fólks eru menn úr Al-kaída og fleiri samtaka sem varhugavert er að styðja.“

> Reyndar veit ég að forseti Norður-Kóreu sendi Gaddafí bréf þar sem hann segir: „Þú varst nú meiri bjáninn að hætta við efnavopnaáætlunina þína. Þú ættir ekki í þessum vanda ef þú hefðir haldið þessari áætlun til streitu.“ Það er sorglegt en sá kóreski á kollgátuna.

**Vill ekki vopnbúa andspyrnuna**

Gulzad er minnugur þess þegar Bandaríkjamenn studdu afgönsku frelsishreyfinguna gegn Sovétmönnum á sínum tíma en þá var hornsteinninn að samtökum talibana lagður. „Það eru því að mínu viti hræðileg mistök að vopnbúa mótspyrnuhreyfingar, til dæmis í Líbíu, því það er aldrei að vita hvert byssuhlaupinu verður snúið að byltingu lokinni. Það er ávísun á langvarandi hörmungar þar sem innviðir samfélagsins verða lagðir í rúst. Þá fer líka mikilvægasti auðurinn til spillis en það er mannauðurinn; menntafólkið flytur í burtu. Í minni stórfjölskyldu eru einar þrettán konur sem starfa sem læknar, þar á meðal ein sem er með færustu skurðlæknum í heimi. Þetta er allt saman mannauður sem Afganistan, okkar heimaland, er að fara á mis við því stríðsástandið hefur hrakið okkur öll í burtu.“

**Efnavopn eina vörnin**

Það er margt sem Gulzad gremst í alþjóðastjórnmálum. Til dæmis er það sár trú hans að efnavopn séu eina leið nokkurra þjóða til að verjast yfirráðum Bandaríkjanna. „Ég er alls ekki hlynntur efnavopnum en svona er þetta þó. Reyndar veit ég að forseti Norður-Kóreu sendi Gaddafí bréf þar sem hann segir: „Þú varst nú meiri bjáninn að hætta við efnavopnaáætlunina þína. Þú ættir ekki í þessum vanda ef þú hefðir haldið þessari áætlun til streitu.“ Það er sorglegt en sá kóreski á kollgátuna.“

**Þáði ekki sæti í ríkisstjórninni**

Hamid Karzai, forseti Afganistan, bauð Gulzad sæti í ríkisstjórn sinni. „Ég þekki hann Karzai vel og hann þekkir vel til minnar fjölskyldu sem var reyndar nokkuð þekkt í Afganistan. Faðir minn var í ríkisstjórn landsins sem og föðurbróðir minn. Já, það er satt hann vildi að ég tæki þátt í uppbygginu landsins en ég tel það ekki vera í þágu þjóðarinnar að sitja í ríkisstjórn sem í raun er stjórnað eins og strengjabrúðu. Karl Eikenberry, sendiherra Bandaríkjanna, er í raun sá sem stýrir landinu.“



**MEÐ OBAMA Á GÓÐRI STUND** Gulzad telur að Obama vilji vel en sé þó um megn að breyta hlutverki Bandaríkjanna.

**Obama vill vel en…**

„Ég ber mikla virðingu fyrir Obama en það væri barnalegt að halda að hann geti breytt því hlutverki sem Bandaríkin hafa tekið að sér. Þau eru í eðli sínu heimsveldi og þau hafa verið mótuð til að viðhalda sínum sess sem slíkt, einn maður getur ekki breytt því, jafnvel þó hann sé forseti. Ég veit til dæmis að Obama gerir allt sitt til að draga herlið sitt frá Afganistan en það á eftir að slá verulega á puttana á honum. Við eigum líka við annan vanda að etja en það eru nágrannar okkar í Pakistan. Í Pakistan er samstaðan af skornum skammti enda búa þarna margar þjóðir. Til þess að viðhalda samstöðu nota þeir sama bragð og Bandaríkjamenn, það er að segja að búa til óvin og einblína á hann, leika síðan hlutverk hins mikla verndara sem passar upp á lýðinn. Þessi óvinur er Indland og síðan er verið að vekja upp ógn gagnvart Afganistan. Reyndar fékk ég óþægilega áminningu um það hversu víða þetta tengslanet herskárra Pakistana dreifist. Það var verið að handtaka einn pakistanskan og dagfarsprúðan nágranna minn fyrir skömmu. Þetta var ekki vinur minn, en svona „hallóvinur“. Ég frétti það síðar að hann hefði tengst hryðjuverkaárásinni á Taj Mahal-hótelinu í Mumbai árið 2008. Það er sem ég segi, þetta er ekki eins og í seinni heimsstyrjöldinni þegar hægt var að draga eina víglínu og segja þeir vondu eru hinu megin og þeir góðu hérna megin.“




Við óskum íslensku sveitinni á Special Olympics til hamingju

Íslenski keppnishópurinn á alþjóðaleikum Special Olympics í Grikklandi hefur nú snúið heim með fjölda verðlaunapeninga og góðar minningar um einstakan viðburð.

Íslandsbanki hefur verið bakhjarl Special Olympics á Íslandi frá árinu 2000.

Við óskum öllum keppendum til hamingju með frábæran árangur.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-1560

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# SUMAR ÚTSALA

# 20-65%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!

**Sessur fyrir garðhúsgögn**
Mikið úrval af flottum sessum fyrir garðhúsgögn á frábærum afslætti! Fyrstir koma, fyrstir fá!

**20-50 %**
AF ÖLLUM SESSUM

**MILANO sólbekkur**
Flottur sólbekkur með slitsterku efni. Nokkrir flottir litir. Stærð: B55 x L188 x H48 sm.

**5.995**
ÁÐUR: 9.995

**KIKI baststóll**
Flottir og þægilegir baststólar. Frábært verð!

**2.390**
ÁÐUR: 6.995









**HAWAII stóll**
Vandaður armstóll úr gegnheilum harðviði. Komdu og gerðu góð kaup!

**7.990**

ÁÐUR: 12.990

38% AFSLÁTTUR




**IZMIR borð + 4 IZMIR stólar**
Flott sett úr gegnheilum harðviði. Hægt er að leggja saman borð og stóla svo lítið fari fyrir því! Borð: B90 x L110 x H75 sm.

**19.990**

ÁÐUR: 39.990

50% AFSLÁTTUR




**MELTON stóll**
Flottur, svartur stóll úr polyrattan efni og áli. Hægt að stafla.

**3.995**

ÁÐUR: 5.995

33% AFSLÁTTUR




**CASABLANCA borð + bekkur + 2 stólar + sessur**
Glæsilegt harðviðarsett með þykkum og góðum sessum. Tilvalið sett í garðinn eða sólstofuna. Stærð á borð: 110 x 70 x 47 sm.

**39.950**

ÁÐUR: 79.950

50% AFSLÁTTUR

SESSUR FYLGJA



**GARCON borð**
Nett garðborð úr gegnheilum harðviði. Stærð: 70 x 70 sm.

**8.995**

ÁÐUR: 12.995

30% AFSLÁTTUR




**ANCONA sólbekkur**
Stílhreinn sólbekkur úr áli og textilene með stillanlegu baki. Hjól eru undir bekknum. Stærð: B65 x L195 sm.

**12.990**

ÁÐUR: 16.990

SPARIÐ 4.000



**SALERNO stóll**
Léttur stóll úr svörtu stáli. Frábært verð!

**1.995**

ÁÐUR: 2.995

33% AFSLÁTTUR



**CARPI borð + 2ja sæta sófi + 2 stólar**
Stílhreint sett úr áli og sterku polyrattan efni. Borð, 2 stólar og 2ja sæta sófi í stíl. Hægt að nota bæði innan- og utandyra. Sessur með áklæði sem hægt er að taka af og þvo. Stærð á borði: B53 x L90 x H42 sm.

**69.950**

ÁÐUR: 99.950

SESSUR FYLGJA

SPARIÐ 30.000




**GENOVA armstóll**
Flottur stóll með örmum. Stóllinn er klæddur með sterku og endingargóðu, svörtu polyrattan efni.

**6.995**

ÁÐUR: 9.995

30% AFSLÁTTUR



**BOUNTY tekkborð**
Vandað tekkborð úr gegnheilum tekkviði. Stærð á borði: B105 x L170/220 sm. Nú á frábæru tilboði!

**59.990**

ÁÐUR: 89.990

MEÐ STÆKKUNARPLÖTU

SPARIÐ 30.000



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýrsla um nýtingu og verndun hugsanlegra virkjanasvæða er mikilvægur áfangi.

## Skref í átt að sæmilegri sátt

Mikilvægt skref er stigið í átt til sáttar um hvar má virkja á landinu og hvar ekki með skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Verkefnisstjórnin skilaði af sér í fyrradag og hefur raðað í forgangsröð 66 virkjunarmöguleikum af alls 84 sem voru til umfjöllunar. Um afganginn skorti vísindaleg gögn, þannig að þeir virkjunarkostir verða metnir síðar.

Röðun virkjunarkostanna byggist á mati á gífurlegu magni gagna sem fjórir undirhópar hafa yfirfarið og rannsakað, meðal annars út frá sjónarhornum orkunýtingar, náttúruverndar, ferðamennsku, efnahags- og samfélagsáhrifa og verndar fornleifa og menningarminja.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Á listanum sem verkefnisstjórnin hefur stillt upp kemur út af fyrir sig ekki margt á óvart. Vænlegustu virkjunarkostirnir eru sagðir þeir sem þegar eru komnir vel á veg, til dæmis Hellisheiði, Blönduveita og Reykjanesvirkjun. Mest ástæða þykir til að vernda Torfajökulssvæðið, Kerlingarfjöll og Vonarskarð. Virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár, þótt umdeildar séu, þykja með vænlegri virkjunarkostum að teknu tilliti til allra áðurnefndra þátta.

Að sjálfsögðu verða ekki allir sammála um forgangsröðunina. Það er engin leið að byggja virkjun án þess að það hafi einhver áhrif á náttúruna. En jafnvel hörðustu náttúruverndarsinnar halda því ekki fram að hvergi megi virkja. Með því að nýta orkuna í háhitasvæðum og vatnsföllum er einhverju alltaf fórnað. Með því að láta orkulindir landsins ósnertar væri líka færð mikil efnahagsleg og samfélagsleg fórn. Hér þarf því augljóslega að gera málamiðlanir.

Vinnan við rammaáætlunina skilar því ekki sízt að ákvarðanir um þær málamiðlanir verði byggðar á greinargóðum upplýsingum og rannsóknum og faglegum samanburði á ólíkum virkjunarkostum út frá mörgum sjónarhornum. Vinnunni er ekki lokið; niðurstöður verkefnisstjórnarinnar verða settar í búning draga að þingsályktunartillögu, sem almenningur, hagsmunaaðilar og félagasamtök hafa þrjá mánuði til að gera athugasemdir við. Alþingis bíður svo það verkefni að setja virkjanakostina í orkunýtingarflokk, þ.e. þar sem má virkja, verndarflokk, þar sem má ekki virkja, og biðflokk þar sem safna þarf meiri upplýsingum til að geta tekið ákvörðun um verndun eða nýtingu.

Þetta er ekki einfalt verkefni og búast má við að lokaákvörðunin verði umdeild en við færumst þó nær sæmilegri sátt um virkjanir og vernd sem gerir okkur kleift að hagnýta orkuauðlindir landsins með sem minnstum skaða fyrir umhverfið. Þegar ákvörðun Alþingis liggur fyrir er von til þess að hægt verði að setja nýjan kraft í orkuvinnslu í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í startholunum?

Þekkt aðferð stjórnmálamanna til að kanna möguleika sína er að lauma spurningu með í skoðanakönnunum. Hvort slíkt er á ferðinni núna skal ósagt látið, en ófáir hafa þó fengið upphringingu frá Gallup þar sem þeir eru spurðir um hver ætti að vera formaður Sjálfstæðisflokksins, sem heldur landsfund í haust. Valmöguleikarnir eru athyglisverðir; Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristján Þór Júlíusson. Spennandi verður að sjá útkomuna, ef hún þá verður einhvern tímann birt.



### Opinber leynd

Opinber hlutafélög eru nokkur hér á landi og hefur löngum staðið styr um það rekstrarform. Sumir telja það fyrsta skref í átt til einkavæðingar og aðrir gagnrýna að með því formi skjóta menn sér undan upplýsingalögum. Því er það rifjað upp að trekk í trekk hafa forsvarsmenn opinbera hlutafélagsins ISAVIA undanfarið neitað blaðamönnum um upplýsingar um siðareglur fyrirtækisins, en þær hafa verið í umræðu vegna niðurtekningar auglýsinga í Leifsstöð.



### Bleikt og blátt

Björn Ingi Hrafnsson situr ekki auðum höndum og rekur nú umfangsmikið fjölmiðlaveldi ásamt vefverslun fyrir hjálpartæki ástarlífsins. Enn virðist Björn Ingi ætla að færa út kvíarnar. Samkvæmt skráningu á fyrirtæki hans, Vefpressan, lénið blatt.is en nokkur umræða hefur verið um opnun þess vefjar. Björn Ingi á fyrir svæðið bleikt.is svo nú hefur hann, auk ástartólanna, yfir lénunum Bleikt og Blátt að ráða, en það var einmitt heiti á erótísku tímariti sem eitt sinn kom út hér á landi.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ekki missa af þessu!

Málefni fatlaðra
Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Með okkar augum hóf göngu sína í Ríkissjónvarpinu síðastliðinn mánudag. Ég fylgdist spenntur með enda nýmæli á ferð í íslenskri dagskrárgerð. Við stjórnvölinn er fólk með þroskahömlun sem fjallar um málefni líðandi stundar með sínum augum og opnar þar sýn sem alla jafna stendur sjónvarpsáhorfendum ekki til boða. Efnistök fyrsta þáttar voru í sjálfu sér ekki framandi. Saman fóru stuttar fréttaskýringar í bland við léttara efni og framsetningin kunnugleg úr hefðbundnum magasínþáttum. Til umfjöllunar voru málefni sem miklu varða í lífi fólks með fötlun en einnig atriði sem eru jafnt á áhugasviði fatlaðs fólks sem ófatlaðs og varða okkur öll í stóru og smáu.

Umfjöllun um Fjölmennt var áhugaverð og augljóst hvað miklu skiptir að fólki með fötlun gefist kostur á að mennta sig og þjálfa færni sína svo það fái notið sín sem best í samfélaginu. Réttur til náms þarf að vera öllum tryggður og ávinningur er ávallt fyrir hendi hver sem á í hlut sé áhuginn er fyrir hendi. Blindur faðir sem rætt var við lýsti stöðu sinni miðað við sjáandi feður og sagðist hlusta á son sinn vaxa úr grasi. Þótt auðvitað væri sitthvað honum erfiðara að annast í uppeldinu hefði hann margt annað að gefa syni sínum sem væri ekki síður mikils virði.

Umfjöllunarefni þáttarins áttu sammerkt að umsjónarmennirnir drógu fram á einfaldan en skýran hátt að öll erum við að fást við það sama þegar allt kemur til alls, þótt áherslur séu mismunandi eftir einstaklingum, aðstæðum þeirra og lífsreynslu. Umsjónarmennirnir sinntu verkefnum sínum vel, jafnt tæknifólkið á bak við tjöldin og fólkið fyrir framan myndavélarnar. Áhugi spyrla á viðfangsefnunum leyndi sér ekki, spurningum var vel fylgt eftir en þó fór saman einbeiting og afslappað og þægilegt viðmót. Ég hef ekki mikinn áhuga á tísku en þótti sannfærandi umfjöllun um klæðaburð sumarsins hjá þeim sem vilja fylgjast með og matreiðsluhornið fékk mig til að sleikja út um.

Með okkar augum er tímamótaþáttur í íslensku sjónvarpi og vonandi er með honum sleginn tónn sem fær að hljóma áfram. Það er svo mikilvægt að undirstrika fjölbreytileika samfélagsins og sýna hve það er miklu ríkara einmitt vegna hans. Ég nota líka tækifærið og rifja upp slagorð fatlaðs fólks: Ekkert um okkur án okkar! nokkuð sem allir ættu að hafa hugfast sem á einhvern hátt fjalla um tilhögun mála sem varða fatlaða.

Ég þakka öllum þeim sem gerðu mögulega framleiðslu þessara þátta sem enginn ætti að missa af í Ríkissjónvarpinu á mánudögum kl. 18.30. Ég hvet fólk líka til að heimsækja þáttinn á fésbók: facebook.com/medokkaraugum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Múgurinn spurður

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Í þeim fræðum sem snúa að beinni þátttöku almennings í töku ákvarðana er stundum gerður greinarmunur á þeim þjóðaratkvæðagreiðslum sem stofnað er til að kröfu kjósenda, eða vegna þess að þeirra er krafist samkvæmt lögum, og svo þeim sem stjórnmálamennirnir sjálfir setja í gang. Á ensku kalla sumir fræðimenn þær fyrrnefndu „referendum“ en nefna þær síðarnefndu „plebiscite“. „Referendum“ er gjarnan þýtt sem þjóðaratkvæði. „Plebiscite“ mætti þýða sem „múgspurningu“.

Munurinn á framkvæmd þjóðaratkvæðis og múgspurningar er þannig séð lítill. Í báðum tilfellum mæta menn í kjörklefa, krossa við já eða nei og henda svarinu í þar til gerðan kassa. En munurinn á þeim atkvæðagreiðslum sem stjórnmálastéttin kallar fram, þ.e.a.s. múgspurningum, og þeim sem þurfa að fara fram þvert á hennar vilja er auðvitað talsverður. Stærsta gagnrýnin á múgspurningar er að þær auka völd stjórnmálamanna í stað þess að tempra þau. Ef stjórnmálamenn vilja þjóðaratkvæði um tiltekið mál þá kann að vera að þeir vilji annaðhvort leysa úr eigin deilum, firra sig ábyrgð, styrkja stöðu málefnis sem þeir aðhyllast, eða hindra framgöngu máls sem ella næði í gegn.

Stundum getur munurinn á þjóðaratkvæði og múgspurningu verið óljós.

Atkvæðagreiðslurnar tvær um Icesave voru þannig ákveðnar af stjórnmálamanni, forseta Íslands, þótt sannarlega mætti færa fyrir því rök að stór hópur kjósenda hafi gert um þær kröfu. Á þann hátt væri hæpið að kalla þær múgspurningar. Öllu verra var raunar að forsetinn hafi gert það að rökum, synjuninni til stuðnings, að daggóður slatti af þingmönnum hafi sagst vilja þjóðaratkvæði um málið. Það kemur málinu ekkert við. Það er þingforseta að telja atkvæði á þingi, ekki forseta Íslands.

Kröfur minnihluta um þjóðaratkvæði á þingi eru oftast látalæti. Af og til, þegar umdeild stórpólitísk mál eru afgreidd, kalla þeir sem í þann mund eru að tapa atkvæðagreiðslunni eftir því að „þjóðin“ fái að tjá sig um það í þjóðaratkvæði. Slík krafa býr til eitt nafnakallið til viðbótar og lengir sjónvarpsútsendinguna. Auðvitað hefur slíkt múgspurningarákall enga merkingu aðra en þá að setja stuðningsmenn meirihlutans í þá stöðu að vera „hræddir við þjóðina“.

Að sjálfsögðu vita menn að slíkar kröfur ná ekki í gegn. Stuðningur við þær er einfaldlega speglun á stuðningi við málið sem verið er að afgreiða. Þannig vildi núverandi fjármálaráðherra á sínum tíma að „þjóðin“ fengi að tjá sig um afnám bjórbannsins en var nýlega minna spenntur fyrir þjóðaratkvæði um ESB-umsókn eða Icesave. Það væri rangmælt að kalla slíka afstöðu hræsni, svo augljós er leiksýningin.

Leikarar verða vart kallaðir lygarar, eða hræsnarar.

Annað dæmi um múgspurningar eru þær atkvæðagreiðslur sem stjórnmálamenn nota til að forða sjálfum sér undan ábyrgð og ákvörðun í erfiðum málum. Hugmyndir um þjóðaratkvæðagreiðslur um umsókn að ESB falla að einhverju leyti í þennan flokk. Sama á við um fleiri mál sem sundra gjarnan stjórnmálaflokkum. Það er auðvitað auðvelt að leysa hvaða deilu sem er með því að vísa henni annað. En það er samt ekkert spes lausn.

> Munurinn á framkvæmd þjóðaratkvæðis og múgspurningar er þannig séð lítill.

Loks bera að nefna þær múgspurningar sem stjórnmálamenn leggja til í því skyni að styrkja málefnastöðu sína. Slíkt kemur óneitanlega upp í hugann þegar tillögur um þjóðaratkvæði, eða öllu heldur múgspurningu, um breytingar á kvótakerfinu ber á góma. Auðvitað er fátt sem varnar ríkisstjórninni að gera þær breytingar á kvótakerfinu sem hún telur nauðsynlegar. Að bera upp múgspurningu um kvótakerfið getur varla þjónað öðrum tilgangi en þeim að vera hótun við andstæðinga breytinganna og um leið von um að atkvæðagreiðslan snúist um „gjafakvótann“, „þjóðareignina“ og „kvótabraskið“ fremur en það hvort það kerfi sem lagt er til sé sannarlega betra og hagkvæmara en það gamla.

Notkun þjóðaratkvæðagreiðslna um heim allan hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Sé vel að málum staðið getur beint lýðræði aukið aðhald stjórnmálamanna og eflt lýðræðislegan þroska kjósenda. En hafa ber sérstakan vara á þegar stjórnmálamenn í nafni beins lýðræðis leggja til múgspurningar í því skyni að ná fram eigin markmiðum. Saga tuttugustu aldar geymir ýmis víti sem ber að varast í þeim efnum.

# Starf UN Women í S-Súdan

Jafnréttismál
Guðrún Sif Friðriksdóttir
ráðgjafi hjá svæðisskrifstofu UN Women í S-Súdan



Hinn 9. júlí næstkomandi mun 54. land Afríku líta dagsins ljós þegar Suður-Súdan öðlast sjálfstæði eftir áratuga ófrið við norðurhluta Súdan. Árið 2005 markaði tímamót í Súdan en þá var skrifað undir friðarsamning til sex ára. Hluti af þessu samkomulagi gerði ráð fyrir kosningum, sem haldnar voru 2010. Jafnframt var gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um afstöðu Suður-Súdana til sjálfstæðis annars vegar eða áframhaldandi tengsla við norðurhlutann hins vegar. Niðurstaðan varð sú að í janúar síðastliðnum kusu tæplega 99 prósent Suður-Súdana sjálfstæði.

Staða kvenna í Suður-Súdan er bág. Stúlka sem fæðist í dag er líklegri til að láta lífið við barnsburð en að fá nokkurn tímann tækifæri til að ganga í skóla. Þetta segir í raun allt sem segja þarf um mæðradauða og menntun stúlkubarna. Ofbeldi í garð kvenna er algengt og konur hafa ekki verið áberandi í stjórnmálum eða annars staðar þar sem ákvarðanir eru teknar.

UN Women (sem áður var UNIFEM) hefur starfað í Suður-Súdan frá árinu 2006. Starfið hefur beinst að baráttu gegn kynbundnu ofbeldi sem og þátttöku kvenna í lýðræðislegum stjórnarháttum. Þetta á sérstaklega við um síðastliðið ár í tengslum við almennar kosningar og undirbúning fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna nú í janúar.

Rúm 20 ár eru síðan kosningar fóru síðast fram í Súdan, því var mikilvægt að efla vitund kvenna um þátttöku bæði fyrir kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslu. UN Women tók virkan þátt í þessari vitundarvakningu, með það í huga að ná til kvenna sérstaklega og einnig að hvetja karla til að standa ekki í vegi fyrir því að konur nýttu sér rétt sinn til þátttöku.

Fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna vann UN Women með 26 samtökum innan Suður-Súdan til þess að ná til kvenna í öllum hlutum landsins. Víða er vegakerfi svo slæmt að ekki er unnt að komast milli þorpa nema gangandi eða í sumum tilvikum á mótorhjólum. Þessi innlendu grasrótarsamtök unnu gríðarlega gott starf með stuðningi UN Women og náðu til margra þorpa þrátt fyrir þessar aðstæður. Niðurstaðan var að 52 prósent þeirra sem skráðu sig til kosningaþátttöku voru konur.

Nú, rúmum mánuði fyrir sjálfstæði Suður-Súdans, ríkir bjartsýni meðal íbúa landsins. Löng barátta fyrir frelsi og sjálfstæði virðist loksins hafa borið ávöxt og vonast er til að nýtt land muni leiða til betra lífs fyrir alla þegna. Augljóslega er mikið starf fyrir höndum og UN Women hyggst styrkja starf sitt í Suður-Súdan til muna. Áhugi og þörf er á að halda áfram að vinna að friðaruppbyggingu þar sem ólga ríkir enn þá undir yfirborðinu. Huga þarf verulega að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi sem er því miður alltaf vandamál í stríðshrjáðum ríkjum. Enn verður þörf fyrir að styðja við eflingu lýðræðislegra stjórnarhátta og hvernig megi auka hlut kvenna á því sviði, til að mynda þegar kemur að gerð nýrrar stjórnarskrár. Huga þarf að auka hlutfall læsra stúlkna og kvenna sem og að styrkja konur í atvinnusköpun og atvinnuleit. Síðast en ekki síst þarf að styðja vel við innlend grasrótarsamtök og stjórnvöld og byggja upp styrk þeirra og getu.

Það verður þörf fyrir mikinn stuðning í Suður-Súdan næstu áratugi. Reynsla UN Women sýnir hins vegar að vel skipulögð verkefni og samstarf við stjórnvöld og innlend grasrótarsamtök geta leitt til varanlegra umbóta.

**Yfirréttur Írlands [High Court of Ireland]**

**VARÐANDI IRISH LIFE AND PERMANENT PUBLIC LIMITED COMPANY (“IL&P”) OG VARÐANDI (STÖÐUGLEIKA) LÖG UM LÁNASTOFNANIR 2010 (“LÖGIN”)**

Yfirréttur Írlands gaf út hinn 9. júní 2011 réttartilskipun samkvæmt 9. kafla laganna með eftirfarandi skilmálum:

Rétturinn beinir því til IL&P (sem er lánastofnun með starfsleyfi í Írlandi) að taka skref í tengslum við að undirbúa að losa sig hugsanlega við suma eða alla starfsemi og eignir Irish Life Limited, sem er að öllu leyti í eigu dótturfyrirtækis IL&P, annaðhvort með opinberu útboði eða einkasölu þess.

Rétturinn tilkynnti *inter alia* að réttartilskipunin og sérhver hluti hennar sé ráðstafanir til endurskipulagningar til að uppfylla tilskipun nr. 2001/24/EC frá Evrópuþinginu og Evrópuráðinu hinn 4. apríl 2001.

Samkvæmt kafla 11 í lögunum er hægt að leggja fram umsókn um að víkja til hliðar réttartilskipun að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fram þar til Yfirréttar Írlands, Four Courts, Inns Quay, Dublin 7, Írlandi, ekki síðar en 5 virkum dögum eftir útgáfu réttartilskipunarinnar.

Samkvæmt kafla 64 (2) í lögunum, er ekki hægt að áfrýja réttartilskipuninni til Hæstaréttar [Supreme Court] án samþykkis Yfirréttar.

Eintök af réttartilskipuninni er fáanleg frá aðalskrifstofu Yfirréttar með tölvupósti til: listroomhighcourt@courts.ie





LAGERHREINSUN
20% - 70% AFSLÁTTUR
Opnunartími lagersölu:
Föstudag milli kl. 10 og 19
Laugardag milli kl. 11 og 16

Lagerhreinsunin er í Hlíðarsmára 1, þar sem Prodomo var áður til húsa.
við hliðina á Krossinum, beint fyrir ofan Smáralindina

LÚR
BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD Hlíðasmára 1 • 201 Kópavogi • Sími 554 6969 • Fax 554 3100 • www.lur.is • lur@lur.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



73 **RAGNAR ARNALDS** fyrrverandi ráherra er 73 ára.

*„Ég hef alltaf sagt að menn ættu ekki að vera allt of lengi í sama starfinu í pólitík, og hef hvatt mjög til endurnýjunar innan flokksins.“*

*Minning*

† *Elsku grallaraspóinn okkar og gleðigjafi*

## Vilhelm Þór Guðmundsson



var tekinn frá okkur í einni svipan. Spurningum sem aldrei verður svarað og „efin“ brjótast upp á yfirborðið hjá okkur öllum, ekkert fær hann afturkallað og sorg okkar og söknuður er mikill. Tilgangurinn enginn.

Þegar stórfjölskyldan lá harmi slegin og orkaði engu voru margar hendur tilbúnar að létta undir í hinu daglega lífi, matur var borinn heim til okkar ásamt hlýju þéttu faðmlagi í forrétt sem gaf okkur öllum orku til þess að takast á við næstu klukkutímana. Megið þið öll eiga þakkir fyrir.

Sóknarprestur okkar Selfyssinga, séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, fær frá okkur sérstakar þakkir fyrir sitt hlutverk í lífi okkar síðustu vikurnar. Nærvera þessa manns er engu öðru lík. Kristni Jósepssyni og konu hans Guðnýju Sölvadóttur hjá Fylgd sendum við einnig einstakar þakkir fyrir þeirra vinnu og hlýhug.

Yndislegri einstaklinga en ykkur þrjú er vart hægt að hugsa sér þegar fólk stendur í raunum sem þessum að kveðja ungan son sinn, bróður og barnabarn.

Sjúkraflutningamönnum, lögreglumönnum, slökkviliðsmönnum, björgunarsveitarmönnum og læknum sem hlúðu að drengnum okkar strax í upphafi verðum við ævinlega þakklát, ef ykkar hefði ekki notið við hefðum við aldrei átt þennan dýrmæta sólarhring sem við fengum til að knúsa, kyssa og kveðja.

Læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut sendum við einnig þakkir fyrir allt ykkar. Hjörtu ykkar eru stór, viljinn mikill en máttur okkar allra er takmarkaður. Við þökkum ykkur kærlega fyrir alla ykkar vinnu og hlýju.

Til ykkar allra sem hafið gefið af ykkur á einhvern hátt, hvort sem það er vinna ykkar, eyra til að hlusta á, öxl til að gráta á, armur til að styðjast við, faðmlag til að hughreysta, það megið þið vita vinir okkar, ættingjar, kunningjar og bláókunnugt fólk að öll hafið þið hjálpað okkur á þessum tíma og öll erum við þakklát ykkur.

Við sem eftir lifum höldum minningunni um glókollinn okkar á lofti og munum glaðværa, brosmilda prakkarann sem söng allan daginn.

Við erum þakklát fyrir að hafa átt þig yndislegi drengur þó endirinn hafi verið snöggur.

Við hittumst aftur síðar.

**Elísa Björk Jónsdóttir**
**Guðmundur Friðmar Birgisson** **Íris Rán Símonardóttir**
**Guðný Sigurðardóttir** **Halldór Ág. Morthens**
**María Svava Andrésdóttir** **Birgir Sigurfinnsson**
**og systkini Vilhelms Þórs.**

**ÞETTA GERÐIST:** 8. JÚLÍ 1922

## *Fyrsta konan kosin á þing*

Ingibjörg H. Bjarnason var kjörin á þing þennan dag fyrir 89 árum. Hún var fyrst kvenna til að setjast á þing og tók sæti á Alþingi hinn 15. febrúar árið 1923 fyrir sérstakt kvennaframboð. Ingibjörg var þá 53 ára og skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík.

Ingibjörg gekk síðar í Íhaldsflokkinn, sem varð Sjálfstæðisflokkurinn, og sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn til ársins 1930. Hún þótti hafa svikið málstaðinn þegar hún gekk til liðs við karlaflokk en barðist þó alltaf fyrir réttindum kvenna.



Ingibjörg lauk kvennaskólaprófi í Reykjavík árið 1882 og fór til framhaldsnáms til Kaupmannahafnar. Hún lauk leikfimikennaraprófi fyrst Íslendinga árið 1892.

Ingibjörg var ein tólf kvenna sem samdi frumvarp sem flutt var á Alþingi árið 1915 um þörf þess að byggja Landspítala og var formaður Landspítalasjóðs Íslands.Hún var einnig einn stofnenda Lestrarfélags kvenna í Reykjavík. Þegar Ingibjörg lést árið 1941 arfleiddi hún Kvennaskólann í Reykjavík að öllum eigum sínum. **Heimild: wikipedia.org**



**ÞÖRF FYRIR SAFN LJÓÐABÓKA** Þórarinn Hannesson hefur sett á fót Ljóðasetur Íslands á Siglufirði. Safnið verur vígt í dag við hátíðlega athöfn.

LJÓÐASETUR ÍSLANDS Á SIGULUFIRÐI: VÍGT VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN Í DAG

# Rós í hnappagat Siglufjarðar

Ljóðasetur Íslands á Siglufirði verður formlega vígt í dag. Athöfnin hefst klukkan 15 og vígir Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti setrið. Þá munu ljóðskáld lesa upp úr verkum sínum og boðið verður upp á léttar veitingar. Ljóðasetrið er til húsa að Túngötu 5. Þar var um árabil rekin hattaverslun og saumastofa Guðrúnar Rögnvaldsdóttur en húsið er nú í eigu Þórarins Hannessonar, sem er forstöðumaður safnsins.

„Ég fékk hugmyndina fyrir þremur árum en þá vantaði mig eitthvert hlutverk fyrir húsið. Ég hafði haldið hér nokkur ljóðakvöld og síðar ljóðahátíð á haustin með ýmsum ljóð- og tónskáldum landsins. Upp úr því spratt Ljóðasetrið,“ segir Þórarinn. Sjálfur hefur hann gefið út tvær ljóðabækur en er hógvær þegar talið berst að eigin afrekum í skáldaheimum.

„Ég kalla mig nú ekki ljóðskáld, en ljóðlistin hefur gripið mig síðustu ár. Það var þörf á safni þar sem hægt er að kynna sér sögu ljóðlistar á Íslandi frá A til Ö. Þetta er eina safn sinnar tegundar á Íslandi.“

Á Ljóðasetri Íslands er að finna hátt á annað þúsund íslenskar ljóðabækur bæði gamlar og nýjar. Þá er saga íslenskrar ljóðlistar frá því land byggðist sögð á veggspjöldum og bæði myndir og munir tengdir sögunni til sýnis. Hægt verður að kaupa ljóðabækur á setrinu og einnig að tylla sér niður og lesa.

„Bækurnar hafa mér borist að gjöf síðustu ár. Í dag mun ég meðal annars gera grein fyrir góðri gjöf upp á 900 bækur. Gestir geta svo fengið sér kaffi og kleinur og gluggað í bækurnar,“ segir Þórarinn, en safnið verður opið alla daga í sumar. Boðið verður upp á lifandi viðburði á hverjum degi, upplestur eða tónlist, barnadagskrá og skáld koma í heimsókn.

„Þórarinn Eldjárn, gestur opnunarinnar í dag, mun lesa upp úr sínum verkum hér á morgun. Ég hef fundið fyrir miklum áhuga og stuðningi víða og nú er þetta allt að komast á leiðarenda,“ segir Þórarinn og þakkar stuðning þeirra sem hafa lagt honum lið en að verkefninu standa einnig Menningarráð Eyþings og Menningarsjóður Sparisjóðs Siglufjarðar. „Ljóðasetrið verður enn ein rósin í hnappagatið hjá Siglufjarðarbæ.“

heida@frettabladid.is

†



*Yndislegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, sonur og bróðir,*

## Einar Skagfjörð Sigurðsson

*húsasmíðameistari,*
*Fögruhlíð 3, Hafnarfirði,*

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 2. júlí. Jarðsungið verður frá Garðakirkju fimmtudaginn 14. júlí. kl. 15.00. Jarðsett verður í kirkjugarði Hafnarfjarðar.

**Erla Sveinsdóttir**
**Telma Rut Einarsdóttir**
**Linda Björg Reynisdóttir** **Þórir Gunnarsson**
**Einar Örn Reynisson** **Kolbrún Ósk Elíasdóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir** **Sigurður Skagfjörð**
**Birna Baldursdóttir**
**Eyjólfur Guðni Björnsson**
**Jóna Björk Sigurðardóttir** **Steindór Árnason**
**Bogi Sigurðsson** **Borga Harðardóttir**
**Auður Bryndís Sigurðardóttir**
**G. Brynja Sigurðardóttir**
**Anna Sólveig Sigurðardóttir** **Þórður Úlfar Ragnarsson**
**Aðalheiður Drífa Sigurðardóttir**
**Guðmundur Björn Sigurðsson** **Natalia Vico**



†

*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Líney Ólöf Sæmundsdóttir

Álfabyggð 15,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, hinn 28. júní. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Furu- og Víðihlíðar fyrir góða umönnun.

**Hermann Jónsson**
**Erna Pétursdóttir** **Hallmann Óskarsson**
**Auður Björk Hermannsdóttir** **Jón Snorrason**
**Sæmundur Jón Hermannsson** **Sigrún Sigurgeirsdóttir**
**Brynjar Hermannsson** **Þóra Björk Kristjánsdóttir**
**Erla Hermannsdóttir**
**og ömmubörnin.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

## Sigríður V. Jóhannesdóttir

Breiðuvík 18, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 4. júlí, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 11. júlí kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og systkini.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**Keðjuverkun** heitir vísinda- og listasmiðja fyrir börn sem stendur opin í Verksmiðjunni á Hjalteyri frá 13-17 á laugardag og sunnudag. Boðið verður upp á verkefni sem byggjast á keðjuverkun. Byggðar verða risastórar brautir fyrir kúlur og bolta sem koma af stað keðjuverkun annarra hluta. Nánar á Facebook.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



EXPO · www.expo.is

Nýr matseðill

Ný upplifun

Ferskt

Fljótlegt

Fagmennska

Fyrir þig!

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is


Friðgeir Ingi Eiríksson á Gallery Restaurant er tilbúinn að elda fyrir fleiri Japani á Fimmvörðuhálsi.

# Ævintýri með Japönum



MYND/ÚR EINKASAFNI

Feðgarnir Eiríkur Ingi Friðgeirsson og Friðgeir Ingi Eiríksson hjá Gallery Restaurant á Hótel Holti tóku þátt í japönskum raunveruleikaþætti, sem tuttugu milljón manns horfa á, á dögunum. Þeir feðgar voru fengnir til að elda á Fimmvörðuhálsi og var þátturinn sýndur síðasta sunnudag í Japan.

Friðgeir Ingi, sem er yfirmatreiðslumeistari á Gallery Restaurant, segist ekki hafa vita hvað hann var að fara út í þegar tökur hófust. „Fyrst hélt ég að ég ætti bara að elda fyrir þá því þeir væru að taka upp sjónvarpsþátt. Svo kom í ljós að ég átti að elda, bera matinn til borðs og kynna hann," segir Friðgeir Ingi og bætir við að þátturinn fjalli um adrenalínferðamennsku.



Friðgeir eldaði meðal annars lambafillet og með því.

Friðgeir Ingi segir að gaman hafi verið að vinna með Japönunum að gerð þáttarins. „Nema hvað, þegar við komum að eldstöðinni þá vildu þeir að ég eldaði á eldfjallinu," útskýrir Friðgeir Ingi, sem tók vel í það. „Við fundum holu þar sem allt var rauðglóandi." Friðgeir Ingi segir að hann hafi eldað lambafillet, humar og humarsúpu. „Ég gerði allt úr ekta íslensku hráefni."

FRAMHALD | 2






**Álfagarðurinn verður opinn** í Hellisgerði um helgina frá 12 til 16. Þar stendur yfir sýning á listaverkum eftir listamenn sem tengjast Hellisgerði sterkum böndum. Á laugardaginn klukkan 13 mun sjáandinn Ragnhildur Jónsdóttir leiða álfagöngu og lýsa álfum og huldufólki í garðinum.


2011 LungA

Tónleikar 16. júlí

President Bongo (GusGus)

ásamt:

Högna Egilssyni,
Daníel Ágúst Haraldsyni,
Urði Hákonardóttur,
Davíð Þór Jónssyni
& Wonderbrass

Einnig spila:

Sin Fang
Reptile & Retard (DK)
Berndsen
Mammút

Snorri Helgason, Jón Þór,
Nolo, Klive, Muted,
Hanna Von Bergen (NO)

Forsala miða á midi.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir


PopUp Verzlun verður á þriðju hæð Iðu á morgun milli 14 og 19. Hönnuðirnir Mundi, Birna, Forynja og E-Label verða með lagersölu. Þar verða líka plötumarkaður safnara og Lakkalakk.

Heimild: www.popup.is


GÓÐIR SKÓR GOTT VERÐ


St. 36-41
Kr. 6.595


St. 36-41
Kr. 5.895


St. 24-35
Kr. 4.395


St. 41-46
Kr. 6.795

Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16

xena

Grensásvegur 8 & Nýbýlavegur 12
Sími 517 2040




Við gerð þáttarins kom í ljós að Friðgeir Ingi átti að elda, bera matinn til borðs og kynna hann. MYND/ÚR EINKASAFNI

Framhald af forsíðu

Hvernig kom þetta til? „Í eldgosinu í Eyjafjallajökli í fyrra elduðum við fyrir viðskiptavin við eldfjallið, áður en seinna eldgosið hófst og svæðið var girt af. Þá komumst við á forsíðuna hjá New York Times og í viðtöl hjá BBC og fleirum,“ segir Friðgeir Ingi og bætir við að Japanirnir sem standa að gerð sjónvarpsþáttarins hafi tekið eftir þessari umfjöllun og sett sig í samband við hann.

Aðspurður segist Friðgeir Ingi hafa fengið nokkur viðbrögð við þættinum. „Ég hef fengið nokkur símtöl í tengslum við þáttinn þar sem ég er spurður hvort ég geti farið í fleiri svona ferðir með Japani,“ segir Friðgeir Ingi brosandi. Og ætlið þið að bjóða upp á það? „Já, er það ekki? Það er alltaf gaman að lenda í svona ævintýri.“

*martaf@frettabladid.is*



„Við fundum holu þar sem allt var rauðglóandi,“ segir Friðgeir Ingi. MYND/ÚR EINKASAFNI



Friðgeir Ingi hefur þegar fengið nokkur viðbrögð við þættinum.


ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




GÆÐAFISKUR

Sölustaðir:
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.


## Götuhátíð Jafningjafræðslunnar

Götuhátíð Jafningjafræðslunnar verður haldin á Austurvelli milli 14 og 16 í dag. Raggi Bjarna, Ingó og veðurguðirnir, Haffi Haff og Kristmundur Axel taka meðal annars lagið en auk þess munu dans- og parkour-hópar leika listir sínar. Þá verður slegið upp götumarkaði auk þess sem starfsmenn jafningjafræðslunnar gefa ókeypis smokka, gos og candyfloss.

„Götuhátíðin er hápunktur sumarstarfsins en árlega er ráðinn inn hópur ungs fólks sem fer út um víðan völl með fræðslu og forvarnir,“ segir Ívar Sæmundsson, millistjórnandi Jafningjafræðslunnar. „Forvarnastarfið er unnið á jafningjagrundvelli þar sem ungur fræðir ungan og hefur gefist vel bæði hér heima og erlendis.“







Dúnmjúkar brúðargjafir

Úrval brúðargjafa á frábæru tilboðsverði

Ofið úr Pima bómull sem er einstök að gæðum
Yfir 40 tegundir íslenskra rúmfata til brúðargjafa

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 8. júlí 2011



## Edda Sif Pálsdóttir

### Heilluð af fjölmiðlabransanum

- Work Shop opnar
- Á rúmstokknum
- Útihátíðarförðun


VIFTUR
MELISSA
30sm BORÐVIFTA VERÐ 3.995 FRÁBÆRT VERÐ
40sm BORÐVIFTA VERÐ 4.995 FRÁBÆRT VERÐ
40sm GÓLFVIFTA VERÐ 5.995 FRÁBÆRT VERÐ
HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600
• GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500
Heimilistæki
ht.is

BEAUTY WORLD
FRÆÐSLA - HEILBRIGÐI - FEGURÐ



Viltu læra að verða snyrtifræðingur?
Viltu læra að verða förðunarfræðingur?
Viltu læra að verða naglafræðingur?

Þá er Beautyworld fyrir þig!

Allar nánari upplýsingar í síma 510 8080
www.beautyworld.is

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is



DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# núna

✻ Útilegur og bálkestir



**MARKAÐUR OG TÓNLIST**
Útiskemmtun verður á nýjum svölum Iðuhússins í Lækjargötu klukkan 14 á morgun. Í boði verður hönnunarmarkaður, lifandi tónlist og ljúffengar sumarveitingar.

Hönnunarbúðin Work Shop opnuð í dag:

## SUMARVERSLUN Í MIÐBÆNUM

Helga Lilja Magnúsdóttir og Berglind Árnadóttir, fatahönnuðir, hafa ákveðið að opna saman verslun og vinnustofu við Bergstaðastræti 4. Verslunin hefur hlotið nafnið Work Shop og verður aðeins starfrækt út ágúst.

Helga Lilja og Berglind kynntust í gegnum Pop Up markaðinn vinsæla í júní og ákváðu í kjölfarið að koma á laggirnar sameiginlegri verslun og vinnustofu. Stúlkurnar tóku við húsnæði verslunarinnar Royal Extreme og munu opna búðina með pompi og prakt í dag.

„Við hittumst á Pop Up markaðnum í júní og fórum að tala um hvað okkur langaði að opna búð svona yfir hásumarið. Við æstum hvor aðra svolítið upp í þessum pælingum og á endanum ákváðum við að demba okkur út í þetta, einn, tveir og bingó,“ útskýrir Helga Lilja.

Stúlkurnar tóku við húsnæði Royal Extreme og verða með vinnustofu á efri hæðinni en verslun á þeirri neðri. „Önnur hvor okkar, eða báðar, verður hér alla daga nema sunnudaga. Við munum selja flíkur úr sumarlínum okkar og svo verða einnig til sölu mjög falleg spænsk barnaföt sem vinkona Berglindar hannar. Við ætlum að reka búðina út ágúst en Berglind fer aftur út til Spánar í byrjun september. Það er þó ekki útilokað að ég haldi áfram með húsnæðið og þá í samfloti við annan hönnuð,“ segir Helga Lilja.

Í tilefni opnunarinnar verður efnt til gleðskapar milli klukkan 17 og 22 í dag. Að auki verður veittur tíu prósenta afsláttur á öllum vörum í versluninni. - sm



**Ný verslun** Helga Lilja Magnúsdóttir og Berglind Árnadóttir munu reka verslunina Work Shop í sumar. Búðin verður opnuð í dag og verður starfrækt út ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ummæli Formichetti gagnrýnd harðlega:

## Vill ekki vinna með feitu fólki

Nicola Formichetti, hönnuður hjá Thierry Mugler og stílisti Lady Gaga, sagði í viðtali við tímaritið W að hann ynni helst ekki með feitu fólki. Ummæli hans hafa vakið hörð viðbrögð bæði innan og utan tískuheimsins.

Í viðtalinu við W sagði Formichetti að hann væri vanur að klæða fyrirsætur og grannvaxið fólk og kynni ekki við að vinna með feitu fólki. „Ég kom á staðinn og þá biðu mín þrír feitir karlmenn. Ég gekk út. Þetta var í síðasta sinn sem ég vann með feitu fólki, þetta var svo lágkúrulegt,“ sagði Formichetti. Eftir fjölmiðlastorminn í kringum orð Formichetti skrifaði hann á Facebook-síðu sína og sagði W hafa mistúlkað orð sín. Hann sagðist einnig hafa unnið með feitu fólki og nefndi í því samhengi söngkonuna Beth Ditto. -sm



**UMDEILDUR** Nicola Formichetti sagði í blaðaviðtali að hann ynni helst ekki með feitu fólki. NORDICPHOTOS/GETTY

✻ augnablikið



**HAMINGJUSÖM BRÚÐHJÓN**
Ofurfyrirsætan Kate Moss gekk í það heilaga með tónlistarmanninum Jamie Hince helgina sem leið. Moss klæddist kjól úr smiðju Johns Galliano og þótti glæsileg brúður. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Haraldur Guðjónsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Nýtt og
ferskt bragð
Engifer
6 vítamín
Engiferjurtin hefur verið notuð sem krydd og lækningajurt í þúsundir ára. Sem lækningajurt hefur hún m.a. verið notuð gegn kvefi og til að bæta meltingu. Hún inniheldur fjölmörg efnasambönd, þ.á.m. gingeról sem er öflugt andoxunarefni. Einnig er hún rík af kalíum og inniheldur auk þess kalk, sink, fosfór og C-vítamín.
**Smakkaðu nýjan Kristal Plús með sítrónu- og engiferbragði!**
Kristall plus
Engifer
6 vítamín
LÉTTKOLSÝRÐUR DRYKKUR MEÐ SÍTRÓNU- OG
Kristall plus
Egils

# VIL EKKI AÐ TALAÐ VIÐ MIG EINS OG STE

**Edda Sif Pálsdóttir sló í gegn sem annar stjórnenda Skólahreysti í vetur. Hún starfar nú sem íþróttafréttamaður á fréttadeild Sjónvarpsins og líkar vel.**

*Ljósmyndir:* Haraldur Guðjónsson
*Viðtal:* Sara McMahon
*Förðun:* Helena Konráðsdóttir hjá MAC



Edda Sif er Garðbæingur í húð og hár en ólíkt öðrum Garðbæingum heldur hún ekki bara með liði Stjörnunnar í fótbolta. „Pabbi minn er úr Vestmannaeyjum og hefur dregið mig á ÍBV-leiki frá blautu barnsbeini svo ég er gallharður ÍBV-ari þegar kemur að fótbolta, annars er ég mikill Garðbæingur í mér og get eiginlega ekki hugsað mér betri stað til að búa á.“

Edda Sif starfar sem íþróttafréttamaður hjá Sjónvarpinu í sumar og þykir standa sig vel sem slíkur. Hún hóf fyrst störf hjá RÚV þegar hún var í framhaldsskóla og vann þá við að afrita sjónvarps- og útvarpsefni fyrir viðskiptavini. „Ég vann á föstudögum og laugardögum við að brenna þætti á geisladiska. Ég var sem sagt á söludeildinni og einnig á safnadeild þar sem ég raðaði meðal annars spólum í hillur. Næst sótti ég um starf skriftu og vann við það bæði á sumrin og með skóla. Hlutverk skriftunnar er að halda utan um fréttatímana og passa upp á að allar tímasetningar passi og allt gangi vel fyrir sig. Ég held að þetta sé mjög góður grunnur fyrir önnur störf á fréttastofunni því maður lærir að temja sér ákveðinn hugsunarhátt og skilur betur hvernig þetta gengur allt fyrir sig. Góðar skriftur eru mjög mikilvægar,“ segir hún og brosir.

### EINA STELPAN Á DEILDINNI

Edda Sif er eini kvenkyns íþróttafréttamaðurinn á deildinni en starfið þykir henni skemmtilegt. „Þetta er rosalega skemmtileg vinna. Það hefur þó komið fyrir að ég biðji íþróttamenn og þjálfara að tala ekki við mig eins og stelpu, örfáir áttu það til að tala mjúklega til mín og nota annan orðaforða. Annars hefur þetta bara gengið nokkuð vel og ég er ánægð í starfinu.“

Aðspurð segist Edda Sif hafa verið virk í íþróttum á sínum yngri árum og æfði bæði handbolta og dans. „Ég æfði handbolta, fóltbolta, dans og golf þannig að ég hef ágætan bakgrunn en ég hef líka þurft að lesa mér til um ýmsar íþróttir. Um leið og ég hef gert eina frétt um íþrótt sem ég vissi ekki mikið áður um er framhaldið samt fljótt að koma.“

> *Þetta er rosalega skemmtileg vinna. Það hefur komið fyrir að ég biðji íþróttamenn og þjálfara að tala ekki við mig eins og stelpu, örfáir áttu það til að tala mjúklega til mín og nota annan orðaforða.“*

Edda Sif er dóttir Páls Magnússonar útvarpsstjóra og því vakti ráðning hennar í sumarafleysingar á fréttastofu RÚV mikla athygli á sínum tíma. Hún viðurkennir að hún hafi búist við þessum sterku viðbrögðum en ákveðið að láta þau ekki á sig fá heldur láta verkin tala. „Ég reyndi að taka þetta ekki of nærri mér þó að þetta hafi auðvitað verið óþægilegt, það eina í stöðunni var bara að standa sig vel. Pabbi vissi ekkert af umsókn minni, ég sótti bara um starfið, skilaði inn ferilskrá, tók fréttamannaprófið og fór að lokum á fund með yfirmönnum. Ég held að það hefði bara orðið mér til ama að fara að blanda pabba í þetta.“

Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvernig gangi að vinna undir foreldri sínu? „Við leiðumst ekkert um vinnustaðinn,“ segir hún í gamansömum tón. „Ég sé hann voða lítið í vinnunni, það er helst að maður rekist á hann í matarhlénu.“

### ÚTVARPIÐ HEILLAR

Edda Sif stundar nám í íslensku og almennum málvísindum við Háskóla Íslands og hyggst ljúka því námi um jólin. Hún er þó svo heilluð af fjölmiðlastarfinu að hún gæti vel hugsað sér að starfa áfram innan þess geira eftir útskrift. „Þetta er rosalega skemmtileg vinna og ég væri mikið til í að halda áfram að starfa við þetta. Íþróttafréttamennskan er spennandi, maður þarf alltaf að vera á tánum, en ég væri líka til í að prófa eitthvað annað, kannski eitthvað mannlífstengdara.“

> *Mamma hélt að ég myndi aldrei flytja að heiman en það gerðist nú samt og mér líkar það vel.*

Aðspurð hvort hún gæti hugsað sér að vinna við útvarpsþáttagerð svarar hún játandi og segir útvarpið bæði rómantískt og vanmetið. Innt eftir því um hvað útvarpsþátturinn mundi fjalla er hún fljót til svars. „Ég er með mjög „pervertískan“ áhuga á kirkjugörðum og sögu fólksins sem þar hvílir. Ég vann í kirkjugarði í nokkur ár og þar hvíldi til dæmis fjölskylda sem hafði öll dáið sama dag, á afmælisdaginn minn. Ég hætti ekki fyrr en ég komst að því hvað hefði gerst, en þau höfðu látist í flugslysi. Ég held að leyndarmálin og sögurnar sem leynast í kirkjugörðum séu mjög áhugavert efni í útvarpsþátt… ég vona að þetta hljómi ekki of undarlega?“

### VÍSITÖLUFJÖLSKYLDA Í REYKJAVÍK

Edda Sif hefur verið á föstu með Árna Má Þrastarsyni í fjögur ár og kynntust þau á sínum tíma í gegnum sameiginlegan vin. Parið hefur deilt heimili undanfarin tvö og hálft ár ásamt hundinum Fróða og kettinum Vampa. „Við erum nánast vísitölufjölskylda, já, enda lít ég á dýrin sem börnin mín,“ segir



# SÉ
# ELPU



**Eina stelpan** Edda Sif Pálsdóttir er eina stúlkan í íþróttafréttadeildinni. Hún kann þó vel við sig í starfinu enda er það líflegt og spennandi.

hún hlæjandi. „Mamma hélt að ég myndi aldrei flytja að heiman en það gerðist nú samt og mér líkar það vel. Kötturinn flutti með mér úr Garðabænum en Fróði er eins og hálfs árs gamall og er um það bil að hætta að vera hvolpur.“

Edda býr þó ein með Fróða og Vampa í sumar því sambýlismaðurinn stakk af í sólina í Kaliforníu þar sem hann stundar sumarnám við Stanford-háskólann. „Ég er ein með dýrunum í sumar. Mamma hjálpar mér að passa hundinn á meðan ég er í vinnunni. Einstaka sinnum hef ég þó þurft að taka hann með mér í vinnuna, hann kom til dæmis með mér á fótboltaleik um daginn og sat þá stilltur í kjöltu minni allan tímann.“

Sem sumarstarfsmaður fær Edda Sif ekkert frí í sumar og segist sjálf ekki skilja hverju fólk eyði fríum sínum í. „Ég skil ekkert hvað fólk ætlar að gera í svona löngu fríi. Ég reyndar tryggði mér frí um verslunarmannahelgina og ætla á Þjóðhátíð í Eyjum. Ég fór í fyrsta sinn í fyrra og ákvað þá að missa ekki af Þjóðhátíð eftir það,“ segir hún glaðlega að lokum.

## * bak við tjöldin



Þegar Árni Már, kærasti minn, sá mynd af mér lítilli fannst honum hann kannast eitthvað við þessa ungu dömu. Hann fletti í gegnum albúmið heima hjá pabba sínum og fann nokkrar myndir af okkur saman á Flórída, þá fimm ára. Ég trúði varla eigin augum.



Fjölskyldumynd frá Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í fyrra. Ægilegt fjör.



Ein skemmtilegasta vinnan mín var að vera annar umsjónarmanna Skólahreysti. Þar vann ég meðal annars með Guðmundi Gunnarssyni, sem er algjört gull af manni, sem ég vann svo eftirminnilega í hreystigreip.



Þetta er Fróði, sonur minn og sannkallaður gleðigjafi.






Vertu ferskleikinn uppmálaður í sveitinni

# ÚTILEGUÚTLITIÐ

Það er óhætt að fullyrða að sumarið er komið. Hitamælirinn sýnir tveggja stafa tölur og hvert einasta krummaskuð á landinu er fullt af forvitnum borgarbúum. Útihátíðir og bæjarveislur eru um hverja einustu helgi og tjaldsvæðin fyllast.

Þó að íslenska sveitasælan sé bæði fögur og rómantísk er ekki alltaf auðvelt að halda sér frískum og ferskum þegar útikamrar eru snyrtiaðstaðan. Föstudagur fékk stelpurnar hjá MAC til að gefa lesendum ráð um hvernig er best að halda húð og hári brakandi fersku í komandi útilegum án þess að troðfylla allar töskur af snyrtivörum. *- áp*



**Sniðugt í útilegubakpokann:** Origins litað dagkrem, naglalakk frá Opi í hressandi lit, Pot Rouge frá Bobbi Brown fyrir varir og kinnar, glært augnaháragel frá Mac, hyljari frá Bobbi Brown,



**Gott í hárið** Þurrpúður frá Aveda er sniðugt með í útileguna, það gefur hárinu aukna lyftingu.



**Einkennisklæðnaður** Gúmmístígvél frá Hunter fullkomna útileguútlitið. Þau fást meðal annars í versluninni Geysi á Skólavörðustíg.



**Sveitarómantík** Það er mikilvægt að nota gott rakakrem með sólarvörn til að halda húðinni ferskri, einnig er sniðugt að skipta meikinu og púðrinu út fyrir litað dagkrem á sumrin. Bleikir og ferskjutónar á kinnar og varir setja svo punktinn yfir i-ið. Sniðugt að nota lit sem gengur bæði á varir og kinnar og tekur lítið pláss í farangrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

### Áhættusamt kynlíf

**?** Hæ Sigga Dögg, Hér kemur ein skrítin spurning en ég hef oft spáð í „fisting“. Ég hef heyrt alls konar sögur um þetta fyrirbæri og sumar hryllingssögur um að heill handleggur fari inn. Er þetta líkamlega hægt eða bara flökkusaga?

**Svar:** „Fisting“ er þegar hnefa og/eða framhandlegg er stungið upp í leggöng eða endaþarm. Þessi kynlífshegðun er ekki talin vera mjög algeng en hún er stunduð og því ekki flökkusaga. Nokkra hluti ber að hafa í huga áður en slíkt er prufað. Leggöng gefa meira eftir en endaþarmur. Ef einstaklingur notar vel af sleipiefni og er afslappaður og umfram allt, til í þetta, þá ætti hnefi að komast inn. Hnefi ásamt framhandlegg getur svo verið töluvert erfiðara og áhættumeira. Hvorki leggöng né endaþarmur teygjast í hið óendanlega en ef viðkomandi ætlar sér að troða handlegg inn á hann á hættu að valda meiðslum, jafnvel blæðingu, frá öðrum líkamshlutum svo sem leghálsi eða þörmum. Í rannsóknum er „fisting“ því talin vera kynferðisleg áhættuhegðun. Það eru meira að segja til frásagnir af dauðsföllum af völdum slíks kynlífs, sérstaklega þegar heilum framhandlegg er troðið inn. Þetta er því líkamlega hægt þó að þetta sé kannski ekki allra og ég mæli tæpast með því.



**?** Góðan dag. Ágætir pistlar og um margt fróðlegir. Víða úti um heim eru til klúbbar sem þjóna fólki sem hrífst af „voyeurisma“. Hefur þú heyrt um hvort vettvangur sé fyrir slíkt hér á Íslandi?

**Svar:** „Voyeurismi“ útleggst á íslensku sem gægjur, oft kennt við að vera gluggagægir. Kynferðisleg ánægja fæst þá út úr því að horfa í leyni á fólk nakið og/eða ókunnuga stunda kynlíf. Þetta athæfi er ólöglegt ef viðkomandi sem á er horft veit ekki af því. Vandamálið við þá sem stunda gægjur getur verið að kynferðislega nautnin er tengd spennunni að uppgvötast við gægjurnar. Því eru gægjarar ekki með sýniþörf því þeir vilja vera í leyni og athæfið því oft ólöglegt. Margir klúbbar víða um heim hafa reynt að uppfylla þessa löngun á löglegan hátt og búið þannig um að hægt sé að fylgjast leynilega með einstaklingum, sem hafa gefið samþykki sitt, stunda kynlíf. Persónulega hef ég ekki kynnt mér samfélag um gægjur hér á Íslandi en miðað við „algengi“ þessarar hegðunar tel ég líklegt að vettvangur fyrir slíkt finnist hér á landi. Vissulega stundar fólk alls kyns heimateiti og sendir inn auglýsingar, bæði eftir því að vera áhorfandi og að fá áhorfanda, á kynlífstengdar vefsíður. Það að leyfa áhorfanda getur verið ein leið til þess að bjóða öðrum aðila óbeinan aðgang að kynlífi sínu án þess að sá sé virkur þátttakandi.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*

***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***



Alltaf eitthvað nýtt
Bílaþvottakústar
2.995
Hleðslutæki 12V 6A
kr. 4.995
Hjólkoppar
12/13/14/15”
frá kr. 795
Úðabrúsi 5L
kr. 2.695
Ljósabretti kr. 6.785
Tröppur 5 þrepa
kr. 5.999 tilboð
Loftdæla
12V 30L
kr. 8.995
Bílabónvélar 3 gerðir
frá kr. 4.995
Loftmælir
kr. 2.750
Steypuskófla
kr. 1.710
Álskófla
kr. 2.695
Stungugaffall
kr. 3.395
Malarskóflur
frá kr. 1.195
Kantskeri
kr. 1.695
Hjólbörur 80L
kr. 6.999
Malarhrífa
frá kr. 1.450
Stunguskóflur
frá kr.
1.695
Veltisög
kr. 49.995
Bútsög
kr. 19.995
Hjólsög
kr. 17.999
Vinnuhanskar
frá kr. 175
Greinaklippur
frá kr. 785
Barnahamar - léttur
kr. 499
Sláttuorf
frá kr. 4.245
Bogasög
kr. 965
Öryggisskápur
kr. 6.930
Fötur - margar gerðir
frá kr. 495
Garðslanga
15 mtr
kr. 1.970
Reiðhjólafestingar á kúlu
F/2-hjól kr. 4.785
F/3-hjól kr. 9.760
Trésög 650 mm
kr. 695
12V Fjöltengi
kr. 1.995
12/24V Framlenging
kr. 999
Straumbreytir
12V->230V
kr. 7.995
Straumbreytir
230V->12V
kr. 3.985
Háþrýstiþvottatæki
frá kr. 9.995
Yfirbreiðslur
- margar stærðir
2x3M kr. 580
Slípirokkur 500W
kr. 2.995
Myndlistavörur
í miklu úrvali
Strigar, ótal stærðir
frá kr. 195
Þekjulitir/Föndurlitir
frá kr. 480
Acryllitir 75 ml
kr. 480
Hleðsluborvélar
fjölmargar gerðir
frá kr. 3.995
Keðjusög
kr. 17.999
Olíu/Acrýl/Vatnslitasett
12/18/24x12 ml
frá kr. 495
Gólftrönur
frá kr. 4.395
16 ára
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-17, sun. kl. 13-17



## YFIRHEYRSLAN

**Eygló Margrét Lárusdóttir, fatahönnuður og einn af eigendum verslunarinnar Kiosk**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Því miður háir hælar.

**Uppáhaldsliturinn:** Má maður eiga uppáhaldslit þegar maður er fatahönnuður? Pass.



**Ómissandi í snyrtibudduna:** Það er varasalvi.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Naglalakk held ég bara.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Ekkert, hef það svo gott. Nema kannski flatbotna skó – hahaha.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Það er nýja lagið með Berndsen.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Þessi Eygló þarna í Kiosk er alveg með þetta!

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Jack Daniels í Sprite. Mæli með því!





## Maternity er ný lína frá Oroblu

sem var að koma á markað og eru meðgöngusokkabuxur sem styðja vel við maga, bak og fætur á meðgöngunni. Eru einstaklega þægilegar og veita góðan stuðning, sérstaklega þegar líða tekur á meðgönguna. Eru til í 40 denum í svörtum og nude litum eru því mjög fallegar með pilsum og kjólum, en henta einnig mjög vel undir buxur, leggings og litaðar sokkabuxur. Gerir ófrískum konum því mögulegt að klæðast hverju sem er og vera enn glæsilegri á meðgöngunni, ásamt því að auka vellíðan.

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur
Fylgstu með

36" trexus dekk til sölu á 16,5 x 12" breiðum felgum 8 gata, uppl: 858-5127

Þeytivinda,200L,Miele, kr.90þ 10 kg.þvottav/10 kg.þurrkari, kr.70þ settið uppl í s.897 1012

Til sölu 10 m hátt dautt grenitré. Verðhugmynd 15 þ. Uppl. í s: 895 2485.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Mótatimbur óskast. Ca 600 lengdarmetrar og slatta af 2x4. Tilboð óskast. Uppl. í s. 866 8915 og rikkigust@visir.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120




## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríar prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Líkamsrækt

Sniðugar megrunarvörur! Vivamax fitness og nuddbelti, mini vöðvaörvandi tæki, krem gegn appelsínuhúð og fl. á www.eshop.is klikkaðu á Fitocentrum merkið 100 % árangur.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Barnið

Fitocentrum. Sniðugar vörur fyrir smábörn, nefryksuga, snuð, hitamælir og fleira. www.eshop.is og klikkaðu á Fitocentrum merkið. Láttu barnið þitt anda léttar...

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Gullfallegir hreinræktaðir rottweiler hvolpar til sölu. Afhendast heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ættbók. Uppl s. 662 3860.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**



Yndislegir papillonhvolpar óska eftir framtíðarheimili, fjórir 9 vikna rakkar tilbúnir til afhendingar. Með ættbók frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Upplýsingar í s- 4866034, á www.123.is/hlidar og hlidgnup@hotmail.com.



Hreinræktaðir Labrador Hvolpar Gullfallegir hvolpar undan einstaklega fallegum, skapgóðum og margverðlaunuðum foreldrum. Ættbókarfærðir og tilbúnir til afhendingar í kringum 13.júlí. Nánari uppl.-disa@gaman.is/863 7737

Basset Fauve De Bretagne hvolpar leita að framtíðarheimili. Með ættbók frá HRFÍ, bólusettir og örmerktir .Nánari uppl. í síma 8447174 og á westie@mi.is

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Þjórsá - Hvítá - Ölfusá**
Veiðinet fyrir veiðirétthafa. Heimavík ehf. 892 8655. heimavik.is

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 4 herb. íbúð í efra Breiðholti Verð 147.000, - á mánuði. Upplýsingar í síma 895 9376 á milli 14 - 16.

Tvö herbergi til leigu í Árbæ. S. 692 8461.

Til leigu 250fm raðhús í Mosfellsbæ uppl.gefur Högni í S:822-5755

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi, þvottahúsi, Stöð 2 og Sport. Uppl. í s. 893 2385.

Til leigu 130 ferm. 5-6 herb. sérhæð í Skerjafirði. fyrir reyklausa og reglusama leigjendur. Laus strax, uppl. í síma 8931808.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

**Vinnuherbergi til leigu 110 RVK**
3. vinnuherbergi í sameiginlegu skifstofuhúsnæði á góðum stað á hálsinum 110 RVK, um er að ræða 3 vinnuherb. með sameiginlegri kaffiaðstöðu og setustofu. Uppl. gefur HALLDÓR S. 899 7230.

## Húsnæði óskast

**ATH SKIPTI !!!**
Sumarbústaður á Suðurlandi óskast í skiptum fyrir gott sumarhús á Spáni. Upl í síma 861 1751

Óskum eftir íbúðum í skammtímaleigu á skrá fyrir erlenda ferðamenn. Uppl. í síma 773 3182.

## Fasteignir



**Sætún- Einbýli í sveit, rétt við Reykjavík.**
Rúmgott einbýlishús til sölu. 222 fm ( þar af er stór 63 fm bílskúr). Húsið er staðsett á Kjalarnesi, 12 km frá Reykjavík. Laust strax. Lóðin er 0.4 he og gróin. Frábært útsýni til sjávar. Þarfnast standsetningar. Frábært verð 32.9 millj. Ekkert áhvíl-engin skipti. Stefán sýnir : 895 2049

## Sumarbústaðir



**Alicante!**
Frábært 4ra svefnherb.einbýlishús með einkasundlaug og glæsilegum garði til leigu á Spáni í júlí. Svefnpláss fyrir allt að 10 manns Uppl. í s.897 1012 og á spanarvillan.is

## Atvinnuhúsnæði

Fiskbúð til sölu á besta stað í bænum. Uppl. í síma 896 3851.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

**Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.**

## Fasteignir

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

**OPIÐ HÚS Í HÁDEGINU**
**Í DAG FRÁ 12–13**

**Akraland – Garðabæ**

**Árakur 1, íbúð 201.**
3ja herbergja 115,8 fm . Laus strax. Áhvílandi frá Íbúðalánasjóði 24 millj. Verð 27,9 millj.

**Árakur 1, íbúð 302.**
4ra herbergja 138,8 fm. Áhvílandi frá Íbúðalánasjóði 24,4 millj. Verð 33,0 millj.

**Rúgakur 3a, íbúð 101.**
3ja herbergja 158 fm. Áhvílandi frá Íbúðalánasjóði 23,1 millj. Verð 39,5 millj.

**Gústaf Adolf Björnsson lögg.fasteignasali 895 7205**

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Aðstoðarmaður óskast í eldhús, íslensku og ensku kunnátta nauðsinleg uppl: 8232862 e.kl.12




Eldsmiðjan á Bragagötu leitar að vaktstjóra í eldhúsi og bakara. Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Hæfniskröfur og umsóknareyðublöð á: http://umsokn.foodco.is

**Meirapróf.**
**Okkur vantar meiraprófsbílstjóra í afleysingar á flutningabíl hjá heildsölufyrirtæki í Rvk. Um er að ræða alls fjórar vikur. Vikur: 29-30-31-33 Vinsamlega sendið umsóknir / fyrirspurnir á netfangið: vinnukraftar@gmail.com**

Bjarni Fel Sportbar óskar eftir hressum þjónum/barþjónum. Upplýsingar á staðnum 12-14.Júní milli 12:00-18:00, Austurstræti 20

Óska eftir að ráða duglegan starfskraft til starfa í sveit. Um óákveðinn tíma. Æskilegt að viðkomandi sé með bíl. Uppl. í síma 895 3389 frá kl 12-21.

Atvinna í Vestmannaeyjum Okkur vantar hresst fólk í vinnu við afgreiðslustörf og þjónustu í sal í elsta og helsta Bakarii Vestmannaeyja. Upplýsingar veitir Bergur 8982466. Vilberg Kökuhús

**ATVINNUTÆKIFÆRI**
Starfsmaður óskast til afgreiðslu og þrifa hjá húsbílaleigunni Touring Cars Iceland ehf., Bolafæti 1, Reykjanesbæ. Um er að ræða lifandi og skemmtilegt starf, góð laun í boði. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á tc.umsokn@gmail.com, með ferilskrá á viðhengi.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál




**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

Dýrahald Tæplega 6 mánaða gamall, glæsilegur, hreinræktaður Shar pei hundur þarf að eignast nýtt heimili. Upplýsingar í síma 426 9415 og 862 3642.

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Opið hús í dag föstudag**
**frá kl. 12:00 til 12:30 - á öllum eignum,**

**Rúgakur 3, íbúð 101 - 210 Garðabær**



Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 3 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, rúmgott svefnherb., baðherb./þvottaherb., stofu, borðstofu, eldhús og hjónasvítu með fataherb., baðherb. og svefnherb. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt 25,3 m2 sér geymslu í lokuðum bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **V. 39,9 m.** 10004

**Árakur 1, íbúð 302 - 210 Garðabær**

Mjög falleg og rúmgóð 4ra herbergja, 138,8 m2 endaíbúð á efstu hæð við Árakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, sjónvarpsstofu eldhús, þvottahús, baðherbergi, og þrjú svefnherbergi. Íbúðinni fylgir 13,8 m2 sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. Stórar svalir með fallegu útsýni í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **V. 33,0 m.** 10002



**Árakur 1, íbúð 201 - 210 Garðabær**

Björt og falleg 3ja herbergja, 115,8 m2 íbúð á 2 hæð við Árakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi, og tvö svefnherbergi. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. Góðar svalir í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **V. 27,9 m.** 10003

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** teikniblek, **6.** hljóm, **8.** að, **9.** sníkjudýr, **11.** bókstafur, **12.** lítið barn, **14.** yfirstéttar, **16.** til, **17.** hlaup, **18.** goð, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lýð, **3.** innan, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** rá, **7.** ríkur, **10.** löng, **13.** tækifæri, **15.** óhapp, **16.** siða, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** óm, **8.** til, **9.** lús, **11.** ká, **12.** krili, **14.** aðals, **16.** að, **17.** gel, **18.** guð, **20.** yy, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** fólk, **3.** út, **4.** sikiley, **5.** slá, **7.** múraður, **10.** sið, **13.** lag, **15.** slys, **16.** aga, **19.** ðð.







# Um gæsluvarðhald

BAKÞANKAR
Mörtu Maríu Friðriksdóttur



Oft er áhugavert fyrir fyrir ungan laganema að fylgjast með umræðu um lögfræðitengd málefni. Á undanförnum vikum hef ég tvisvar sinnum rætt um gæsluvarðhald við vini og vandamenn. Annars vegar um gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um kynferðisbrot í Vestmannaeyjum og hins vegar yfir 21 árs litháískri stúlku.

**VIÐMÆLANDI** minn í Vestmannaeyjamálinu botnaði ekkert í því að maðurinn hefði ekki verið úrskurðaður í gæsluvarðhald þegar málið komst upp. Það væri augljóst að maðurinn hefði átt að vera kominn bak við lás og slá fyrir löngu og hefði átt að dúsa þar síðan. Meiri samúðar gætti í garð litháísku stúlkunnar í umræðu við ættingja vegna gæsluvarðhalds stúlkunnar. Ættinginn velti fyrir sér af hverju unga konan væri vistuð á Litla-Hrauni. Ljóst væri að unga konan hefði átt mjög erfitt og angist hennar væri augljós í gerðum hennar. Ættinginn velti því fyrir sér hvernig stuðningsneti útlendinga sem setjast að á Ísland væri háttað. Væri ekki réttast að styrkja tengsl útlendinga við Íslendinga og hjálpa þeim að aðlagast nýjum aðstæðum?

**UMRÆÐUR** þessar vöktu upp vangaveltur um hvaða augum almenningur lítur gæsluvarðhald. Margir telja trúlega að markmið gæsluvarðhalds sé að loka þann grunaða frá samfélaginu. Hefndarþorstinn ræður augljóslega miklu og reglan um að fólk sé saklaust uns sekt sé sönnuð er látin sem vind um eyru fjúka.

**GÆSLUVARÐHALDI** er oftast beitt í þágu rannsóknar máls. Um gæsluvarðhald er fjallað í XIV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi eru almenn og sérstök. Almennu skilyrðin þurfa alltaf að vera fyrir hendi en að auki þarf eitt hinna sérstöku skilyrða að vera til staðar. Almennu skilyrðin eru fimmtán ára aldur, rökstuddur grunur, fangelsisrefsing, samsvörun milli gæsluvarðhalds og væntanlegrar refsingar og meðferð máls má ekki dragast óhóflega.

**SÉRSTÖKU** skilyrðin eru: hætta á að rannsókn verði torvelduð, hætta á flótta eða undankomu, endurteknum brotum eða sem vörn gegn árásum. Þá er fjallað um gæsluvarðhald með tilliti til almannahagsmuna ef sterkur grunur leikur á að afbrot hafi verið framið sem að lögum getur varðað tíu ára fangelsi. Erfitt getur verið að ákvarða hvenær almannahagsmunir eru til staðar og er það oft matskennt.

**MARKMIÐ** gæsluvarðhalds er því augljóslega ekki hefnd. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð!

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



NAUTAINNRALÆRI
FERSKT

44% afsláttur

1.998 kr/kg
áður 3.549 kr/kg

# GRILL OG GOTTERÍ



KALKÚNA-
GRILLSNEIÐAR

35% afsláttur

1.169 kr/kg
áður 1.798 kr/kg



KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ

2.295 kr/kg
Líttu á verðið!



KJÚKLINGAVÆNGIR
NETTÓ

ÓDÝRT!

279 kr/kg
áður 349 kr/kg



PYLSUR
10 STK.

ÓDÝRT!

295 kr/pk.
áður 369 kr/pk.

KJÖTSEL



LAMBASIRLOINSNEIÐAR
KRYDDAÐAR

ÓDÝRT!

1.499 kr/kg
áður 1.698 kr/kg

KJÖTSEL



NEKTARÍNUR
750 G ASKJA

50% afsláttur

189 kr/pk.
áður 378 kr/pk.



BRJÓSTSYKUR
HOT SALMIAK
300 G

239 kr/pk.
áður 299 kr/pk.



LAKKRÍSKONFEKT
180 G

119 kr/pk.
áður 159 kr/pk.



BRJÓSTSYKUR
HOT MIX
300 G

239 kr/pk.
áður 299 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 7.-10. júlí**
eða meðan birgðir endast


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
7 UP- EGILS MIX 2 LTR.
195 KR. 2 LTR
195 KR. 120g
MAARUD OSTAHRINGIR
BÓNUS BRAUÐSALAT 195 KR.
TÚNFISKSALAT - LAXA OG RÆKJUSALAT - HANGIKJÖTSSALAT 200G
195 KR. 770g
MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ 770g
195 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐAR KRINGLUR
205 KR. 300g
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA
25% AFSLÁTTUR
1049 KR.KG
GOUDAOSTUR 26%
395 KR. PK
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g
295 KR. 250g
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
YUM YUM NÚÐLUR 70G 98 KR.
527 9000
UPPLÝSINGA &
ÞJÓNUSTUSÍMI
Þarftu að ná
sambandi
við Bónus?
COKE LIGHT- ZERO
195 KR. 2 LTR
FLORIDASAFI
195 KR. 1LTR
29 KR. 85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g
FERSKAR SAMLOKUR
TILBOÐ: FIMMTUDAG / FÖSTUDAG
159 KR.STK
MEÐ TÚNFISKI EÐA RÆKJUM
CRUNCHY CHOCOLATE
98 KR. 120g
COCONUT & CHOC CHIP
98 KR. 150g
GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL
69 KR. STK
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML
159 KR. 3 FERNUR
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
TÍU SS VÍNARPYLSUR
579 KR.
SS VÍNARPYLSUR 10 STK. 560 GR. VERÐ: 579 KR. 30 ÞÚS. PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
139 KR. 5 stk
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
NAUTA Veisla
RISA HAMBORGARI
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
100% HREINT NAUTAKJÖT
10 x 100 GRÖMM 1398 KR.
4 x 175 GRÖMM 998 KR.
139 KR. 4 stk
STÓR HAMBORGRABRAUÐ
359 KR. 300ml
FABRIKKUSÓSAN
598 KR. 4 stk
NAUTAVEISLU : FJÓRIR 80 GRAMMA NAUTABORGARAR MEÐ BRAUÐI
995 KR.KG
BÓNUS ÚRBEINAÐAR GRILL GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
985 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
1398 KR. KG
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
Grísalundin er u.þ.b. 500g / aðeins 700 kr. stk
595 KR.KG
KJÖRFUGL BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
LAMBA GRILL-SIRLOIN
1398 KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBA-SIRLOIN-SNEIÐAR
HOLTA
FULLELDAÐIR
KJÚKLINGA VÆNGIR
459 KR.
HEIL FATA 960g
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
1995 KR.KG
KJÖRFUGL: FERSK KJÚKLINGABRINGA
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
ALI SPARERIBS
1159 KR.KG.
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
279 KR. 700g
ÞYKKVABÆJAR FORELDAÐAR GRILLKARTÖFLUR 700g
695 KR.KG
KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# menning

menning@frettabladid.is

**SÍÐUSTU FORVÖÐ** Frestur til að sækja um þátttökustyrk fyrir Menningarnótt 2011 rennur út sunnudaginn 10. júlí næstkomandi. Menningarnótt verður haldin í sextánda sinn 20. ágúst næstkomandi. Yfirskrift hátíðarinnar er „Gakktu í bæinn“, sem vísar til gestgjafahlutverks miðborgarinnar þennan dag og hvetur gesti til að skilja bílinn eftir heima. Þá verður glerhjúpur Hörpunnar vígður á Menningarnótt.



**LÉR KONUNGUR** Sýningin hlaut sex Grímuverðlaun á dögunum, þar á meðal var Arnar Jónsson valinn besti leikari í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á titilpersónunni.

# Lé boðið á Shakespeare-hátíðina í London að ári

**Þjóðleikhúsinu hefur verið boðið að sýna uppfærslu sína á Lé konungi á alþjóðlegu Shakespeare-hátíðinni í London að ári. Hátíðin er hluti af hátíðarhöldum vegna Ólympíuleikanna í London næsta sumar.**

Uppfærslu Þjóðleikhússins á Lé konungi hefur verið boðið að taka þátt í The World Shakespeare Festival í London á næsta ári.

Konunglega Shakespeare-leikhúsið stendur að hátíðinni í samstarfi við nokkur helstu leikhús í Bretlandi, svo sem Roundhouse, Barbican og breska þjóðleikhúsið sem og breska ríkisútvarpið BBC. Á hátíðinni eru sýndar framúrskarandi uppfærslur á verkum Shakespeares frá 37 löndum.



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri, segir það heilmikið fyrirtæki að flytja sýninguna á milli landa, enda var hún mikið sjónarspil.

„Núna ætlum við að kanna hvort það sé raunhæfur möguleiki fyrir okkur að þiggja þetta góða boð. Við munum auðvitað róa að því öllum árum, enda er þetta bæði mikil upphefð og tækifæri fyrir Þjóðleikhúsið.“ Tinna býst við að ákvörðun liggi fyrir að loknum sumarleyfum.

Þetta er enn ein fjöðrin í hatt sýningarinnar, sem sópaði til sín sex Grímuverðlaunum á dögunum, meðal annars sem besta sýningin, auk þess sem Arnar Jónsson var valinn besti aðalleikarinn og Benedict Andrews hlaut Grímuna fyrir leikstjórn. Tinna segir í ljósi þess meðbyrs sem sýningin hefur fengið ekki loku fyrir það skotið að verkið fari aftur á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu.

„Verkið yrði flutt á íslensku og ef við þurfum á annað borð að æfa það aftur upp væri mögulega hægt að nota tækifærið og sýna það aftur hér.“

Shakespeare-hátíðin stendur frá apríl fram í september. Hún verður óvenju vegleg að ári enda er hún einn af hápunktum Cultural Olympiad, umfangsmikillar fjögurra ára menningarhátíðar sem haldin er í tilefni af Ólympíuleikunum í London næsta sumar.

bergsteinn@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 8. júlí**

### ➜ Tónleikar

**17.30** Hljómsveitin Rökkurró heldur síðdegistónleika í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Hljómsveitin Thin Jim með tónleika í kirkjunni á Sauðarkróki. Aðgangseyrir er kr. 1.500

**20.30** Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðla og Eyþór Ingi Jónsson harmóníum verða með tónleika í Hömrum, Hofi. Miðaverð er kr. 2.000 en aðgangur er ókeypis fyrir 16 ára og yngri, öryrkja og eldri borgara.

**22.00** Varsjárbandalagið heldur tónleika á Græna hattinum. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**22.00** Hljómsveitirnar Ofvitarnir, Gang Related og tónlistarmaðurinn Þórir Georg koma fram á tónleikum á Dillon. Aðgangseyrir er enginn.

**23.00** Hljómsveitin Orphic Oxtra með styrktartónleika á Faktorý. Ásamt þeim spila Valdimar og Of Monsters and Men. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### ➜ Leiklist

**18.00** Sirkus Íslands sýnir Ö-faktor í Tjarnarbíói. Aðgangseyrir er kr. 1.900.

### ➜ Opnanir

**20.00** Gallerí Klósett, nýtt sýningarrými á Hverfisgötu 61, er opnað með sýningu Páls Hauks Björnssonar á verkinu Garður. Allir velkomnir.

### ➜ Hátíðir

**14.00** Jafningjafræðsla Hins hússins heldur götuhátíð á Austurvelli. Þekktir tónlistarmenn, fatamarkaður, pylsur, gos, candyfloss og klifurveggur. Allir velkomnir.

### ➜ Tónlistarhátíð

**21.00** Besta útihátíðin hefst. Meðal hljómsveita eru Gus Gus, Quarashi og Valdimar. Miðaverð í forsölu er kr. 7.900, verð við hlið er kr. 9.500. 18 ára aldurstakmark nema í fylgd forráðamanna. Frítt fyrir 13 ára og yngri.

### ➜ Myndlist

**16.00** Listakonan Hulda Hlín verður viðstödd sýningu sína í Ráðhúsinu til kl. 19. Síðasta sýningarhelgi.

### ➜ Útivist

**19.00** Kvöldganga um Skólavörðu og Vaðlaheiði undir leiðsögn Grétars Grímssonar. Farið frá Strandgötu 23. Þátttökugjald er kr. 500, ókeypis fyrir félagsmenn Ferðafélags Akureyrar.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Skaparinn til Frakkalands

**Franska forlagið Autrement hefur tryggt sér útgáfuréttinn á skáldsögunni Skaparanum eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.**



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

**Autrement er partur af Flammarion-samsteypunni, fjórða stærsta útgáfufyrirtæki Frakklands, og er með höfunda á borð við Margaret Atwood á sínum snærum. Franska útgáfan kemur út í október á næsta ári.**

**Skaparinn kom út hér á landi 2009 og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Hún hefur þegar komið út í Þýskalandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Ítalíu og nú síðast Finnlandi.**

ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813




FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU YKKUR SIRKUS SÓLEY
SIRKUS ÍSLANDS KYNNIR
Ö FAKTOR
„Húmor, metnaður og skemmtun í hávegum höfð“
—Kidda, Pressunni
– ÞVÍ X ER EKKI NÓG!
AUKASÝNINGAR!
í kvöld 8. júlí kl. 18
laugardag 9. júlí kl. 14 og 18
sunnudag 10. júlí kl. 14 og 18
SÝNT Í TJARNARBÍÓI Í JÚLÍ
MIÐASALA Í TJARNARBÍÓI, Á MIDI.IS OG Í SÍMA 527 2102
SIRKUS ÍSLANDS · TJARNARBÍÓ · midi.is

FRÉTTIR · VIÐSKIPTI · ÍÞRÓTTIR · LÍFIÐ · UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

NÝ BÓK SEM FÓR BEINT Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON

# Girnilegar og glæsilegar bollakökur fyrir öll tækifæri




TILBOÐ KRÓNUR
2.799*
Fullt verð 3.499 kr.
*Gildir til 13. júlí nk.

**KOMDU OG SMAKKAÐU GÓÐGÆTI RIKKU!**

Rikka kynnir bókina BOLLAKÖKUR RIKKU og gefur smakk og ráðleggingar við baksturinn í Eymundsson Norður-Kringlu í dag milli klukkan 16 og 18. Verið velkomin!



Krassandi karamellukökur



Epli, kanill, karamella og ítalskur marens

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



**5 ár** ERU LIÐIN síðan síðasta plata Outkast, Idlewild, kom út. Andre 3000 og Big Boi segja að von sé á nýrri plötu í byrjun næsta árs.



**VILL VERÐA FRÁBÆR MÓÐIR** Natalie Portman og Benjamin Millepied hafa skírt nýfæddan son sinn Alef.

# Portman búin að skíra

**Natalie Portman og eiginmaður hennar, Benjamin Millepied, hafa fundið nafn á nýfæddan son sinn. Drengurinn, sem fæddist í júní, hefur verið nefndur Alef, en nafnið er fyrsti stafur hebreska stafrófsins. Natalie, sem á ísraelskan föður, vildi minnast uppruna síns með því að skíra drenginn eftir hebreska stafrófinu en hjónin hafa ákveðið að Alef muni taka upp eftirnöfn beggja foreldranna og mun því heita Alef Portman-Millepied.**

TILBOÐ
Á HÁRSNYRTIVÖRUM
25% AFSLÁTTUR
.......til 15. júlí




MARIA NILA - I CARE
Frábærar hársnyrtivörur
á mjög góðu verði.

Fást í lyfjaverslunum
um allt land




**SKEMMTIGARÐUR Í SMÁRALIND** Teikning af fyrirhuguðum skemmtigarði í Vetrargarði Smáralindar.

# Hálfur milljarður í skemmtigarð í Smáralind

**Risavaxinn skemmtigarður rís nú í Vetrargarðinum í Smáralind. Garðurinn verður á tveimur hæðum og kostnaðurinn hleypur á hundruðum milljóna.**

„Þarna verða leiktæki sem jafnast á við rússibanareið," segir Eyþór Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins.

Framkvæmdir að risavöxnum skemmtigarði í Vetrararði Smáralindar hefjast í næstu viku. Meira en 500 milljónum króna verður varið í verkefnið og stefnt er á að opna í haust. Skemmtigarðurinn er hannaður af alþjóðlega hönnunarfyrirtækinu KCC, sem hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hönnun og uppbyggingu innanhússskemmtigarða. „Við völdum þetta fyrirtæki KCC sem þykir fremst á sínu sviði í dag. Þeir trúðu ekki að þetta húsnæði væri laust," segir Eyþór.

Verkefnið hefur verið í undirbúningi í rúm tvö ár og Eyþór hefur skoðað fjölmarga skemmtigarða í verslunarmiðstöðvum víða um heim. „Langflestar nýjar verslunarmiðstöðvar sem eru byggðar í dag eru með skemmtigarð," segir hann. „Þetta er risastór tækniveröld, með öllu því nýjasta sem er að finna í heimi afþreyingar."

Byggt verður milligólf yfir Vetrargarðinn og verður Skemmtigarðurinn því rekinn á rúmlega 2.000 fermetra svæði á tveimur hæðum.

Þetta er gríðarlegur kostnaður, hvernig er svona verkefni fjármagnað í kreppu? „Með fjárfestum. Það eru sterkir íslenskir fjárfestar á bak við verkefnið."

Vilja þeir láta nafns síns getið? „Nei, en þetta er venjulegt íslenskt fjölskyldufólk."

Eyþór segir alla aldurshópa geta fundið afþreyingu við sitt hæfi í skemmtigarðinum. „Á neðri hæðinni verður afþreying fyrir yngri kynslóðina og fjölskyldur og á efri hæðinni verður afþreying fyrir unga fólkið og fullorðna. Svo blandast þetta saman," segir Eyþór. „Það vantar svona skemmtigarð á Íslandi."

atlifannar@frettabladid.is



**NÝTT Á ÍSLANDI** Eyþór segir að svona skemmtigarð vanti á Íslandi, en þá er að finna í fjölmörgum verslunarmiðstöðvum um allan heim.



**UPPRENNANDI LEIKKONA** Suri Cruise ætlar sér að feta í fótspor foreldranna og verða leikkona.

# Suri Cruise leikur í mynd

Slúðurmiðlar vestanhafs hafa nú greint frá því að Suri Cruise, fimm ára gömul dóttir þeirra Tom Cruise og Katie Holmes, sé nú að fara að leika í sinni fyrstu bíómynd.

Það var Suri sjálf sem ákvað að hana langaði að verða leikkona og hvorki Tom né Katie komu nálægt þeirri ákvörðun. Samkvæmt slúðurtímaritinu In Touch er Tom Cruise búinn að finna hlutverk handa dóttur sinni; gestahlutverk í söngleikjamyndinni Rock of Ages, en pabbinn fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni.

# Bieber selur ekki blöð

**Justin Bieber er ein vinsælasta stjarna poppheimsins um þessar mundir. Vinsældir hans duga þó alls ekki til að selja blöð og tímarit. Bieber prýddi febrúarforsíðu Vanity Fair og hreyfðist það varla úr hillum verslana. Þá olli sala á tölublöðum People og Teen Vogue þar sem hann prýddi forsíðuna miklum vonbrigðum.**

**Bieber kippir sér þó varla mikið upp við þetta. Hann er í öðru sæti yfir launahæstu frægðarmennin undir þrítugu. Laun hans síðasta árið voru um 53 milljónir dollara, eða ríflega sex milljarðar króna.**



**BIEBER** Selur ekki blöð og tímarit.

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is




Einum fannst ég eins og hrútspungur í framan
Steinda finnst skemmtilegt hvað krakkar eru hreinskilnir.

Krakkasíðan er
í helgarblaði Fréttablaðsins

# Efaðist aldrei um Clooney

Einn nánasti vinur bandaríska leikarans George Clooney segist aldrei hafa haft trú á því að samband hans og Elisabettu Canalis myndi endast. Leikarinn sé svo harðákveðinn í því að giftast aldrei aftur né eignast börn. Canalis og Clooney slitu samvistum fyrir skemmstu eftir tveggja ára samband.

Manuele Malenotti var maðurinn á bak við samband Clooney og Canalis, hann kom leikaranum og sjónvarpskonuna saman. „Ég vissi að þetta ætti eftir að renna út í sandinn en ég gerði bara eins og George bað mig um að gera, hann vildi hitta hana og ég hlýddi honum bara," segir Malenotti við ítalska blaðið Chi. Malenotti og Clooney hafa þekkst í tíu ár og unnið saman að góðgerðarmálum. „Ég hitti hann oftast af þeim Hollywood-stjörnum sem ég þekki."

Malenotti vísaði því jafnframt á bug að samband Clooney og Canalis hefði verið blekking og yfirvarp fyrir þá staðreynd að Clooney væri hommi. „Ég kom þeim saman, ég sá þau saman og ég veit hversu ástfangin þau voru. Þau áttu margar góðar stundir. Ég hef þekkt George í tíu ár og það hafa margar konur komið við sögu á þeim tíma. Auðvitað geta menn átt í ýmiss konar tilvistarkreppum en Clooney er ekki hommi."



**EKKI HOMMI** Clooney er harðákveðinn í því að giftast aldrei aftur né eignast börn. Það er talið hafa eyðilagt samband hans og Elisabettu Canalis.


TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.- 10. júlí
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. júlí 2011.
24 Hagkaup
OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| ZOOKEEPER Í LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 8 - 11 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| BAD TEACHER | KL. 8 | 14 |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 10 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| ZOOKEEPER | 4, 6 og 8 |
| TRANSFORMERS: DARK OF THE MOON | 4, 7 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30, 9 og 10.10 |




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D kl. 5 - 8 - 10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 í 2D kl. 5 - 8 | VIP |
| BEASTLY kl. 8 | 10 |
| SUPER 8 kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali Sýnd í 3D kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali Sýnd í 2D kl. 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 í 2D kl. 5 - 8 - 10:40 | 10 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 3 kl. 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| SUPER 8 kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 3 3D kl. 4.45 - 6.45 - 8 - 10 | 12 |
| SUPER 8 kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS kl. 5.30 | L |
| HANGOVER PART II kl. 8 - 10.20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal kl. 4.45 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D kl. 5 | 10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D kl. 5 - 8 - 9 | 12 |
| BEASTLY kl. 7 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 kl. 5:50 - 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali Sýnd í 3D kl. 5 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 3 kl. 5 - 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali kl. 4 | L |
| BRIDESMAIDS kl. 8 | 12 |
| SUPER 8 kl. 10:30 | 12 |




**FLUGU UM Í ÞYRLU** Bon Jovi og fjölskylda ferðuðust um í þyrlu á Íslandi og flugu meðal annars til Vestmannaeyja.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bon Jovi og fjölskylda orðlaus yfir Íslandsdvölinni

**Rokksöngvarinn Jon Bon Jovi dvaldi á Íslandi í vikunni ásamt fjölskyldu sinni, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Hann var gríðarlega ánægður með dvölina, samkvæmt skipuleggjanda ferðalagsins.**

„Þetta er eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið þátt í,“ segir Þorbjörg Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Visitor, sem skipulagði ferðir söngvarans Jons Bon Jovi og fjölskyldu hans á Íslandi.

Jon Bon Jovi kom til landsins ásamt eiginkonu sinni, fjórum börnum, aðstoðarmanni og eiginkonu hans um síðustu helgi. Þau dvöldu á Hótel Borg, en ferðuðust mikið um Suðurland. Hópurinn skoðaði meðal annars Gullfoss, Geysi og Vestmannaeyjar ásamt því að ferðast vestur í Borgarfjörð. Þorbjörg, eða Obbý eins og hún er ávallt kölluð, segir Bon Jovi og fjölskyldu hafa kunnað gríðarlega vel við sig á Íslandi.



„Þau eiga ekki til orð. Þau héldu að þau væru búin að sjá allt, en þetta var algjör upplifun. Þeim fannst hver dagur ótrúlegur,“ segir Obbý. „Þetta var rosalega skemmtilegt verkefni og fjölskyldan er alveg frábær. Það eru engir stjörnustælar í þeim.“

Obbý segir að hann hafi að mestu verið látinn í friði á Íslandi, þó að nokkrir hafi stokkið á hann og fengið mynd af sér með goðinu. „Þetta var mjög hefðbundið, allt sem var gert og þau voru eins og hverjir aðrir túristar,“ segir Obbý. „Þau fóru um bæinn og fæstir þekktu þau. Hann var mjög hissa á því hvað hann fékk mikinn frið.“

Bon Jovi fór til Tyrklands eftir að Íslandsdvöl hans lauk, en hann kemur fram á tónleikum í Istanbúl í kvöld ásamt hljómsveit sinni. Obbý segir hann ekki hafa útilokað að koma aftur til landsins og að hann sé kominn í hóp svokallaðra Íslandsvina. „Allt sem við gerðum sló í gegn og var það stórkostlegasta sem þau hafa lent í,“ segir hún.

atlifannar@frettabladid.is

Tónlist ★★★★

**Bara ég**
Emmsjé Gauti




## Fersk innkoma hjá Gauta

Íslenskt rapp er á uppleið, að minnsta kosti ef við dæmum út frá útgefnum plötum, spilun og sölu. Gauti Þeyr Másson, betur þekktur sem Emmsjé Gauti, er búinn að vera lengi að, var til dæmis valinn efnilegasti rapparinn á Rímnaflæði 2003, 14 ára gamall. Hann hefur sent frá sér nokkur lög undanfarin ár, en vakti fyrst verulega athygli í fyrra fyrir lagið Við elskum þessar mellur sem hann gerði með BlazRoca og var á plötunni Kópacabana. Nú er Gauti kominn með sína fyrstu sólóplötu, Bara ég. Það er Geimsteinn í Keflavík sem gefur út, en Geimsteinn virðist vera eina stóra plötuútgáfan sem sinnir rappinu.

Emmsjé Gauti er fínn rappari. Hann hefur ágæta rödd og lipurt flæði. Textarnir eru sjálfhverfir eins og hjá fleiri röppurum, en Gauti kann að koma fyrir sig orði og á oft fína spretti. Tónlistin er mjög poppuð og dansvæn á köflum. Á meðal bestu laganna má nefna Dusta rykið sem Gnúsi Yones gerði taktinn við og Berndsen og Rósa Sometime koma fram í, Blikk blikk sem Ljósvaki samdi, Steinstjarna og Hemmi Gunn sem eru gerð af Redd Lights og Kæra Ester sem fyrrnefndur Gnúsi á heiðurinn af. Á meðal gesta á plötunni eru Blaz Roca sem fer á kostum í laginu Hemmi Gunn, Friðrik Dór sem syngur í Okkar leið og Smári Tarfur sem lætur gítarinn tala í Blikk blikk.

Á heildina litið er Bara ég fersk og fagmannlega unnin plata. Góð blanda af poppi og rappi.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Emmsjé Gauti kemur ferskur inn á poppaðri rappplötu.



**EKKI GÖLDRÓTT Í ALVÖRU** Emma Watson lendir stundum í því að hræða ung börn.

# Börn hræðast Emmu

**Emma Watson segir að hún hræði reglulega ung börn sem halda að hún hafi galdrakrafta Hermione Granger í alvörunni og að hún muni leggja á þau álög. Watson, sem farið hefur með hlutverk Hermione Granger í öllum Harry Potter-kvikmyndunum, finnst þessi hræðsla þó skondin. „Sum börn eru hrædd við mig því þau halda að ég kunni að galdra í alvörunni. Mér hefur alltaf fundist þetta mjög fyndið og ég reyni að segja við þau: „Ég ætla ekki að gera neitt við ykkur. Þetta er allt í lagi“.“**

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS





## NÚ FÆRÐU ILLY KAFFI Á CAFÉ PARIS

KÍKTU VIÐ Á EINU VINSÆLASTA KAFFI-HÚSI BORGARINNAR OG GÆDDU ÞÉR Á RJÚKANDI EÐALKAFFI.

CAFÉ PARIS

*la vie est belle*

# sport

sport@frettabladid.is



**HÖRÐUR AXEL VILHJÁLMSSON** mun ekki leika með Keflavík næsta vetur því hann er búinn að semja við þýska úrvalsdeildarliðið Mitteldeutscher til þriggja ára. Frá þessu var greint á karfan.is. Hörður er annar lykilmaðurinn sem Keflavík missir því miðherjinn Sigurður Þorsteinsson ákvað einnig að söðla um.

## ÚRSLIT

### *Evrópudeild UEFA*

**KR-ÍF Fuglafjörður 5-1**
1-0 Guðjón Baldvinsson (18.), 2-0 Björn Jónsson (23.), 3-0 Kjartan Henry Finnbogason (47.), 4-0 Guðjón Baldvinsson (56.), 4-1 Nenad Saric (88.), 5-1 Óskar Örn Hauksson (90.).
*KR fer áfram, 8-2, samanlagt.*

**Saint Patrick´s-ÍBV 2-0**
1-0 Ian Daly (24.), 2-0 Derek Doyle 836.).
*St. Patricks fer áfram, 2-1, samanlagt.*

### *1. deild karla*

**Þróttur-Haukar 2-1**
0-1 Grétar Atli Grétarsson (21.), 1-1 Sveinbjörn Jónasson, víti (36.), 2-1 Jens Sævarsson (38.).

**Leiknir-Grótta 1-2**
0-1 Andri Björn Sigurðsson (48.), 0-2 Sölvi Davíðsson (75.), 1-2 Fannar Þór Arnarsson.

**HK-Fjölnir 1-1**
0-1 Guðmundur Karl Guðmundsson (32.), 1-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (45.)

**Selfoss-ÍR 2-1**
1-0 Viðar Örn Kjartansson (36.), 2-0 Viðar Örn Kjartansson (67.), 2-1 Brynjar Benediktsson (69.).
*Upplýsingar frá fótbolti.net*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **9** | **8** | **1** | **0** | **25-3** | **25** |
| Selfoss | 10 | 7 | 1 | 2 | 23-10 | 22 |
| **Þróttur** | **10** | **5** | **2** | **3** | **13-12** | **17** |
| Fjölnir | 10 | 4 | 3 | 3 | 17-19 | 15 |
| **Haukar** | **10** | **4** | **2** | **4** | **14-12** | **14** |
| Grótta | 10 | 3 | 4 | 3 | 8-11 | 13 |
| **BÍ/Bolungarvík** | **9** | **4** | **1** | **4** | **11-15** | **13** |
| Víkingur Ó. | 9 | 3 | 3 | 3 | 10-11 | 12 |
| **ÍR** | **10** | **3** | **2** | **5** | **12-18** | **11** |
| KA | 9 | 3 | 1 | 5 | 10-15 | 10 |
| **Leiknir** | **10** | **0** | **4** | **6** | **10-17** | **4** |
| HK | 10 | 0 | 4 | 6 | 11-21 | 4 |



**ARON EINAR** Verður áfram í ensku 1. deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aron Einar Gunnarsson:

## Semur við Cardiff í dag

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson skrifar undir þriggja ára samning við Cardiff City í ensku fyrstu deildinni í dag. Fyrst fer hann í læknisskoðun Þetta staðfesti Aron Einar við Fréttablaðið í gær.

Coventry, félag Arons, og Cardiff eiga eftir að semja um uppeldisbætur en það ætti ekki að verða vandamál.

Aron, sem er aðeins 22 ára, var í viðræðum við enska úrvalsdeildarliðið WBA en þær fjöruðu út. Aron sagði að þetta væri fínt stökk, ekki of stórt, og hann væri mjög sáttur.

Ef allt gengur eftir fer Aron Einarmeð Cardiff í æfingaferð til Spánar á næstu dögum en þegar íþróttadeild náði tali af honum var hann að ferðast til Cardiff með stóra ferðatösku með sér, tilbúinn í Spánarferðina.

Stjóri Cardiff er Skotinn Malky Mackay, en hann var áður hjá Watford. Aron sagðist hafa talað við Heiðar Helguson, sem var undir stjórn Mackay hjá Watford og gaf honum góða umsögn.

Cardiff hefur verið í umspili fyrstu deildar undanfarin ár en aldrei náð að komast í úrvalsdeildina.

Aron er uppalinn hjá Þór á Akureyri. Þaðan fór hann til AZ Alkmaar en skrifaði árið 2008 undir samning við Coventry sem samningur rann út á dögunum. Aron hefur leikið 23 A-landsleiki.

**- hm**

# Veisla í Vesturbænum

**KR-ingar fóru á kostum er færeyska liðið ÍF Fuglafjörður kom í heimsókn í Vesturbæinn í gær. KR-ingar léku færeyska liðið sundur og saman og skoruðu fimm góð mörk. Mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri hjá Vesturbæingum.**

**FÓTBOLTI** KR mun mæta slóvakíska liðinu Zilina í næstu umferð Evrópudeildar UEFA eftir afar öruggan og sanngjarnan 5-1 sigur á ÍF Fuglafjörður í gær. KR vann rimmu liðanna 8-2 samanlagt. Eins og tölurnar bera með sér voru yfirburðir KR-inga í leiknum miklir.

KR-ingar voru með full tök á leiknum frá upphafi og það sást mjög snemma að mikill styrkleikamunur er á liðunum. KR-ingar voru miklu fljótari, hreyfanlegri og sterkari á öllum sviðum fótboltans. Það var aðeins spurning hvenær fyrsta markið kæmi. Það kom á 18. mínútu er Guðjón mokaði sendingu Kjartans yfir línuna.

Kjartan Henry lagði upp annað mark fimm mínútum síðar, að þessu sinni fyrir Björn, sem var búinn að vera mjög líflegur. Sannkölluð draumabyrjun hjá Skagamanninum í KR-búningnum. Með þessu marki Björns var björninn í raun unninn.

KR-ingar héldu samt áfram að sækja og skemmta áhorfendum í síðari hálfleik. Færeyingar stóðust þeim aldrei snúning og þegar upp var staðið máttu Færeyingarnar þakka fyrir að tapa aðeins með fjögurra marka mun.

Þó svo að mótspyrnan hafi ekki verið mikil verður það ekki tekið af KR-liðinu að það var að spila afbragðsfótbolta. Það var vart veikan hlekk að finna í KR-liðinu og sóknarbolti liðsins hreint magnaður.

Kjartan Henry og Guðjón voru í banastuði og þeir Óskar Örn og Björn Jónsson voru einnig mjög frískir. Það er mikil breidd í leikmannahópi KR og hún minnkaði ekki í gær þegar þeir Björn og Gunnar Þór Gunnarsson spiluðu sinn fyrsta leik í byrjunarliði KR. Þeir styrkja liðið mikið og KR-liðið er enn óárennilegra fyrir vikið. Gunnar Þór kom mjög vel út, rétt eins og Björn.



**FRÁBÆR INNKOMA** Skagamaðurinn Björn Jónsson lék sinn fyrsta leik fyrir KR í gær. Hann átti mjög fínan leik og tókst þess utan að skora. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MARKI FAGNAÐ** KR-ingar fagna einu marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég er mjög ánægður með það hvernig leikurinn spilaðist hjá okkur. Það var kannski erfitt að mótivera strákana eftir þægilegan útisigur. Við kláruðum þetta fagmannlega og vel. Rúlluðum í gegnum þetta án þess að missa menn í meiðsli og auðvitað er alltaf gaman að vinna stórsigur eins og raunin varð í kvöld,“ sagði glaðbeittur þjálfari KR, Rúnar Kristinsson.

„Þegar við spilum góðan leik eins og við gerðum í kvöld eigum við alltaf að vinna Fuglafjörð en þeir eru skeinuhættir og sýndu inni á milli ágætan fótbolta. Sóknarleikurinn virkaði vel með Björn Jónsson og þessi leikur var frábært tækifæri fyrir hann til þess að koma sér í gang. Guðjón var að sami skapi öflugur með honum,“ sagði Rúnar, en hann býst við afar erfiðum leikjum gegn Zilina, sem var í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í fyrra og lék þá meðal annars gegn Chelsea.

**- hbg, ae**



**ÓLAFUR BJÖRN LOFTSSON** Hefur verið að spila vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt lagt undir á EM í golfi:

## Ísland þarf að vinna Ítalíu

**GOLF** Íslenska karlalandsliðið í golfi þarf að vinna Ítalíu í dag til þess að halda keppnisrétti sínum á næsta Evrópumeistaramóti áhugamanna.

Ísland tapaði í gær, 4-1, gegn Norðmönnum í B-riðli keppninnar en í þeim riðli leika þjóðirnar sem enduðu í 9.-16. sæti eftir höggleikinn á mótinu sem fram fer í Portúgal.

Með sigri hefði Ísland tryggt sér sæti á næsta EM en Ísland endaði í 10. sæti af alls 20 þjóðum eftir höggleikinn. Ólafur B. Loftsson var sá eini sem vann sinn leik gegn norska liðinu en Alfreð Brynjar Kristinsson, Axel Bóasson, Guðmundur Ágúst Kristjánsson og Arnar Hákonarson töpuðu allir sínum leikjum.

Kvennalandsliðið leikur einnig gegn Ítalíu í dag á EM í Austurríki. Ísland tapaði 4-1 gegn Finnum í gær. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir var sú eina sem vann sinn leik.

**- seth**

Elfar Freyr Helgason:

## Á leið til AEK

**FÓTBOLTI** Elfar Freyr Helgason úr Breiðabliki er á leiðinni til gríska félagsins AEK Aþenu. Félögin hafa komist að samkomulagi um kaupverðið en Elfar Freyr á eftir að gangast undir læknisskoðun og semja um kaup og kjör.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, staðfesti yfirvofandi félagaskipti. Einar segir að Elfar Freyr fari utan að loknum leik Blika og Þórs á laugardaginn.

Óvíst er hvort Elfar Freyr spilar fleiri leiki með Breiðablik í sumar. Félagaskiptaglugganum í Evrópu er lokað 1. september og því er ljóst að Elfar Freyr spilar ekki lengur með Breiðablik en til þess tíma. Síðasta umferðin í ágúst er 17. umferðin þegar Blikar mæta Valsmönnum sunnudaginn 28. ágúst.

**- ktd**

ÍBV er úr leik í Evrópudeild UEFA eftir 2-0 tap gegn Saint Patrick's í seinni leik liðanna á Írlandi:

# Það langaði alla í liðinu að fara til Kasakstan

**FÓTBOLTI** ÍBV var einu marki frá því að tryggja sér farseðilinn til Kasakstan í Evrópudeild UEFA. Liðið tapaði 2-0 fyrir Saint Patrick's en eitt útivallarmark hefði skotið Eyjamönnum áfram. Þeir fengu færin til þess að skora í leiknum en nýttu þau ekki.

„Við vorum slakir í fyrri hálfleik og ólíkir sjálfum okkur. Vorum að tapa boltanum illa og þeir voru sterkari framan af og skoruðu tvö mörk. Reyndar gáfum við þeim bæði mörkin, sem komu eftir hræðileg varnarmistök af okkar hálfu. Á móti kemur að við fengum 3-4 mjög góð færi til þess að skora í fyrri hálfleik,“ sagði svekktur þjálfari Eyjamanna, Heimir Hallgrímsson, eftir leikinn í samtali við Fréttablaðið.

„Tryggvi fékk tvö opin færi. Ef ég hefði mátt velja hver fengi þessi færi þá hefði ég valið Tryggva. Það gekk bara ekki að þessu sinni. Í svona keppni verða menn að nýta færin til þess að komast áfram. Seinni hálfleikurinn var jafnari og við fengum tvö algjör dauðafæri í lokin, þar á meðal opið skallafæri á markteig eftir hornspyrnu þegar mínúta var eftir. Þetta var alveg hrikalegt,“ sagði Heimir og bætti við að írska liðið hefði samt spilað mun betur en í fyrri leiknum og heilt yfir verið sterkari aðilinn.

„Þetta er engu að síður hrikalega svekkjandi þar sem við fengum þessi færi. Við fengum betri færi en þeir í þessum leik og það er sorglegt að hafa ekki potað inn einu marki. Það langaði alla að fara til Kasakstan,“ sagði Heimir léttur en þar bíður næsti andstæðingur Saint Patrick's.

**- hbg**



**MARK** Saint Patrick's fagnar hér öðru marka sinna í gær. ÍBV gaf bæði mörkin að því er þjálfari liðsins segir. MYND/INPHO







# ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA

weather report

gelert outdoors since 1975

Kælibox
1.999kr



Álpottasett
1.999kr



Vindsæng
1.999kr



gelert outdoors since 1975
Svefnpokar
Verð frá
2.999kr



# GÆÐA GARÐHÚSGÖGN Á FRÁBÆRU VERÐI

**HONDURAS SETT**
-Borð og 2 samfellanlegir stólar úr harðviði



SETT
14.999kr

**TIOMAN**
-90x90cm borð og 4 stólar úr harðviði

BORÐ
11.999kr



STÓLL
6.499kr

**JAMAICA**
-Borð og 4 samfellanlegir stólar úr harðviði

BORÐ
10.699kr



STÓLL
4.299kr

# ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA!

**Grand**
**FERÐAGASGRILL ER8108**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 44,5 X 31CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- **ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA FYLGJA**

9.999kr



**Grand**
**FERÐAGASGRILL ER8109**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 41,6 X 31,5CM
- EFRI GRIND: 38,5 X 19,5CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- SMELLA TIL AÐ LÆSA LOKI
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- **ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA**

12.999kr





**Grand**
**FERÐAGASGRILL ER8102P-1**
- 3,6KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 45 X 35CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- **ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA FYLGJA**

14.999kr



GRILLVÖRUR
Verð frá
199kr



24 Hagkaup OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 10. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**> Julia Roberts**

„Ég er bara venjuleg manneskja í óvenjulegu starfi.“

***Í kvikmyndinni Pretty Woman fer Julia Roberts með hlutverk Vivian Ward, sem selur blíðu sína. Þegar viðskiptamaðurinn Edward, leikinn af Richard Gere, hittir Vivian bráðnar eitthvað innra með honum og hann gerir henni tilboð sem hún getur ekki hafnað. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 21.45.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HNEYKSLAST Á AMERÍKÖNUM

## *Tryggð fyrir persónuleikabreytingum*

Lögfræðingurinn og sáttasemjarinn Kate Reed hefur í nægu að snúast í þáttunum Fairly Legal á Stöð 2. Ég hef séð nokkra þætti en er ekki ennþá orðin „húkkt“. Ekki endilega vegna lélegra leikhæfileika eða leiðinlegra persóna í þáttunum, því Kate er skondin stúlka sem býr í bát. Aðstoðarmaður hennar er líka skemmtilegur og stjúpmóðir hennar, sem er á aldur við hana sjálfa, er líka skemmtilega stíf og stúrin.

Það sem er lélegt og leiðinlegt við þættina er málin sem Kate fær upp í hendurnar. Í Bandaríkjunum er hægt að lögsækja hvern sem er fyrir hvað sem er. Ég veit auðvitað ósköp vel að þættirnir eru ekki byggðir á sönnum atburðum en þeir gefa mér samt ákveðna hugmynd. Um daginn fylgdist ég með Kate reyna að sætta deilu milli hjóna og tryggingafélags sem staðið hafði yfir í níu mánuði. Eiginmaðurinn hafði orðið fyrir bíl en hafði náð sér að fullu. Tryggingafélagið ætlaði að borga allan kostnað og tap sem hjónin höfðu orðið fyrir vegna slyssins. Eiginkonan var þó ekki sátt og deilan í hnút.



Kate komst loks að því að konan var ósátt við nýja takta sem eiginmaðurinn sýndi eftir slysið. Hann var nýjungagjarn og hress en hafði áður verið rólegur og staðfastur. Kate fékk hjónin til að kynnast hvort öðru upp á nýtt yfir kaffibolla, sagði umboðsmanni tryggingafélagsins brosandi að félagið yrði einfaldlega að bæta konunni eiginmanninn, eins og hann var! Málið leyst og allir glaðir. Ekki gæti ég rekið tryggingafyrirtæki í Bandaríkjunum.

## RÚV

**15.10 Leiðarljós** (e)
**15.50 Leiðarljós** (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Litlu snillingarnir** (2:12)
**18.22 Pálína** (22:28)
**18.30 Galdrakrakkar** (27:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Robbie Williams á tónleikum** (BBC Electric Proms 2009: Robbie Williams) Breski söngvarinn Robbie Williams á tónleikum hjá BBC árið 2009. Þetta voru fyrstu tónleikar hans eftir þriggja ára hlé og á þeim flutti hann mörg af sínum þekktustu lögum.
**20.45 Í mat hjá mömmu** (1:6) (Friday Night Dinner) Bresk gamanþáttaröð um tvo bræður sem fara alltaf í mat til foreldra sinna á föstudagskvöldum. Meðal leikenda eru Tamsin Greig, Simon Bird og Paul Ritter.
**21.15 Glímukappinn** (Nacho Libre) Bandarísk gamanmynd frá 2006. Munkur sem alla ævi hefur mátt þola skammir lætur draum sinn rætast, setur upp grímu og gerist glímukappi. Leikstjóri er Jared Hess og meðal leikenda eru Jack Black, Ana de la Reguera og Héctor Jiménez. (e)
**22.50 Vera – Krákugildran** (Vera) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann á Norðymbralandi. Meðal leikenda eru Brenda Blethyn og David Leon.
**00.25 Innbrot** (Breaking and Entering) (e)
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.40 The Rocker**
**08.20 Son of Rambow**
**10.00 White Men Can't Jump**
**12.00 Hairspray**
**14.00 Son of Rambow**
**16.00 White Men Can't Jump**
**18.00 Hairspray**
**20.00 The Rocker**
**22.00 The Illusionist**
**00.00 Grand Canyon**
**02.10 .45**
**04.00 The Illusionist**
**06.00 Dirty Rotten Scoundrels**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (9:17)
**11.50 Making Over America With Trinny & Susannah** (1:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (14:24)
**13.25 Snow Angels**
**15.20 Auddi og Sveppi**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (3:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (7:23) Tuttugasta og fyrsta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu.
**19.40 So You Think You Can Dance** (6:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 20 bestu dansararnir eru eftir í keppninni.
**21.00 So You Think You Can Dance** (7:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
**21.45 Pretty Woman** Richard Gere leikur viðskiptajöfurinn Edward Lewis sem er harðsvíraður viðskiptamaður en er algjörlega utangátta þegar ástin er annars vegar. Julia Roberts er í hlutverki Vivian Ward sem stundar annars konar viðskipti. Hún selur blíðu sína, klukkutíma í senn, til fastra viðskiptavina. Þegar Edward hittir Vivian bráðnar eitthvað innra með honum og hann gerir henni tilboð sem hún getur ekki hafnað.
**23.40 The Kovak Box** Hörkuspennandi vísindatryllir um rithöfund, sem Timothy Hutton leikur, sem boðið er á ráðstefnu á eyju en uppgötvar fljótt að verið er að leiða hann í gildru.
**01.25 Pucked**
**02.50 What Happens in Vegas...**
**04.25 Snow Angels**

## SPORT *besta sætið*

**17.15 N1 mótið** Sýnt frá N1-mótinu á Akureyri þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru strákar í 5. flokki sem keppa á N1-mótinu en þetta mót er hið 25. í röðinni og því afmælismót.
**18.00 Man. Utd - Arsenal** Útsending frá leik Manchester United og Arsenal í ensku FA-bikarkeppninni.
**19.45 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppni um nafnbótina Sterkasti maður Íslands þar sem allir helstu kraftajötnar landsins mæta til leiks og taka á öllu sem þeir eiga.
**20.30 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**21.00 Man. City - Man. Utd** Útsending frá leik Manchester City og Manchester United í undanúrslitum FA-bikarkeppninnar. Leikurinn fór fram á Wembley.
**22.45 Dallas - Miami** Útsending frá fjórða leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Bólivía - Kostaríka**
**17.40 Bólivía - Kostaríka**
**19.25 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.55 Maradona 1** Þættir um bestu knattspyrnumenn veraldar fyrr og síðar en í þessum þætti verður fjallað um sjálfan kónginn, Diego Armando Maradona.
**20.20 Bólivía - Kostaríka** Útsending frá leik Bólivíu og Kostaríka í Copa America 2011.
**22.05 Perú - Mexíkó** Bein útsending frá leik Perú og Mexíkó í Copa America 2011. Liðin eru í C-riðli ásamt Úrúgvæ og Chile.
**00.35 Úrúgvæ - Chile** Bein útsending frá leik Úrúgvæ og Chile í Copa America 2011. Liðin eru í C-riðli ásamt Perú og Mexíkó.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (8:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Running Wilde** (5:13) (e)
**17.00 Happy Endings** (5:13) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Life Unexpected** (8:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (1:10) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos**
**19.45 Will & Grace** (7:27)
**20.10 The Biggest Loser** (15:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.
**21.00 The Biggest Loser** (16:26) Eftir stigvaxandi óánægju lendir keppendum saman rétt áður en keppni vikunnar fer af stað.
**21.45 The Bachelor** (11:11)
**23.15 Parks & Recreation** (9:22) (e)
**23.40 Law & Order: Los Angeles** (16:22) (e)
**00.25 The Bridge** (1:13) (e)
**01.10 Smash Cuts** (11:52)
**01.35 Last Comic Standing** (5:12) (e)
**02.35 Whose Line Is It Anyway?** (e)
**03.00 The Real Housewives of Orange County** (11:12) (e)
**03.45 Million Dollar Listing** (3:6) (e)
**04.30 Will & Grace** (7:27) (e)
**04.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 John Deere Classic** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (24:45)
**13.45 John Deere Classic** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights** (13:25)
**17.45 Inside the PGA Tour** (27:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 John Deere Classic** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (24:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.10 Amazing Race** (8:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en öll með það sameiginlegt að vilja sigra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 NCIS** (22:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.30 Fringe** (20:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.15 Amazing Race** (8:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en öll með það sameiginlegt að vilja sigra.
**00.00 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**00.40 Fréttir Stöðvar 2**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Fjallað um bíladaga á Akureyri.
**21.30 Eitt fjall á viku** Efst á Arnarvatnsheiði, lokaþáttur af þremur úr safni Péturs Steingrímssonar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 22.05
### Úrúgvæ – Síle

Bein útsending frá leik Úrúgvæ og Síle í C-riðli í Copa America. Þetta eru tvö sterkustu liðin í C-riðli og það verður gaman að sjá Luis Suarez og félaga í liði Úrúgvæ takast á við Alexis Sanchez og hans félaga í liði Síle. Leikur Perú og Mexíkó hefst síðan klukkan 00.35.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki: Valtýr Guðmundsson **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Heilshugar **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og glóríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Skrafað um meistara Þórberg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Með spjót í höfðinu **21.28** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.25** Deal or No Deal **12.00** Deal or No Deal **12.35** Lark Rise to Candleford **13.25** Jonathan Creek **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.35** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **21.15** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.00** Live at the Apollo **22.45** Live at the Apollo **01.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **02.00** Live at the Apollo **02.45** Live at the Apollo **03.30** ‚Allo ‚Allo! **04.00** EastEnders

## DR 1

**11.30** Sommertid **12.00** Forandring på vej **12.30** Spise med Price **13.05** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.10** Hyrdehunden Molly **14.30** Den travle by **14.40** Byggemand Bob **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Quiz og Kærlighed **19.00** TV Avisen **19.35** Aftentour 2011 **20.00** L.A. Confidential **22.15** Streets of Blood **23.45** Medicinmanden **04.00** Noddy **04.10** Fandango med Chapper og Sokke **04.40** Kasper & Lise

## NRK 1

**08.15** Sommeråpent **09.00** Med hjartet på rette staden **09.45** Kokkekamp **10.15** Berlin, Berlin **10.40** Berlin, Berlin **11.05** Solgt! **11.35** Karanba! **12.05** Verdens varmeste strøk **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i naturen **15.00** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** På veg til Malung **18.00** Friidrett **20.00** Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **21.55** Canal Road **22.40** George Michael på scenen i London

## SVT1

**12.10** Skyll inte på mig **12.40** Nilecity 105,6 **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Undercover Boss **14.50** Flugor **14.55** Debatt **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Polisen och domarmordet **17.10** Skrotliv **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Friidrott **20.00** Nilecity 105,6 **20.30** Kniven är enda vittnet **22.15** Fåglarna **00.10** Rapport **00.15** Jämna plågor **00.45** En sång om glädje **01.10** Rapport **01.45** Vid lägerelden **02.25** Rapport




## Fjölskyldu ostabakki

Ferskt grænmeti, vínber, melónukúlur, ananas, skinka og brauð. Blár Höfðingi, hvítur Kastali, camembert, Dala-Yrja, steyptur ítalskur ostur, Búri í bitum og Óðalsostur í lengjum.




### Camembert

Hvítmygluostur. Mjúkur og bragðmildur, með ríku ostabragði. Osturinn er einstaklega mjúkur og ljúffengur. Vinsæll ostur á ostabakkann.

# OSTAVEISLA FRÁ MS



## Létt sumarsalat

Það er tilvalið að bæta góðum osti út í uppáhaldssalatið, það getur breytt einföldu salati í gómsætt veislusalat.
Hér er t.d. salat með blönduðu salati, ferskum fíkjum, hindberjum, melónukúlum, valhnetum, camembert osti í sneiðum, grófmulnum gráðaosti. sítrónuberki í strimlum. Salatsósan er gerð úr 2 msk. af sítrónusafa og 2 msk. af hunangi.

Osta er hægt að bera fram með ýmsum hætti, það má t.d. baka camembertostinn í tilbúnu smjördeigi og borða hann með góðu ávaxtamauki.

*Kynntu þér fleiri góðar hugmyndir og uppskriftir á heimasíðunni: www.ostur.is*

FABRIKAN

MJÓLKURSAMSALAN






**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ**
Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.

**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Skagfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin í Borgarnesi.

ÆVINTÝRAEYJAN olís BYLGJAN 25 ÁRA 989

**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| **3.-5. JÚNÍ** | Grindavík |
| **10.-11. JÚNÍ** | Selfoss |
| **17.-18. JÚNÍ** | Hrafnseyri |
| **24.-25. JÚNÍ** | Garður |
| **1.-2. JÚLÍ** | Sauðárkrókur |
| **8.-9. JÚLÍ** | Borgarnes |
| **15.-16. JÚLÍ** | Flúðir |
| **22.-23. JÚLÍ** | Fáskrúðsfjörður |
| **5.-6. ÁGÚST** | Dalvík |
| **12.-13. ÁGÚST** | Hveragerði |
| **20. ÁGÚST** | Reykjavík |
| **26.-28. ÁGÚST** | Skaftahlíð |

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Mér dettur fátt annað í hug en Sworn & Broken með Screaming Trees. Ástæðuna rek ég til þess að þetta er gríðarlega góð uppbygging fyrir helgina og þörf áminning um hvernig maður á að nýta tíma sinn.“*

Gunnar Sigurðarson, vallarspekingur á Mbl.is.

# Kvenfélagskonur fækka fötum á ný

„Við erum að sýna konurnar eins og þær eru, engar þvengmjóar fyrirsætur heldur venjulegar konur,“ segir Sigríður Sigurfinnsdóttir, ein af konunum í kvenfélagi Biskupstungna.

Kvenfélag Biskupstungna hefur sent frá sér ögrandi dagatal þar sem konurnar í félaginu sitja fáklæddar fyrir við ýmis störf. Héraðsfréttablaðið Dagskráin greindi frá dagatalinu í gær, en þær sendu frá sér sams konar dagatal fyrir tveimur árum sem sló í gegn að sögn Sigríðar, sem var í heyskap þegar Fréttablaðið náði í hana.

„Já, dagatalið sló í gegn. Hristi vel upp í mannskapnum. Ég held að flestir hafi haft gaman að þessu,“ segir hún. „Auðvitað storkar maður einhverjum, en það gerir ekkert til.“

Er tölvutæknin notuð til að fegra myndirnar? „Nei, þetta er bara eins og það er.“

En er eina aðferðin sem virkar til fjáröflunar að fækka fötum?

„Nei. Þetta er bara ein af þeim.“

Þetta vekur kannski meiri athygli en kökubasar?

„Já. Við erum að reyna að gera hlutina öðruvísi. Sýna að úti um allt land eru konur að gera skemmtilega hluti fyrir sjálfar sig. Þetta er rosalega gaman og við voru að stökkva út í djúpu laugina – sérstaklega þegar við gerðum þetta fyrst.“

Ágóðinn af sölu dagatalsins rennur til ýmissa góðgerðarmála, en hægt er að nálgast það í Bjarnabúð í Reykholti, Gullfosskaffi og á vefsíðunni garn.is. **- afb**



**ENGIN FEIMNI** Konurnar í Kvenfélagi Biskupstungna sátu meðal annars fyrir í Bjarnabúð í Biskupstungum. MYND/LILJA MATTHÍASDÓTTIR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarhátíðin Innipúkinn verður haldin í Iðnó um verslunarmannahelgina. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá verður Eyjólfur Kristjánsson aðalnúmer hátíðarinnar en hann treður upp með hljómsveitinni Valdimar. Það verða þó ekki bara tónlistarmenn sem troða upp á hátíðinni þetta árið því uppistandarar fá sitt pláss í dagskránni. **Ari Eldjárn**, Hugleikur Dagsson og Ugla Egilsdóttir hafa þegar verið bókuð og einhverjir fleiri gætu bæst við.



Kærustuparið **Arnar Gauti Sverrisson** og **Jóhanna Pálsdóttir** hefur ráðið sig til starfa hjá Elite á Íslandi. Arnar Gauti verður listrænn stjórnandi og Jóhanna verður framkvæmdastjóri. Þau taka við störfum Ingibjargar Finnbogadóttur og Tinnu Aðalbjörnsdóttur. Auk þess að stýra umboðsskrifstofu Elite fyrir íslenskar fyrirsætur fylgir starfinu umsjón með Reykjavík Fashion Festival. Arnar Gauti starfaði síðast hjá tímaritinu Mannlífi en Jóhanna hefur starfað sem markaðsstjóri hjá Íslenska dansflokknum. **- hdm**











DÓRA TAKEFUSA: SAKNAÐI VATNSINS OG FERSKA LOFTSINS

# Fjarstýrir skemmtistað í Köben úr 101 Reykjavík

„Það er æðislegt að vera komin heim,“ segir Dóra Takefusa, athafnakona og eigandi skemmtistaðarins Jolene í Kaupmannahöfn, en hún er flutt heim að nýju eftir fjögurra ára dvöl í Danmörku.

Dóra segir að meginástæða heimkomunnar hafi verið söknuðurinn eftir fjölskyldu og vinum. „Það var farið að toga í að koma heim. Það gekk rosalega vel í Danmörku og við höfðum það mjög gott þar, en stundum eru það bara fjölskyldan, vinirnir, vatnið og ferska loftið sem toga of fast í mann og það er þá sem maður kemur heim,“ segir Dóra, sem ætlar að halda áfram rekstri Jolene þótt hún búi hér. „Ég ætla að fjarstýra Jolene frá Íslandi. Öll mín vinna fer yfirleitt bara fram við tölvuna eða símann, svo það skiptir í raun og veru ekki máli hvort ég vinn í Nörrebro eða hér í 101 Reykjavík,“ segir Dóra, sem ætlar fyrst um sinn að fljúga út mánaðarlega og dvelja í Kaupmannahöfn nokkra daga í senn.

Um fjögur ár eru síðan Dóra flutti til Kaupmannahafnar og opnaði Jolene. Frá upphafi naut staðurinn mikilla vinsælda og var tilnefndur til ýmissa verðlauna þar ytra. „Á sínum tíma var mikil sprengja í þessum geira og allt var nýtt og öðruvísi. Þó svo að Jolene sé ekki gamall staður, þá er hann orðinn eins og Prikið og Kaffibarinn eru hér heima,“ segir Dóra og bætir við að í Danmörku sé það ekki algengt að skemmtistaðir eða barir haldi vinsældum eða stemningu til lengri tíma, svipað og gerist hér á landi.

Dóra segir það gott að vera komin aftur í ferska loftið. „Þetta er æðislegt. Ég er fegin að vera komin heim og að geta kælt mig niður. Sumrin í Danmörku eru heit og með svo miklum raka. Ferska loftið hér er yndislegt,“ segir Dóra sem kom til landsins á þriðjudag. „Núna ætlum við að fara í smá ferðalag út á land. Ætlum að koma við á Bestu útihátíðinni og fara svo á smá meira flakk.“

**kristjana@frettabladid.is**



**KOMIN HEIM** Dóra Takefusa er flutt heim til Íslands eftir fjögur ár í Kaupmannahöfn. Hún rekur áfram skemmtistaðinn Jolene. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ágúst Bogason ræður sig til BSRB

„Það var kominn tími til að breyta aðeins til,“ segir Ágúst Bogason, útvarpsmaðurinn góðkunni á Rás 2.

Ágúst hefur ráðið sig í starf upplýsingafulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, BSRB. Þar tekur hann við af Kolbeini Óttarssyni Proppé, sem sinnt hafði starfinu í tæpt ár. Ágúst hefur stjórnað þættinum Hið opinbera á Rás 2 um tíma en ákvað að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi. Hann kveðst spenntur en segir starfið töluvert frábrugðið útvarpsvinnunni. „Þetta er allt annars eðlis og aðeins meira fullorðins, en verður vonandi skemmtilegt,“ segir Ágúst, sem hefur störf hjá BSRB um miðjan ágúst.

Ágúst hættir þó ekki strax með þáttinn. „Ég verð í útvarpinu eitthvað fram á haust, þarf að klára vissar skuldbindingar þar og svo set ég það bara aðeins í frí,“ segir Ágúst að lokum. **- ka**



**HÆTTIR Í ÚTVARPINU** Útvarpsmaðurinn Ágúst Bogason hefur ráðið sig sem kynningarfulltrúa BSRB. Hann hættir í útvarpinu með haustinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SSD
SOLID STATE DRIF



## ACE TURNTILBOÐ INTEL 5

- Cooler Master HAF 922 sérhannaður turnkassi fyrir leikjavélar
- Intel Core i5 2400 Sandy Bridge örgjörvi
- 8GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 60GB Corsair Solid State Force drif
- 1TB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 2GB MSI AMD HD6950 Twin Frozr III skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi
- 600W Fortron Aurum Gold 90+ aflgjafi

**209.990**

# ALLTAF BETRA VERÐ

# TURNTILBOÐ



## ACE TURNTILBOÐ AMD 1

- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- AMD Sempron 140 örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- AMD Radeon HD3000 skjástýring
- Ubuntu Linux 11.04 stýrikerfi
- Realtek HD 7.1 hljóðkort

**44.990**

## ACE TURN AMD 2

- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- AMD Sempron 140 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB WD Blue SATA3 diskur
- Dual layer DVD skrifari
- AMD Radeon HD3000 skjástýring
- Windows 7 Home Premium 64bit
- Realtek High Def hljóðkort með 7.1

**69.990**

## ACE TURNTILBOÐ INTEL 1

- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- Intel Pentium DC E5800 örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- Intel GMA X4500 skjástýring
- Ubuntu Linux 11.04 stýrikerfi
- Realtek HD 7.1 hljóðkort

**54.990**

## ACE TURNTILBOÐ INTEL 2

- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- Intel Pentium DC E6600 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N520GT skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita
- Realtek HD 7.1 hljóðkort

**89.990**




## ACE TURNTILBOÐ AMD 4

- Cooler Master Sileo 500 turnkassi
- AMD DualCore Phenom II 555 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N450GTS skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort

**109.990**

## ACE TURNTILBOÐ AMD 5

- Cooler Master Sileo 500 turnkassi
- AMD DualCore Phenom II 555 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB AMD Radeon HD6850 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort

**129.990**

## ACE TURNTILBOÐ INTEL 3

- Cooler Master Sileo 500 turnkassi
- Intel Core i3 2100 Sandy Bridge örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB WD Blue SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N550GTX skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi

**129.990**

## ACE TURNTILBOÐ INTEL 4

- Cooler Master Sileo 500 turnkassi
- Intel Core i5 2400 Sandy Bridge örgjörvi
- 8GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N560GTX skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi

**169.990**



## ACE TURNTILBOÐ AMD 3

- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- AMD DualCore Athlon II 250 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N520GT skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita
- Realtek HD 7.1 hljóðkort

**89.990**




*Turnkassi sérhannaður með kælingu á öflugum búnaði í huga*

## ACE TURNTILBOÐ AMD XS

- Cooler Master Dominator 690 II Advanced turnkassi
- AMD QuadCore 955 Phenom II örgjörvi
- 8GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 120GB Corsair Solid State Force 3 drif
- 1TB WD Black SATA III diskur
- DVD / CD skrifari
- 2GB MSI AMD HD6950 Twin Frozr III skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita
- Realtek High Def með 7.1 Surround hljóði og True Blue-Ray
- 600W Fortron Aurum Gold 90+ aflgjafi

**219.990**

## ACE TURNTILBOÐ INTEL XD

- Cooler Master Dominator 690 II Advanced turnkassi
- Intel Core i7 2600K Sandy Bridge örgjörvi
- 8GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 120GB Corsair Solid State Force 3 drif
- 1TB WD Black SATA III diskur
- DVD / CD skrifari
- 1280MB MSI GeForce N570GTX OC skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkort með TruStudio THX
- 600W Fortron Aurum Gold 90+ aflgjafi

**269.990**

**FRÁBÆR TILBOÐ Á AUKAHLUTUM ÞEGAR KEYPT ER ACE VÉL - SÉRSMÍÐUM TÖLVUNA SEM HENTAR ÞÉR**

# ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR!

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mæta með þyrlu

Endurkomutónleikar rappsveitarinnar Quarashi verða á Bestu útihátíðinni um helgina. Liðsmenn sveitarinnar hafa lokað sig inni undanfarna daga við stífar æfingar og á morgun rennur stóra stundin upp. **Egill „Tiny" Thorarensen** og félagar eru klárir í slaginn og til að tryggja góða stemningu hyggjast þeir mæta til leiks með stæl. Quarashi-liðar munu því mæta á Gaddstaðaflatir í þyrlu sem sveima mun yfir svæðinu áður en þeir stíga á svið.

**- afb**



### Hvatt til lögbrota?

Nýr þáttur hjá hefur hafið göngu sína á Ríkisútvarpinu þar sem **Gulli Helga** endurnýjar og breytir kjallara 65 ára gamals húss í Reykjavík. Hilmar Þór Björnsson arkitekt er hugsi yfir þættinum og skrifar um hann á heimasíðu sinni. Í þættinum, sem ber heitið Gulli byggir, virðist sem verið sé að breyta lögnum og herbergjaskipan. Hilmar Þór fullyrðir að slíkar breytingar séu byggingarleyfisskyldar og skila þurfi uppdrætti til byggingarfulltrúa og sækja um formlegt leyfi. Hjá embætti byggingarfulltrúa í Reykjavík hafi þær upplýsingar fengist að engin leyfi hafi verið gefin út vegna viðkomandi húss, sem er á Nesvegi 48. Því vaknar sú spurning hvort Gulli Helga og Rúv eru að byggja í leyfisleysi og ráðleggja fólki um slíkt hið sama.

**- kóp**



## Mest lesið vísir

1. Lögreglumenn í áfallahjálp eftir útkallið
2. Barnslát: Móðirin laus úr gæsluvarðhaldi
3. IKEA opnar húsbílastæði í Garðabænum
4. Bangsamamma banaði ferðamanni í Yellowstone
5. Fólskuleg árás á unga konu í Búðardal


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Allt sem þú þarft

